




# Árs- og sjálfbærnisráðgjafi

2024

# Um skýrsluna

Íslandsbanki gefur út samþætta árs- og sjálfbærnisráskýrslu. Bankinn birtir einnig aðrar skýrslur með viðbótarefni sem ætlað er að veita hagsmunaaðilum frekari upplýsingar um tiltekið efni eins og áhættustýringu, fjárhag bankans og vinnu bankans tengda sjálfbærni.

Saman gefa þessar skýrslur heildstæða og ítarlega mynd af starfsemi bankans á árinu 2024, ásamt helstu áherslum. Skýrslurnar eru unnar í samræmi við alþjóðlegar reglur og staðla eins og alþjóðlega reikningskilastaðla (IFRS), að hluta ESRS staðla (e. European Sustainability Reporting Standards) á vegum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins og UFS leiðbeiningar Nasdaq, Greenhouse Gas Protocol, PCAF aðferðarfræðina (e. Partnership for Carbon Accounting Financials), TCFD viðmið (e. Task Force on Climate-Related Financial Disclosures), íslensk lög og evrópskar reglur.





# Efnisyfirlit

<b>1. Ávörp</b> .....	<b>4</b>
Ávarp stjórnarformanns Ávarp bankastjóra	
<b>2. Þetta er Íslandsbanki</b> .....	<b>12</b>
Viðskiptamódel Árið 2024 í tölum Tímalína 2024 Fólkið okkar: vinnustaður vaxtar	
<b>3. Stefna Íslandsbanka</b> .....	<b>18</b>
Stefna bankans 2023-2025 Ný stefna bankans, stefnuviti Íslandsbanka Fjárhagsleg heilsa	
<b>4. Við sköpum virði til framtíðar á sjálfbæran hátt</b> .....	<b>24</b>
Einstaklingar Viðskiptabanki Fyrirtæki og fjárfestar Íslandssjóðir	
<b>5. Sterkir innviðir sem byggja á fagmennsku</b> .....	<b>33</b>
Stafræn þróun og gögn Áhættustýring Regluvarsla	
<b>6. Sjálfbær Íslandsbanki</b> .....	<b>41</b>
Umhverfisþættir Félagslegir þættir Stjórnarhættir	
<b>7. Efnahagságríp</b> .....	<b>65</b>
<b>8. Fjármál og fjármögnun</b> .....	<b>70</b>
<b>9. Stjórnskipulag</b> .....	<b>74</b>

Árs- og sjálfbæriskýrsla þessi var samin á íslensku, sé munur á íslenski útgáfu og enskri þýðingu þá gildir íslenska útgáfan. Skýrslan er birt með fyrirvara um villur. Komu í ljós innsláttarvillur, misræmi eða aðrar villur áskilur Íslandsbanki sér rétt til að leiðrétta slíkar villur. Skýrslan er birt í upplýsingaskyni og því skal ekki lítið á hana sem ráðgjöf um að ráðast eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu.





# Ávörp

Ávarp stjórnarformanns  
Ávarp bankastjóra





# Ávarp stjórnarformanns

Linda Jónsdóttir

Árið 2024 var sannarlega viðburðaríkt hvort heldur sem horft er til efnahagspróunar, starfsumhverfis banka og annarra fjármálafyrirtækja eða sviptinga á vettvangi stjórnmalanna. Íslandsbanka hefur gengið vel að haga seglum eftir vindi í hávaxtaumhverfi síðasta árs og heldur áfram að gera það hluthöfum og viðskiptavinum bankans til hagsbóta. Afar jákvætt er að efnahagshorfur fari batnandi og að væntingar séu um enn frekari hjöðnun verðbólgu og þar með frekari lækkun stýrivaxta, sem Seðlabankinn hóf loks lækkun á í október síðastliðnum. Að ná niður verðbólgu og vöxtum er eitt mikilvægasta hagsmunamál okkar allra.

Bankinn stendur styrkum fótum efnahagslega en góð fjárhagsleg heilsa viðskiptavina bankans er honum ekki síður mikilvæg. Í stefnumörkun Íslandsbanka á árinu 2024 tókum við ákvörðun um að stefna bankans og staðsetning hans á markaði endurspeglar í þjónustu sem stuðlar að fjárhagslegri heilsu viðskiptavina bankans. Framsækni er nýtt gildi í stefnu bankans en mikilvægt er að vera framsækin í síbreytilegu umhverfi.

Íslandsbanki hefur lengi verið leiðandi í fræðslustarfi og staðið fyrir ótal námskeiðum, fyrirlestrum og málstofum í gegnum árin. Við viljum útvíkka það starf enn frekar og hjálpa fólki að fóta sig í krefjandi efnahagsumhverfi og auðvelda því að draga úr áhrifum verðbólgu og hárra vaxta á líf sitt. Við viljum auka yfirsýn viðskiptavina okkar yfir fjármál sín og vera samferða þeim þegar kemur að fjárhagslegri heilsu þeirra.

## Viðburðaríkt ár og spennandi tímar fram undan

Það er margt sem hefur áhrif á efnahag Íslendinga og fjármál heimila. Nýliðið ár hefur verið markað af ófriði víða í heiminum sem ekki sér fyrir endann á. Áhrif stríðsrekstrar og átaka á efnahag annarra ríkja hefur einnig áhrif hér. Þá eru blikur á lofti vegna mögulegra tollamúra sem nýr forseti Bandaríkjanna áformar að reisa, en verðhækkningar vegna tollastríðs gætu dregið úr efnahagsbata hér heima.

Þá héldu eldsumbrot á Reykjanesskaga áfram á árinu þar sem bankarnir unnu með stjórnvöldum með þátttöku í stofnun Fasteignafélagsins Þórkötlu og



“

Á íslenskum fjármálamarkaði er augljós þörf á samþættingu og mikil tækifæri eru til hagræðingar. Það eru tækifæri sem við höfum fullan hug á að skoða.



kaupum þess á íbúðarhúsnæði í eigu einstaklinga í Grindavík. Þótt eldsumbrotin hafi blessunarlega ekki reynt mikið á innviði, hafa þau haft talsverð áhrif á ferðaþjónustu, en erfitt er að greina hvort samdráttur þar ráðist af ótta við eldsumbrotin eða verðhækkunum sem hér hafa orðið. Í öllu falli krefjast þær áskoranir sem við stöndum frammi fyrir varkárni og stefnumótunar til að tryggja megi stöðugleika og áframhaldandi hagvöxt.

Lækkandi stýrivextir bera hins vegar með sér að fram undan kunni að vera spennandi tímar. Stór hluti húsnæðislána sem bera fasta vexti losna á nýju ári og því munu margir lántakendur leita að endurfjármögnunarkostum til að lækka greiðslubyrði sína. Þar höldum við áfram að vera viðskiptavinum okkar innan handar. Með lægri vöxtum aukast möguleikar fólks til sparnaðar og fjárfestinga og það er tilhlökkunarefni að fá meira líf á markaðinn. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður hefur Íslandsbanki haldið úti kröftugri starfsemi í fjárfestingarbanka og þar biða fjölmörg tækifæri.

Íslandsbanki hefur á liðnu ári vakið athygli á og unnið markvisst að því að fá aðila að borðinu til að ræða um þarfa uppbyggingu innviða. Fjárfestingarþörfin í innviðum hefur aukist í takt við íbúafjölgun og þróun samfélagsins og ætlar Íslandsbanki að vera leiðandi aðili í þessum mikilvægu verkefnum. Meðal verkefna má nefna uppbyggingu í tengslum við samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins þar sem tryggja þarf fjárfestingu í stórum verkefnum. Íslandsbanki vill taka virkan þátt í fjármögnun slíkra framkvæmda og vera þannig hreyfiafl til góðra verka.

### Íslandsálagið er hamlandi

Rekstrarumhverfið sem íslenskum fjármálafyrirtækjum er búið hefur í för með sér sínar eigin áskoranir. Hér á landi eru kröfur um eigið fé banka mun hærrí en í þeim löndum sem við viljum bera okkur saman við. Eiginfjárfrafan sem íslenskir bankar búa við nemur 10 til 13 prósentum af heildareignum, sem er umtalsvert meira en á Norðurlöndum þar sem hlutfallið er alla jafna 3,0 til 3,5 prósent. Háar eiginfjárfkröfur leiða svo til meiri kostnaðar við lánveitingar, sem veikir samkeppnishæfni íslenskra fyrirtækja á alþjóðlegum markaði. Hátt eiginfjárlutfall kallar líka á að fjármálafyrirtæki skili

meiri hagnaði til að arðsemi sé ásættanleg, sem aftur hefur áhrif á þau kjör sem íslenskir bankar geta boðið.

Með skýrslunni „Þjóðhagsleg áhrif og rekstrarumhverfi fjármálageirans á Íslandi“ sem Intellecton vann fyrir Samtök fjármálafyrirtækja síðastliðið haust var meðal annars lagt mat á svonefnt „Íslandsálag“ sem til er komið vegna hvers kyns áлага og skilyrða sem stjórnvöld hafa sett á rekstur banka hér á landi. Endurskoðun á því umhverfi, með einföldun regluverks og afnámi sértækra gjalda sem hér eru lögð á fjármálafyrirtæki, væri til þess fallin að styðja við getu fjármálafyrirtækja til að lækka vexti og bjóða betri kjör, umfram þau áhrif sem lægri stýrivextir hafa.

Í skýrslunni er áætlað að útlánavextir íslenskra viðskiptabanka kunni að vera ríflega einu prósentustigi hærrí en ella vegna Íslandsálagsins eins. Hluti af því eru viðbótarskattar sem íslenskum bönkum er gert að greiða og skerða samkeppnishæfni þeirra við erlenda banka. Samanburður við Evrópulönd sýnir að skattar á íslenska bankakerfið eru mjög háir, íslenskir bankar greiða tvöfalt til þrefalt hærrí skatta en að meðaltali innan Evrópusambandsins og á hinum Norðurlöndunum ef horft er til skattgreiðslna í hlutfalli við áhættuvegnar eignir bankanna. Hér á landi eru lagðir á þrenns konar sértækir skattar, bankaskattur, fjársýsluskattur og sérstakur fjársýsluskattur til viðbótar við sértæk gjöld og leggjast þeir á skuldir, laun og hagnað fjármálafyrirtækja. Þrátt fyrir að sértæk kostnaðarbyrði á fjármálafyrirtæki sé hæst hér á landi voru álögur auknar enn frekar á árinu og mikilvægt að huga að samkeppnishæfni í þessu samhengi. Augljóst rými er til úrbóta hvað þetta varðar og afar mikilvægt að skapa sambærilegt rekstrarumhverfi og í öðrum löndum í kringum okkur, ekki síst til að unnt sé að bæta kjör viðskiptavina bankanna.

## Verðtryggingarójöfnuður

Fjármögnun banka, sem í grunninn er til skemmri tíma en útlán eru til lengri tíma að meðaltali, getur verið torskilin. Þannig vakti athygli þegar Íslandsbanki hækkaði verðtryggða vexti sína í nóvember 2024 á sama tíma og hann lækkaði óverðtryggða vexti í takti við lækkun stýrivaxta. Þarna komu til áhrif svonefnds verðtryggingarójafnaðar, sem vísar til mismunar á verðtryggðum eignum og verðtryggðum skuldum bankans. Verðtryggingarójöfnuður innlendra banka hefur aukist mikið á skömmum tíma í kjölfar þess að lántakendur hafa margir verið að færa sig yfir í „skjól“ verðtryggðra lána vegna hárra vaxta á óverðtryggðum lánnum. Samfara því hafa verðtryggð útlán aukist umfram það sem bankarnir hafa geta fjármagnað með verðtryggðum skuldum, hvort sem er með innlánnum eða útgáfu skuldabréfa. Tímabundið greiða því bankar hærri vexti en þeir innheimta af verðtryggðum lánnum vegna kostnaðar við fjármögnun þeirra með óverðtryggðum innlánnum eða nýjum skuldabréfaútgáfum. Með frekari lækkun á stýrivöxtum má búast við að jafnvægi náist aftur í þessum eignum á nýju ári. En þangað til kunna breytingar á verðtryggðum útlánakjörum að virðast torskildar eins og þegar verðtryggðir vextir hækka á sama tíma og óverðtryggðir stýrivextir lækka. Kostnaður bankans af þessari þróun hefur verið talsverður en við væntum þess að vaxtaáðhald Seðlabanka Íslands, sem nú er í hæstu hæðum, muni leiða til betra jafnvægis á nýju ári.

## Umbætur og tækifæri

Árið 2024 hélt vinna við umbætur á peningaþvættisvörnum áfram hjá Íslandsbanka. Um mitt ár tók bankinn sáttarboði fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands og greiddi sekt vegna brotalama í vörnum bankans gegn peningaþvætti sem uppgötvaðust

í reglubundnu eftirliti fjármálaeftirlitsins. Bankinn réðst þegar í umfangsmiklar úrbætur í samstarfi við erlent ráðgjafafyrirtæki með það fyrir augum að endurbæta bæði stjórnskipan og verklag bankans tengt þessum vörnum. Ráðist var í miklar fjárfestingar í innviðum og tæknilausnum og hefur aukin áhersla verið lögð á málaflokkinn hjá stjórn og stjórnendum bankans. Varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka eru viðvarandi verkefni sem stöðugt verður unnið að og verða verkferlar bankans í sífelldri endurskoðun í samstarfi við eftirlitsaðila í takti við þróunina í málaflokknum. Ríkar skyldur eru lagðar á fjármálafyrirtæki í þessum eignum og mun Íslandsbanki leggja sig fram um að uppfylla þær að fullu.

Efnahagur Íslandsbanka er sterkur og verði dregið úr kröfum um eigið fé fjármálafyrirtækja eru í því augljós tækifæri fyrir bankann. Við sjáum fyrir okkur áframhaldandi vöxt bankans og höfum þar til skoðunar jafnt innri sem og ytri vöxt. Á íslenskum fjármálamarkaði er augljós þörf á samþættingu og mikil tækifæri eru til hagræðingar. Það eru tækifæri sem við höfum fullan hug á að skoða.

Gert var ráð fyrir að ríkið myndi á árinu 2024 selja helming af þeim 42,5 prósentum sem það á enn af útgefnu hlutafé í bankanum og að það sem eftir stæði yrði selt á árinu 2025. Salan sem fyrirhuguð var í lok árs 2024 frestaðist við þingrof og stjórnarskipti, en ötullega hafði verið unnið að undirbúningi hennar innan bankans. Íslandsbanki var ekki á meðal umsýjaraðila sölunnar og einbeitt sér að því að tryggja sem bestan rekstur bankans og arðsemi, sem ýtir undir áhuga kaupenda, auk þess að veita þær upplýsingar sem þarf um reksturinn vegna sölunnar. Af hálfu bankans er allt tilbúið og við erum reiðubúin að taka upp þráðinn

á ný þegar stjórnvöld taka af skarið um áframhald söluferlisins. Það er skoðun stjórnar og stjórnenda bankans að rétt sé að halda áfram með þau áform um að selja eftirstandandi eignarhlut ríkisins við fyrsta tækifæri svo ná megi yfirlýstu markmiði ríkisins um að losa bankann úr opinberu eignarhaldi. Við tímamót af því tagi skapast oft tækifæri og bankinn er spenntur að mæta nýjum straumum sem kunna að leiða af slíkum breytingum.

## Þakki til starfsfólks

Það hefur verið mikill heiður og ánægja að sitja í stjórn Íslandsbanka og vil ég þakka stjórn fyrir kraft, samheldni, metnað fyrir hönd bankans og skemmtilegt samstarf á árinu. Íslandsbanki hefur einsett sér að vera hreyfiafl til góðra verka og við það hefur hann staðið með stuðningi þess frábæra fólks sem hjá bankanum starfar. Á þetta jafnt við um stuðning bankans við margvísleg málefni og þau verkefni sem viðskiptavinir bankans takast á við.

Starfsfólk bankans hefur tekist á við margvíslegar umbætur sem unnið hefur verið að innan bankans. Með fullt farteski af reynslu og þekkingu er mikill sóknarhugur í Íslandsbankafólki og fjölmörg tækifæri sem bíða okkar á nýju ári.

Ég þakka starfsfólki bankans þeirra framlag og Jóni Guðna Ómarssyni styrka stjórn bankans. Hjá Íslandsbanka hefur verið mörkuð skýr sýn og stefna til framtíðar, með áherslu á afbragðs þjónustuuþplifun viðskiptavina á öllum sviðum og að skapa virði til framtíðar, íslensku samfélagi til heilla. Við horfum björtum augum á nýtt ár og hlökkum til að takast á við spennandi verkefni og tækifæri með viðskiptavinum okkar, sem hreyfiafl til góðra verka í samfélaginu.



# Ávarp bankastjóra

Jón Guðni Ómarsson

Uppbygging og nýr þróttur einkenndu starfsemi bankans árið 2024. Mikil fjárfesting hefur átt sér stað í innviðum og stjórnarháttum til að byggja undir framtíðarvöxt og enn betri þjónustu við viðskiptavinum. Árið einkenndist einnig af umróti í íslensku efnahagslífi, þar sem jarðhræringar á Reykjanesskaga höfðu töluverð áhrif á fasteignamarkaðinn og ferðaþjónustu. Háir vextir og verðbólga voru viðvarandi fyrstu mánuði ársins, en lækkun á haustmánuðum var kærkomin vítamínsprauta á verðbréfamarkaði og fyrir atvinnulífið.

Síðasta ár markaði líka ákveðin tímamót fyrir bankann. Eftir mikið umbótatímabil hófum við vinnu við nýja stefnu sem tekur mið af áherslum stjórnar, stjórnenda og starfsfólks. Sú vinna gekk vel og haldnar voru vinnustofur með öllu starfsfólki og utanaðkomandi ráðgjöfum. Í upphafi 2025 var ný stefna bankans, Stefnavitinn, kynnt fyrir starfsfólki þar sem fjárhagsleg heilsa viðskiptavina okkar er leiðarljósið. Þetta fer vel með hlutverki bankans að vera hreyfiafl til góðra verka. Hreyfiaflið endurspeglast í daglegri starfsemi bankans, hvort sem við aðstoðum viðskiptavinum við að koma yfir sig þaki, stofna fyrirtæki eða auka þægindin almennt í bankaþjónustu. Í stefnunni tiltökum við fjórar stefnuáherslur sem eiga að styðja við þá vegferð að fjárhagsleg heilsa okkar viðskiptavina sé efl. Bankinn hefur um langt skeið verið leiðandi þegar kemur að fræðslumálum og við ætlum okkur að stíga enn frekari skref til að hjálpa viðskiptavinum að hafa yfirsýn og ná árangri í sínum fjármálum.

## Krefjandi ár hárra vaxta

Það var seigla í heimilum og fyrirtækjum landsins á síðasta ári í umhverfi hárra vaxta. Undir lok árs 2024 sáum við loks lækkun á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands og erum við bjartsýn á að lækkunarferlið haldi áfram með stöðugum hætti þó ýmsar blikur séu á lofti í alþjóðamálum. Við fylgdumst vel með stöðu okkar viðskiptavina sem margir hverjir endurfjármöggnuðu lánin sín með verðtryggðum lánnum en einnig buðum við upp á þann möguleika að greiddar voru fastar greiðslur tímabundið til að lækka greiðslubyrði.



“

Bankinn hefur um langt skeið verið leiðandi þegar kemur að fræðslumálum og við ætlum okkur að stíga enn frekari skref til að hjálpa viðskiptavinum að hafa yfirsýn og ná árangri í sínum fjármálum.



Við sáum þó ekki aukningu í vanskilum sem sýnir ákveðinn prótt en hætta er á að það hlutfall geti hækkað á nýju ári ef vextir lækka ekki hratt.

Við vöktum athygli á þeirri áhættu sem skapast hefur í bankakerfinu við mikla ásókn viðskiptavina í verðtryggð lán. Verðtryggingarófnuður íslensku bankanna hefur tífaldast á innan við tveimur árum, sem eykur sveiflur í afkomu þeirra. Með áframhaldandi lækkun vaxta og verðbólgu vonumst við til að geta lækkað vexti á lánum til okkar viðskiptavina sem allra fyrst. Nokkur fjöldi viðskiptavina er með lán á föstum vöxtum sem koma til endurskoðunar í ár og við munum halda áfram að fylgjast vel með og aðstoða viðskiptavini í þeirri stöðu.

Það eru alltaf tvær hliðar á málum og háir vextir hafa vissulega gagnast innlánseigendum bankans. Ávöxtun er vinsælasti sparnaðarreikningur bankans og fjölgaði þeim reikningum úr 20 þúsund í 55 þúsund á síðasta ári. Um 12 þúsund viðskiptavinir velja að ávaxta fé sitt í sjóðum Íslandssjóða, en einstaklingar sem og fyrirtæki geta valið úr fjölbreyttri flóru sjóða, sem henta vel fyrir sparnað og fjárfestingar til skemmri og lengri tíma. Íslandssjóðir, dótturfélag bankans, er elsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins sem fagnaði 30 ára afmæli á síðasta ári. Félagið ber aldurinn vel og er fagmennskan þar í fyrirrúmi og er horft til þess að ná sem bestri ávöxtun til lengri tíma litið. Nýr sjóður var kynntur til leiks á árinu, IS Vaxtastefna, en sjóðurinn er opinn sjóður fyrir viðskiptavini Íslandsbanka í gegnum app og netbanka. Sjóðurinn er með rýmri heimildir en skuldabréfasjóðir almennt og getur hann því gripið tækifæri sem kynnu að skapast í komandi vaxtalækkunarferli.

Mikil sókn hefur verið hjá Eignastýringu bankans og höfum við séð aukningu í fjölda viðskiptavina. Við höfum kappkostað við að veita góða ráðgjöf og þjónustu á sveiflukenndum markaði en óhætt er að segja að margir horfi til tækifæranna 2025. Í eignastýringu er það þolinmæðin sem þrautir vinnur og að biða af sér sveiflurnar. Við höfum haldið úti öflugri fræðslu og glæsilegum viðburðum fyrir viðskiptavini Eignastýringar og má þar til dæmis nefna reglulegar kynningar á spennandi félögum í fundaröð sem hefur hlotið yfirskriftina „Kynnumst Kauphöllinni“.

Miðlun gjaldeyris, hlutabréfa og skuldabréfa var kröftug hjá bankanum þrátt fyrir krefjandi ár á mörkuðum. Bankinn var með hæstu veltuna í hlutabréfamíðlun í tíu mánuði af tólf á árinu. Við lítum því björtum augum á komandi ár og stefnum á enn frekari sókn.

### Þjónusta og upplifun

Þjónusta er stór hluti af menningu Íslandsbanka og við höfum á árinu unnið að öflugri markhópagreiningu til að geta þjónustað viðskiptavini okkar enn betur. Við höfum eftt krosssölu og stefnum á öflugra sókn í stafrænum snertingum á nýju ári.

Hluti af markhópagreiningu bankans var að auka samféllu í þjónustu við einstaklinga sem eru jafnframt í fyrirtækjarekstri eða eru í umfangsmiklum viðskiptum við bankann. Sú þjónusta heitir Tindur og hefur sterka skírskotun í vegferð viðskiptavina sem stefna á tindinn hvað fjárhagslega heilsu varðar. Þjónustan var í prófun í lok árs 2024 og hefur gengið vonum framár. Við hlökkum til að kynna þjónustuna enn betur fyrir viðskiptavinum okkar og fjölga í hópnum.



Leiðarljós nýrrar stefnu er að efla fjárhagslega heilsu viðskiptavina okkar. Við höfum því tilkynnt um samstarf bankans og VÍS þar sem við munum auka við þjónustu við viðskiptavinum og bjóða betri kjör. Íslandsbanki og VÍS leggja mikla áherslu á framúrskarandi þjónustu og munu nýta öflug vildarkerfi til að bjóða viðskiptavinum betri kjör. Með því trúum við að viðskiptavinir fái betri yfirsýn yfir sín fjármál. VÍS mun vera með sýnileika í öllum dreifileiðum bankans og vera með aðstöðu í nokkrum af útibúum bankans. Við hlökkum til að kynna samstarfið betur á vormánuðum.

### Leiðandi á fyrirtækjemarkaði

Íslandsbanki mældist með hæstu markaðshlutdeildina meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja í lok síðasta árs og nam hún 43% á höfuðborgarsvæðinu. Bankinn mælist með hæsta meðmælendaskor (NPS) meðal þess viðskiptavinahóps og er sú mæling sérstaklega sterk úti á landi. Við státum okkur líka af því að meirihluti þeirra framúrskarandi fyrirtækja sem fá verðlaun Creditinfo eru viðskiptavinir okkar.

Eftirspurn eftir nýjum útlánnum hefur verið í takt við væntingar, en minni eftirspurn var eftir bílálánnum enda samdráttur í sölu nýrra bíla á Íslandi. Lítið hefur verið um vanskil meðal fyrirtækja í krefjandi umhverfi og höfum við reynt að mæta þörfum þeirra eins og kostur er.

Persónuleg þjónusta er lykilatriði í þjónustu við fyrirtæki en samhliða því verðum við að hafa öflugar stafrænar lausnir sem við höfum þróað hratt að undanförunum. Aldrei hefur verið jafn einfalt að hugsa um bókhaldið þegar Payday er komið í appið og innheimtuþjónustan er bæði aðgengileg í appi og netbanka. Ný lausn í útgjaldastýringu mun einnig einfalda fyrirtækjum að halda utan um kostnað á fyrirtækjakortum með því að vista kvittanir í appi og færa beint í bókhaldið.

### Gagnadrifinn banki

Við munum nota gögn með enn markvissari hætti til að bjóða rétta þjónustu á réttum stað. Á síðasta ári nýttum við okkur sjálfvirkar markaðsaðgerðir með frábærum árangri og sjáum mikil tækifæri til sóknar á nýju ári. Við teljum að besta þjónustan sé rétta blandan af stafrænni og persónulegri þjónustu og vitum að sú síðari verður alltaf mikilvæg fyrir stærri ákvarðanir. Það er fastmótað í menningu starfsfólks Íslandsbanka að vera þjónustumiðað og kom það mjög skýrt fram í stefnumótun bankans að því er umhugað um að veita framúrskarandi þjónustu. Til þess þurfum við öflugt fólk og öflugar dreifileiðir en í dreifileiðum bankans fögnuðum við mörgum sigrum á síðasta ári. Í appinu er hægt að gera nær allt sem þarf í bankaþjónustu og er nú meðal annars hægt að greiða inn á lán, fylgjast með séreignarsparnaði, stofna reikninga og sækja um stafrænt debetkort. Okkur er líka mjög annt um öryggi viðskiptavina í heimi þar sem svik eru stöðugt að aukast. Tilheyrandi öryggisstillingar eru í appinu en við bjóðum einnig upp á svikavakt sem er til taks allan sólarhringinn. Spjallmennið okkar Fróði verður líka stöðugt fróðara og getur nú lokað kortum ef þess þarf og pantað ný. Við erum líka sérstaklega stolt af því að Fróði hlaut annað árið í röð alþjóðleg verðlaun fyrir að vera viðkunnanlegasta spjallmennið á Boost Camp, árlegri ráðstefnu Boost.ai, þjónustuaðila Fróða.

Við fjárfestum mikið í kerfum og gögnum á árinu, sem hefur meðal annars skilað sér í enn betri uppítíma allra kerfa. Eins tókum við stór skref í sjálfvirkni í lánveitingum og styðja betri gögn okkur enn betur við stafræna sölu. Fríðindakerfið okkar, Fríða, tók miklum framförum á árinu og eru nú gögn vegna debetkorta komin í rauntíma þar sem viðskiptavinir geta séð strax þær endurgreiðslur sem von er á. Við sjáum mikil

tækifæri í vildarkerfinu okkar samhliða enn hnitmiðaðri markhópagreiningu á nýju ári.

### Framsækin hugsun

Gildi Íslandsbanka í nýrri stefnu eru framsækni, samvinna og fagmennska. Framsækni er nýtt gildi sem var valið í framhaldi af samtali við starfsfólk og viðskiptavinum. Þetta endurspegladist vel í árlegum viðburði okkar sem heitir Heilahristingur þar sem starfsfólk kemur með hugmyndir að nýjum vörum eða þjónustu. Í þeirri keppni komu fram fjölmargar framsækningar hugmyndir um það hvernig við getum eftt þjónustu okkar og munum við kynna nýjungar þar snemma á nýja árinu.

Þá er horft til þess að auka fjölbreytni við ákvarðanir og fá aukna aðkomu ungs fólks. Framkvæmdastjórn bankans ákvað því að skipa ungmennaráð framkvæmdastjórnar, sem er samansett af starfsfólki bankans sem tilheyrir Z-kynslóðinni eða fólki sem fæddist eftir 1997. Sá hópur mun funda reglulega og fá að hafa áhrif á ákvarðanatöku í bankanum og verður spennandi að fylgjast með þessu þróast áfram. Samhliða höfum við eftt nýsköpun í daglegri starfsemi bankans þar sem starfsfólk mun með virkari hætti taka þátt í að þróa og búa til nýjungar í bankaþjónustu. Það er því óhætt að segja að ferskir vindar muni leika um Íslandsbanka á árinu.

### Arðbær vöxtur

Arðbær vöxtur er ný stefnuáhersla bankans sem felur meðal annars í sér að bankinn er stöðugt að leita vaxtartækifæra með arðsemi að leiðarljósi þar sem við horfum bæði til innri og ytri vaxtar. Við leggjum áherslu á að efla viðskiptatengsl innan sem utan landssteinanna og vera leiðandi í innviðafjárfestingum. Áfram verður







áhersla á besta nýtingu eiginfjár og skilvirkni í rekstri bankans. Þá viljum við styðja við ört vaxandi fyrirtæki með viðeigandi vörum og þjónustu.

Vinnu við innleiðingu á sjálfbærni markmiðum sem sett voru árið 2020 til fimm ára lauk á árinu sem leið og gekk sú innleiðing vel. Á nýju ári mun bankinn setja sér ný og metnaðarfull markmið á sviði sjálfbærni til ársins 2030. Hlutverk okkar sem hreyfiafl kemur vel fram í samtölum okkar við viðskiptavinum. Við tókum þátt í þeirra vexti og áskorunum og höfum átt gott samtal við þá um sjálfbærni á árinu. Á síðasta ári var 23% vöxtur í sjálfbærum útlánnum og munum við halda áfram að sækja fram á þessum vettvangi á nýju ári. Góður vöxtur var í heildarlánasafni bankans á árinu sem leið, og óx það um samtals 6% á milli ára. Allar viðskiptaæiningar lögðu til við aukninguna, þótt vöxturinn hafi verið mestur í húsnæðislánnum.

#### **Innviðabankinn**

Svið Fyrirtækja og fjárfesta hefur lagt mikla áherslu á innviði landsins og haldið á lofti mikilvægi þess að huga að þeirri fjárfestingarþörf sem hefur myndast þar. Við gerðum þetta að umfjöllunarefni okkar á vel heppnuðu Fjármálaþingi bankans síðastliðið haust þar sem við beindum sjónum okkar að uppbygginu landeldis á Íslandi. Við munum halda áfram að leggja áherslu á innviði og taka virkan þátt í þeirri uppbyggingu sem þar er fram undan. Til þess munum við nýta skýrslur og greiningar þar sem möguleikar á samstarfi einkaaðila og opinbera aðila eru meðal annars til umfjöllunar.

#### **Besta liðið**

Að lokum vil ég þakka starfsfólki bankans fyrir frábæra vinnu á árinu. Þessi hópur hefur sýnt og sannað að hann notar krefjandi tíma til lærdóms og mætir enn sterkari til leiks reynslunni ríkari. Stefnumótunin hefur verið spennandi og skemmtileg, með aukinni aðkomu starfsfólks bankans. Ég er sannfærður um að við færum Íslandsbanka inn í spennandi tíma þar sem enn öflugri þjónusta og gögn verða lykillinn að árangri.

Ég vil þakka viðskiptavinum okkar fyrir samstarfið og viðskiptin á árinu. Þetta var krefjandi ár í efnahags- umhverfinu og við erum spennt að takast á við nýjar áskoranir með ykkur á nýju ári þar sem tækifærin bíða. Bankinn stendur sterkum fótum og sækir nú fram með fjárhagslega heilsu viðskiptavina okkar að leiðarljósi.



# Þetta er Íslandsbanki

Viðskiptamódel

Árið 2024 í tölum

Tímalína 2024

Fólkið okkar: vinnustaður vaxtar



Hlutverk Íslandsbanka er að vera hreyfiafl til góðra verka með því að skapa virði til framtíðar á sjálfbæran hátt fyrir viðskiptavinum okkar, hluthafa, starfsfólki og samfélagið allt.

Við eflum  
fjárhagslega heilsu  
viðskiptavina  
okkar.

 Fyrir hverja	<p><b>Einstaklingar</b></p> <p>Heimili og einstaklingar.</p>	<p><b>Viðskiptabanki</b></p> <p>Lítill og meðalstór fyrirtæki um allt land.</p>	<p><b>Fyrirtæki og fjárfestar</b></p> <p>Stærri fyrirtæki, lífeyrissjóðir, sveitarfélög, verðbréfasjóðir, fagfjárfestar og efnameiri einstaklingar.</p>	<p><b>Íslandssjóðir</b></p> <p>Fjölbreyttur hópur fjárfesta og sparifjáreigenda.</p>
 Hvað	<p>Fjölbreytt úrval af innlánsreikningum, greiðslukortum, húsnæðislánum og öðrum lánum ásamt séreignarsparnaði.</p>	<p>Fjölbreytt úrval af fjármögnunarkostum, innlánsreikningum, innheimtuþjónustu, kröfufjármögnun og greiðslumiðlun.</p>	<p>Fjölbreytt úrval af fjármögnunarkostum auk gjaldeyrismiðlunar, verðbréfamiðlunar, fyrirtækjaráðgjafar, verðbréfaráðgjafar, eignastýringar og fjárfestingarráðgjafar.</p>	<p>Fjölbreytt úrval skuldabréfasjóða, hlutabréfasjóða, blandaðra sjóða og sérhæfðra sjóða ásamt fasteignasjóðum, lánasjóðum og framtakssjóðum.</p>
 Hvernig	<p>Viðskiptavinir geta afgreitt sig sjálfir í gegnum stafrænar lausnir en hafa greiðan aðgang að húsnæðis- lánaþjónustu, lífeyrisþjónustu og neyðarþjónustu vegna korta.</p>	<p>Viðskiptavinir hafa aðgang að alhliða fjármálaþjónustu auk Ergo, fjármögnunarþjónustu bankans.</p>	<p>Viðskiptavinir hafa aðgang að klæðskerasniðinni þjónustu með þarfir hvers og eins að leiðarljósi.</p>	<p>Viðskiptavinir hafa greiðan aðgang að sjóðum Íslandssjóða í gegnum dreifileiðir bankans ásamt Verðbréfaráðgjöf og Eignastýringu Íslandsbanka.</p>



# Árið 2024 í tölum

## Bankinn

**733**  
heildarfjöldi  
stöðugilda í  
lok árs



**12** útibú



Skráður á aðalmarkað  
Nasdaq Iceland frá júní 2021


## Lánshæfi og staðfestingar

**S&P Global** **BBB+/A-2**  
Ratings Jákvæðar horfur

**MOODY'S** **A3**  
Stöðugar horfur



## NPS þróun Íslandsbanka



## Helstu tölur 2024

Arðsemi (ROE)	<b>10,9%</b>
Kostnaðarhlutfall	<b>43,9%</b>
Eiginfjárhlutfall þáttar 1	<b>20,1%</b>
Eiginfjárhlutfall	<b>23,2%</b>
Lausafjárþekjuhlutfall Samstæða, allir gjaldmiðlar	<b>168%</b>
Fjármögnunarhlutfall Samstæða, allir gjaldmiðlar	<b>125%</b>
Vogunarhlutfall	<b>13,2%</b>
Heildareignir	<b>1.608 ma. kr.</b>

## Sjálfbærni

**23%** vöxtur í **sjálfbærum útlánum** á árinu.

Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka veitti alls **50 m.kr. í fjórtán sjálfbærnitengd** nýsköpunarverkefni á árinu.

**93% af útlánaáhættu** bankans sem meta á út frá UFS áhættuþáttum hafði verið metin í lok árs.<sup>1</sup>

## Stafrænir áfangar

Innleiðing nýs líkans í **peningaprættisvörnum** og við framkvæmd áreiðanleikakannana.


**Auðkenning með lífkenni** í appinu fyrir innlendar greiðslur.

Starfsfólk bankans hóf samskipti við **SAM**, innra spjallmenni Íslandsbanka, og tenging við gæðahandbók bankans er væntanleg.



# Tímalína 2024

Smelltu á fréttina fyrir nánari upplýsingar




# Fólkið okkar: vinnustaður vaxtar

Kjarninn í mannauðsstefnu Íslandsbanka er rík áhersla á fræðslu og vöxt, heilsu og vellíðan og nútímalegt vinnuumhverfi. Við verðum líka að ganga úr skugga um að boðin séu samkeppnishæf starfskjör og hlunnindi og að vandað sé til verka í ráðningum og móttöku nýs starfsfólks. Við trúum því að þarna getum við haft raunveruleg áhrif, að áherslur bankans í mannauðsmálum stuðli að helgaðra starfsfólki sem leggur sig fram við að skila framúrskarandi starfi, sem á endanum leiðir til betri árangurs og afkomu bankans.



## Mannauðspríhyrningur



## Árangursmenning

Árangursdrifin menning felur í sér að skapa umhverfi þar sem starfsfólk nær árangri í starfi, því árangur ýtir undir sjálfstraust og betri líðan starfsfólks. Árangursmenning byggir á skýrum markmiðum, tímanlegri endurgjöf, viðurkenningu fyrir góða frammistöðu og skýrum leiðum til vaxtar. Með því að samþætta árangursdrifna menningu í daglegt starf, hvetur það okkur til nýsköpunar og styrkir ánægju og helgun.

Til að styðja okkur á þessari vegferð höfum við fjárfest í hugbúnaðarlausn sem kallast Lattice. Með Lattice erum við að skerpa á reglubundnum samtölum starfsfólks og stjórnenda, sýnilegum markmiðum, endurgjöf og þróun starfsfólks. Stjórnendur fá betra verkfæri til að styðja við frammistöðu starfsfólks, setja skýr markmið, hvetja til árangurs og veita reglulega endurgjöf. Á endanum eru það stjórnendur okkar sem eru hinir eiginlegu mannauðsstjórar á degi hverjum.

Við vitum að endurgjöf er ómissandi til að stuðla að persónulegum vexti, bæta frammistöðu og auka ábyrgðartilfinningu. Endurgjöfin er líka mikilvæg þegar kemur að starfsþróunarsamtölum. Við höfum ríka þörf til að vaxa og þróast í starfi og skiptir því máli að skapa starfsumhverfi þar sem fólk fær tækifæri til þess.

Hafsteinn  
Bragason  
Mannauðsstjóri



## Árangur er sameiginleg ábyrgð

Undanfarin ár hafa reynt á bæði starfsfólk og viðskiptavinum okkar, þar sem aðstæður á mörkuðum hafa verið krefjandi. Há verðbólga, hátt vaxtastig og óvissa í efnahagsmálum hafa skapað áskoranir sem kalla á aðlögunarhæfni, seiglu og styrk. Þetta hefur haft áhrif á bæði daglegt líf okkar og viðskiptavina – sem eru einnig hluti af okkar teymi.

Við höfum nýtt þessar aðstæður til að styrkja innviði okkar og leggja meiri áherslu á að innleiða það sem við köllum árangurs- og ábyrgðarmenningu í starfsemi bankans. Það hefur falið í sér að skýra og einfalda markmið, ákvörðunartöku og ábyrgð í öllu starfi. Enn fremur að efla liðsanda og sameiginlega ábyrgð á árangri – því saman náum við árangri. Við höfum náð að viðhalda hárrí starfsánægju, mikilli helgun og samheldni. Við erum stolt af því hvernig við höfum staðið saman og nýtt áskoranir til að verða enn sterkari.

Á næstu misserum ætlum við að halda áfram að byggja upp árangursdrifid og ábyrgðarfyllt starfsumhverfi þar sem starfsfólk okkar getur blómstrað og viðskiptavinir upplifað trausta og framsækna þjónustu. Við erum bjartsýn á framtíðina og horfum á hana sem tækifæri til að gera enn betur.



## Fræðsla og vöxtur

Okkar leiðarljós í mannauðsmálum er að bankinn sé vinnustaður vaxtar en þörfin til að læra og vaxa er ein af grunnþörfum fólks. Því er mikilvægt að þróa og hlúa að færni og þekkingu starfsfólks því slíkt mun á endanum skila sér í aukinni starfsánægju og helgun.

Starfsþróun í bankanum er með ýmsum hætti og getur til dæmis falist í því að taka að sér ný verkefni, nýtt hlutverk, kynna sér starfsemi annarra deilda eða leiðbeina öðrum. Jafnframt stendur starfsfólki til boða markþjálfun og starfsþróun með lærimeistara með það að markmiði að gera næstu skref í starfsferlinum markvissari og mögulega opna nýjar dyr að tækifærum í framtíðinni.

Við bjóðum upp á öflugt og fjölbreytt fræðslustarf þar sem starfsfólk getur sótt sér fræðslu og þjálfun sem styrkir það faglega og persónulega. Við eigum í góðu samstarfi við ytri fræðsluaðila og stór hópur starfsfólks sinnir fræðslu og miðlar mikilvægri þekkingu innanhúss.

Á árinu settum við aukna áherslu á þjálfun fyrir nýja stjórnendur sem eru að hefja störf hjá bankanum eða að taka við stjórnendahlutverki í fyrsta sinn. Sú vegferð mun halda áfram á nýju ári en stjórnendaþjálfun okkar miðar að því að styðja vegferð í að innleiða árangursmenningu og kjarninn í henni er þá sem fyrr segir endurgjöf og markmiðasetning. Þannig getur Lattice kerfið verið mikilvægt tæki stjórnenda í leiðtogahlutverkinu.

Íslandsbanki á í góðu samstarfi við háskóla landsins og býður upp á starfsnám fyrir nemendur á ýmsum sviðum háskólanáms og í ár réðum við um 100 einstaklinga í sumarstörf sem margir hverjir verða hluti mannauðs bankans í framtíðinni.

Samvinna er eitt af þremur gildum Íslandsbanka og með það að leiðarljósi settum við af stað svokölluð hraðstefnumót deilda í ár. Í því verkefni bjóða deildir öðrum deildum í heimsókn með það að markmiði að fá betri innsýn í ólík störf og verkefni. Mikil ánægja hefur verið með þessar heimsóknir og í þeim fær starfsfólk tækifæri til að kynnast og tengjast hvert öðru þvert á deildir.

Á hverjum föstudegi bjóðum við til rafræns morgunbolla þar sem starfsfólk bankans tekur að sér að fjalla um mismunandi málefni og deila þekkingu sinni.

## Heilsa og vellíðan

Við leggjum okkur fram við að skapa umhverfi sem styður við heilsu, ánægju og vellíðan starfsfólks, jafnt í vinnu sem og í einkalífi. Mikil áhersla er lögð á góð og uppbyggileg samskipti, liðsheild og heilbrigða vinnustaðamenningu þar sem traust og virðing ríkir. Við viljum að starfsfólk geti tjáð hug sinn, sett fram nýjar hugmyndir, spurt spurninga og gert mistök. Það eykur líkurnar á að starfsfólk upplifi sálfræðilegt öryggi, traust og vellíðan í starfi.

Við vitum hverju það skilar að vera vakandi fyrir líðan starfsfólks og mikilvægt er að gefa starfsfólki færi á að sækja sér fræðslu, stuðning og verkfæri til að huga að líkamlegri og andlegri heilsu.

Við höfum tryggt aðgengi að úrræðum og þjónustu eins og til dæmis sálfræði- og lækniþjónustu, heilsufarsmati, inflúensuþrautu, nuddi og jóga á vinnutíma, líkamsræktarstyrk, samgöngustyrk, hollum mat og ýmis konar heilsuefandi fræðslu.

Á árinu höfum við lagt áherslu á stjórnendahandleiðslu til að styrkja stjórnendur í að koma auga á ógagnlega streitu hjá sér og í sínu teymi og hvernig bregðast megi við. Með því að setja heilsu og vellíðan starfsfólks í forgang erum við að fjárfesta í fólkinu okkar sem mun skila okkur margfaldri ávöxtun.






# Stefna Íslandsbanka

Stefna bankans 2023-2025

Ný stefna bankans, stefnuviti Íslandsbanka

Fjárhagsleg heilsa




# Stefna bankans 2023-2025

Á árinu 2024 vann bankinn eftir stefnuhúsinu sem samþykkt var árið á undan og innihélt eldri stefnu bankans. Ný stefna var samþykkt af stjórn í lok árs 2024 og munu áherslur verkefna ársins 2025 mótast af henni.



## Stefnuhús 2023-2025



Til að vera hreyfiafl í samfélaginu þarf bankinn að vera með traustan rekstur og marka sér góða og skýra stefnu til að sinna því hlutverki. Stefna bankans þarf að endurspeglast í allri starfsemi og því leggur Íslandsbanki mikla áherslu á virkan þátt starfsfólks í stefnumótunarferlinu.

Árlega eru haldnir stefnufundir með öllu starfsfólki bankans þar sem farið er yfir stefnuáherslur ársins, horft til framtíðar og stefnan stillt af til að tryggja að starfsfólk þekki og skilji áherslur, markmið og hvaða leiðir bankinn ætlar að fara til að ná þeim. Eins er eignarhald starfsfólks á stefnunni mikilvægt til þess að innleiðing hennar takist vel.

Samkvæmt stefnu ársins 2024 var hlutverk bankans að vera **hreyfiafl til góðra verka**. Í því felst að bankinn hefur viðtæk áhrif á samfélagið í heild með sínum daglegu störfum. Þá hefur bankinn einnig verið hreyfiafl þegar kemur að góðgerðarmálum þar sem Reykjavíkummaraðon Íslandsbanka er fremst í flokki.

Framtíðarsýn bankans um að skapa virði til framtíðar með því að veita framúrskarandi þjónustu fyrir alla viðskiptavini bæði einstaklinga og fyrirtæki átti sinn stað í stefnuhúsinu.







## Stefnuáherslur 2024

Stefnuáherslur eru þeir meginstraumar í starfseminni sem bankinn leggur sérstaka áherslu á, á hverjum tíma til að ná settum markmiðum. Stefnuáherslur stefnuhússins voru **þjónusta, gögn, sjálfbærni og starfsfólk**.

Stefnuyfirskrift tímabilsins var jafnframt sókn og vöxtur, sem vísaði meðal annars til þess að bankinn væri opinn fyrir ytri vexti.



### Þjónusta

Íslandsbanki leggur mikið upp úr að bjóða framúrskarandi þjónustu við viðskiptavinum. Við setjum viðskiptavinum okkar í fyrsta sæti og aukum virði með því að bjóða viðskiptavinum okkar viðeigandi vörur og þjónustu sem nýtast þeim og þeirra starfsemi. Á árinu innleiddi bankinn margar nýjungar í vörum og þjónustu með aukna þjónustuupplifun viðskiptavina í huga. Í því samhengi má nefna viðbætur í appinu og nýjungar í stafrænum lausnum fyrir fyrirtæki, auk áherslu á markhópagreiningu til að styðja við bættu þjónustu við viðskiptavinum.



### Gögn

Gæði gagna er grundvallarþáttur í bankastarfsemi og á árinu var áfram lögð áhersla á gagnavegferð bankans. Rétt notkun gagna leiðir til skilvirkari og betri ákvarðanatöku og með aðstoð gervigreindar háþróaðum við nýtingu þeirra. Bankinn vann að frekari framþróun í átt að persónulegri og leiðbeinandi þjónustu sem byggir á gagnagreiningum. Með öflugri markhópagreiningu þekkjum við viðskiptavinum okkar enn betur og getum boðið þeim viðeigandi vörur á réttum tíma.



### Sjálfbærni

Íslandsbanki hefur sett sér metnaðarfull markmið um að vera leiðandi á sviði sjálfbærrar þróunar. Þar er einkum horft til UFS-viðmiða við áhættustýringu og í framhaldinu eru sjálfbærnitengd viðskiptatækifæri metin. Meðal áfanga sem náðust í þessum málaflokki á árinu var vöxtur í sjálfbærum útlánum, áframhaldandi vinna við UFS-áhættumat á lánasafni og gott samtal við viðskiptavinum og birgja.



### Starfsfólk

Starfsfólk Íslandsbanka er lykillinn að velgengni og framþróun bankans. Við störfum saman sem faglegt og árangursdrifið lið þar sem áhersla er lögð á að skapa vinnuumhverfi sem stuðlar að helgun, starfsánægju og vellíðan. Grunnurinn í mannauðsstefnu Íslandsbanka er að bankinn sé vettvangur þar sem starfsfólk hefur tækifæri til að vaxa og þróast í starfi. Á árinu var lögð sérstök áhersla á árangursmenningu, meðal annars með innleiðingu mannauðskerfis sem styður við markmiðasetningu, endurgjöf og starfsþróun.

# Ný stefna bankans, stefnuviti Íslandsbanka

Starfsumhverfi Íslandsbanka er síbreytilegt og samkeppnisaðilar bankans hafa sjaldan verið jafn fjölbreyttir. Mikilvægt er að fylgjast með og bregðast við stöðugum breytingum í umhverfinu. Enn mikilvægara er að taka frumkvæði að breytingum, **vera hreyfiafl til góðra verka**. Það er sú leið sem Íslandsbanki hefur valið og er rauði þráðurinn í stefnu bankans.

Stefna er í eðli sínu ekki stöðug; hún þarf að þróast í takt við breyttar aðstæður, ný tækifæri og áskoranir. Þess vegna er mikilvægt að endurskoða stefnuna reglulega til að tryggja samkeppnishæfni og árangur til framtíðar. Á árinu 2024 fór fram mikil vinna við endurskoðun á stefnu bankans. Á haustmánuðum voru haldnar vinnustofur í smærri hópum með öllu starfsfólki bankans þar sem áhersla var lögð á opna umræðu og skoðanaskipti um stefnumörkun bankans. Þá fór fram mikil umræða um stefnumótun bankans í framkvæmdastjórn og stjórn bankans sem samþykkti nýja stefnu í lok árs 2024.

**Nýja stefnan var kynnt starfsfólki í upphafi árs 2025 og verður áhersla lögð á kröftuga innleiðingu og fylgni á árinu. Stefnan endurspeglar þá áherslu Íslandsbanka að setja viðskiptavinum bankans í fyrsta sæti með því að veita framúrskarandi þjónustu sem um leið stuðlar að fjárhagslegri heilsu þeirra.**



## Ný stefna: Stefnuvitinn

Stefnuviti Íslandsbanka rammur inn nýja stefnu bankans og skapar skýra sýn á framtíðarstefnu hans og leiðirnar að settum markmiðum. Með nýrri stefnu innleiddi bankinn nýtt gildi, framsækni, sem styður við innleiðingu á framsækinni þjónustumeningu. Hlutverk bankans er sem fyrr að vera hreyfiafl til góðra verka. Settar hafa verið fjórar stefnuáherslur sem styðja við markmið bankans, þær eru **þjónusta og upplifun**, **gagnadrifinn banki**, **besta liðið** og **arðbær vöxtur**. Undir hverri stefnuáherslu eru stefnuverkefni sem styðja við framgang stefnunnar.



Styrkleikar Íslandsbanka liggja í fjölbreyttum hópi starfsfólks sem leggur sitt af mörkum til að þjóna viðskiptavinum bankans þar sem byggt er á reynslu, hugkvæmni og metnaði. Allar ákvarðanir eru teknar með gildi Íslandsbanka að leiðarljósi en þau eru:

**Framsækni, samvinna og fagmennska.**



#### Framsækni

Framsækni er nýtt gildi bankans. Með framsækni sýnum við frumkvæði og erum stöðugt að leita nýrra lausna til að skapa virði fyrir viðskiptavinum okkar. Við erum forvitin um nýja tækni og hvernig við nýtum hana til að bæta þjónustuupplifun. Við erum drífandi, sýnum hugrekki og látum hlutina gerast.



#### Samvinna

Við byggjum allt okkar starf á trausti og samvinnu. Við erum með viðskiptavinum okkar í liði og erum til staðar við stór tímamót á lífsleiðinni. Við erum lausnamiðuð og vinnum saman sem ein heild að markmiðum okkar, viðskiptavina og samfélagsins alls.



#### Fagmennska

Við erum fagleg og vöndum til verka. Við hlustum á viðskiptavinum okkar, setjum okkur vel inn í þeirra mál og miðlum af sérþekkingu okkar til að efla fjárhagslega heilsu þeirra.

#### Stefnuáherslur stefnuvitans

Stefnuáherslur bankans snúa að því að stuðla að **fjárhagslegri heilsu** viðskiptavina okkar og **skapa virði til framtíðar með framúrskarandi þjónustu**. Á árinu fór fram yfirgripsmikil stefnumótunarvinna þvert á bankann þar sem stefnuáherslurnar voru skilgreindar með það að markmiði að gera bankann betur í stakk búinn til að styðja við fjölbreyttar þarfir ólíkra viðskiptavina.

#### Þjónusta og upplifun

Við viljum veita viðskiptavinum framúrskarandi og sérsníðna þjónustu sem eflir fjárhagslegri heilsu þeirra og skapar traust og verðmæt langtímasambönd. Við leggjum höfuðáherslu á að greina og skilja þarfir ólíkra viðskiptavina til að mæta þörfum þeirra og bæta upplifun. Við bjóðum notendavænar og öruggar stafrænar fjármálalausnir fyrir allar daglegar þarfir og erum ávallt til staðar þegar viðskiptavinir þurfa flóknari þjónustu.

#### Arðbær vöxtur

Við leitum stöðugt að vaxtartækifærum með arðsemi að leiðarljósi. Framsækni og nýsköpun eru í forgrunni, með áherslu á framþróun og verkefni sem hafa jákvæð áhrif á viðskiptavinum okkar, hluthafa, starfsmenn og samfélagið í heild. Við bestum nýtingu eiginfjár og tryggjum þannig skilvirkni í rekstri bankans.

#### Gagnadrifinn banki

Við nýtum gögn, stafræna ferla og gervigreind til að sníða þjónustuna að þörfum viðskiptavina okkar. Með því að vera gagnadrifin tryggjum við skilvirkni og að gögn og greiningar séu undirstaða góðrar ákvarðanatöku.

#### Besta liðið

Við viljum að Íslandsbanki sé eftir-sóknarverður vinnustaður vaxtar. Við myndum saman frábæra liðsheild og hvetjandi starfsumhverfi sem kyndir undir sköpunarkraft og árangur. Við vinnum saman sem eitt lausnamiðuð lið.



#### Hlutverk bankans

Hlutverk Íslandsbanka er að vera **hreyfiafl til góðra verka** í íslensku samfélagi og **skapa virði til framtíðar á sjálfbærnan hátt** fyrir viðskiptavinum okkar, hluthafa, starfsfólk og samfélagið allt. Þá leggur bankinn sérstaka áherslu á **fjárhagslega heilsu** viðskiptavina sinna og mun leggja sig allan fram við það verkefni bæði í fræðslu og í vöruframboði.



# Fjárhagsleg heilsa

Heilsa er stórt orð, nær yfir marga þætti en tengist okkur öllum. Flest þekkjum við líkamlegu og andlegu heilsuna en það er ólíkt hvernig við horfum til og sinnum fjárhagslegri heilsu. Haustið 2023 horfðum við sérstaklega til styrkleika bankans á fjármálamarkaði og meðal viðskiptavina, þar sem áherslan var sett á fjárhagslega heilsu.



## Áherslan um fjárhagslega heilsu

Bankinn hefur um langt skeið verið leiðandi í fjármálafræðslu og hafa þúsundir Íslendinga sótt eða horft á fræðsluefni bankans um fjármál. Allt frá námskeiðum um hvernig sé best að byrja að fjárfesta, eignast fyrstu íbúðina, fjármál fyrirtækja og allt að fjármálum við starfslok. Lengi hafa vinsælustu fundir bankans verið um fjármál við starfslok en fundir um fjármál í fæðingarorlofi fylgja þeim fast á eftir enda er margt sem hafa þarf í huga þegar foreldrar hverfa af vinnumarkaði í orlof. Auk þess hefur bankinn haldið úti öflugri fjármálafræðslu fyrir nýja Íslendinga sem eru að koma undir sig fótunum á Íslandi.

Markaðsrannsóknir hafa sýnt að fjármál og fjárhagsleg heilsa eru ofarlega í huga fólks. Meðal Z-kynslóðarinnar (1997-2008) jukust áhyggjur þeirra af fjármálum um 17 prósentustig milli 2022 og 2023. Sjá má í öllum kynslóðahópum að áhyggjur hafa aukist enda voru aðstæður í efnahagsumhverfi á þeim tíma að verða krefjandi með hækkandi vaxtastigi.

Í lok árs 2024 tók bankinn enn stærri skref þegar fjárhagsleg heilsa varð formlegur hluti af stefnu bankans og munu allar stefnuáherslur styðja við það verkefni. Við ætlum okkur að efla fjárhagslega heilsu viðskiptavina okkar og vera til staðar fyrir þá í þeirra verkefnum.

Edda  
Hermansdóttir  
Markaðs- og  
samskiptastjóri



“

## 100% heilsa með Íslandsbanka

Með fjárhagslega heilsu í stefnu bankans verður áherslan mjög skýr. Markaðsmál, vöruþróun, þjónustusnertingar og stafræn sala miða að því að efla fjárhagslega heilsu viðskiptavina og munum við á komandi misserum halda áfram að kynna til leiks spennandi nýjungar til hagsbóta fyrir viðskiptavinum okkar. Við munum hjálpa þeim að fá betri yfirsýn yfir fjármálin og vera til staðar þegar á þarf að halda. Jafnframt munum við styðja viðskiptavinum til frekari árangurs í fjármálum með enn öflugri markhópum þar sem gögnin gera okkur kleift að þekkja hvern viðskiptavin betur.

Fjárhagsleg heilsa tengir vel við líkamlegu heilsuna en Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka er stærsti lýðheilsuviðburður landsins og um leið stærsta góðgerðarsöfnun landsins.

Andleg heilsa er þriðja stoðin en við leggjum mikla áherslu á öflugan vinnustað þar sem starfsánægja er há. Það er lykillinn að því að bjóða viðskiptavinum okkar framúrskarandi þjónustu og upplifun.





# Við sköpum virði til framtíðar á sjálfbæran hátt


Einstaklingar  
Viðskiptabanki  
Fyrirtæki og fjárfestar  
Íslandssjóðir



# Einstaklingar

Einstaklingssvið leggur áherslu á stafræna og persónusniðna þjónustu þar sem við mætum þörfum viðskiptavinarins á hverjum tíma.

## Markaðshlutdeild<sup>1</sup>



**Útlán** Einstaklingssviðs hafa **aukist** um 34 milljarða króna eða um tæp **6%**.



**Aukin virkni í appinu**; öryggisstillingar á debetkortum, stafrænt debetkort, séreignarsparnaður, Fróði í appinu, stofnun bankareikninga og greiðslur inn á lán.



**Ávöxtun** reikningar jukust úr 20 þúsund í **55 þúsund** á árinu.



**Tindur** er ný **vildarþjónusta** Íslandsbanka með áherslu á forgang í **persónulega þjónustu** og vegleg sérsniðin **fríðindi**.

<sup>1</sup>Markaðshlutdeild einstaklinga er fjöldi þeirra sem er með virkt innlán hjá bankanum sem hlutfall af fjölda með lögheimili á Íslandi. Innlán, húsnæðislán og kreditkort byggja á gögnum frá Seðlabanka Íslands.

Einstaklingssvið bankans sinnir þjónustu við einstaklinga sem eru í viðskiptum við bankann í gegnum útibúanet, ráðgjafarver og stafrænar lausnir. Virkir viðskiptavinir bankans eru um 147 þúsund talsins og er Íslandsbanki með hæstu hlutdeild í kortum á einstaklingsmarkaði. Flestir viðskiptavinir kjósa að sinna daglegum bankaviðskiptum í gegnum app bankans og eru virkir viðskiptavinir í appi í dag um 121 þúsund talsins og hafa aldrei verið fleiri.

Til að mæta þörfum viðskiptavinarins í erfiðu vaxtaumhverfi hefur bankinn boðið uppá fastar greiðslur af húsnæðislánnum. Lántökum gefst þá kostur að festa greiðslur á óverðtrygðum húsnæðislánnum til allt að 12 mánaða þar sem miðað er við að greiddir séu að lágmarki 6,2% vextir fyrir grunnlán. Mismunurinn á föstu greiðslunni og upphæðinni sem hefði átt að greiða leggst við höfuðstól lánsins á tímabilinu.

Ólöf Jónsdóttir  
Frámkvæmdastjóri  
Einstaklinga



“

### Mætum þörfum viðskiptavina með persónulegri og stafrænni þjónustu

Á árinu sem er að líða höfum við tekið stórt skref í átt að frekara frumkvæði í samskiptum með persónusniðnum hætti. Góð þjónusta er að geta mætt viðskiptavinum á öllum þeim tímamótum sem þeir standa frammi fyrir. Við viljum sjá fyrir og skilja betur þarfir viðskiptavina og samtvinna persónulega og stafræna þjónustu. Það er mikilvægt að missa ekki persónulegu tengslin við viðskiptavini okkar þrátt fyrir aukningu í notkun stafrænna lausna. Áhersla á sterkari gagnainnviði hefur skilað okkur góðum grunni til að vera leiðandi í að bjóða upp á þjónustu og samskipti sniðin að þörfum hvers og eins. Viðskiptavinir fá nú símtöl, tölvupóst eða skilaboð inni í appinu um vörur eða þjónustu sem hentar viðkomandi á hverjum tímapunkti.

Við viljum efla viðskiptavini Íslandsbanka í átt að þeirra markmiðum um betri fjárhagslegri heilsu. Hvort sem það er að eignast sitt fyrsta heimili, undirbúa sig fyrir starfslok eða hafa aðeins meira svigrúm í hverjum mánuði. Áhersla hefur verið á þróun á stafrænum lausnum sem styðja við fjárhagslega heilsu ásamt því að veita faglega og persónulega ráðgjöf þegar leitað er til okkar.



Skipurit Einstaklinga hefur tekið óverulegum breytingum með áherslu á að skerpa fókus hjá öllum einingum, bæta yfirsýn yfir verkefni og verkstrauma, stytta boðleiðir og auka samvinnu.



**Fjármál, rekstur og efnahagur** hefur yfirumsjón með rekstri sviðsins, allt frá áætlanagerð þess til umsjónar með inn- og útlánunum. Einingin leggur áherslu á gagnavinnslu fyrir sviðið ásamt tekju- og kostnaðargreiningum.

**Einstaklingsþjónusta** býður viðskiptavinum Íslandsbanka persónulega ráðgjöf í útibúum bankans um allt land og þjónustar viðskiptavini í síma, svarar erindum sem og netspjalli. Á árinu var lögð áhersla á aukið frumkvæði að samskiptum við viðskiptavini með persónusniðnum hætti, ný deild var stofnuð til að halda utan um upplifun viðskiptavina og samskipti. Viðskiptavinum stendur áfram til boða að bóka tíma í ráðgjöf þegar þeim hentar en geta jafnframt nýtt sér stafrænar leiðir.

**Útgáfulausnir** bjóða upp á fjölbreytt úrval greiðslukorta og skilvirkar greiðslulausnir á borð við Apple Pay, Garmin Pay og Google Pay. Útgáfulausnir hafa yfirumsjón með ferðatengdum fríðindum og greiðslukortatengdum fríðindum á borð við Fríðu, sem er vildarkerfi bankans og býður upp á ýmis tilboð í formi endurgreiðslu.

**Stafræn vörubrún** ber ábyrgð á þróun nýrra stafrænna lausna fyrir viðskiptavini bankans, leitar tækifæra í nýsköpun og er leiðandi í samstarfi á sviði fjártæknilausna. Markmið einingarinnar er að skapa gagnadrifið virði fyrir viðskiptavini bankans. Einingin vinnur að þróun dreifileiða og er í samstarfi við Stafræna þróun og gögn um rekstur daglegra innviða, ásamt því að sjá um upplýsingagjöf og ráðgjöf til starfsmanna í tengslum við stafrænar lausnir.

## Allt á einum stað í appinu

**App Íslandsbanka er í stöðugri þróun og hafa margir góðir sigrar unnist á árinu, litlir og stórir.**

Mín mál er ný sýn inni í appinu þar sem viðskiptavinir geta haft yfirsýn yfir afgang og óafgreidd mál sem hafa verið í gangi.

Viðskiptavinum Íslandsbanka stendur nú til boða að sjá stöðu á séreignarsparnaði sínum í appinu.

Auðvelt er að stofna bankareikninga í appinu.

Öryggisstillingar á debetkortum eru nú aðgengilegar í appinu. Með þessum

stillingum er hægt að loka á hefðbundnar greiðslur, snertilausar greiðslur, greiðslur á netinu, úttekt í hraðbanka, greiðslur í erlendri mynt og öll viðskipti án korts.

Nú stendur viðskiptavinum Íslandsbanka til boða að greiða inn á eða greiða upp lán í appinu.

Fróði, spjallmenni Íslandsbanka svarar nú viðskiptavinum líka í appinu. Þar að auki hefur Fróði fengið rödd og getur móttekið hljóðskilaboð.

## Svik

**Aukin netverslun hefur leitt til þess að stafræn svik hafa aukist. Tegundir svika taka sífelldum breytingum og því er mikilvægt að bankinn og aðrir séu á varðbergi.**

Öflugt svikavaktarteymi hefur verið sett upp innan Íslandsbanka með það að markmiði að grípa möguleg svik snemma í ferlinu ásamt því að leysa úr þeim svikum sem koma upp. Svikavaktin vinnur náð með Neyðarþjónustu bankans og geta viðskiptavinir bankans því treyst á að fá þjónustu allan sólarhringinn. Símanúmer hjá neyðarþjónustunni er hægt að nálgast í appi Íslandsbanka.

Góð fræðsla er á netöryggissíðu bankans auk þess sem tilkynningum um þekkt svik eða ráðleggingum gegn svikum er miðlað með markpósti og á samfélagsmiðlum. Íslandsbanki er þátttakandi í norrænu samstarfi Nordic Finance CERT þar sem

upplýsingum um svik, árásir og varnir gegn netárásum er deilt á milli meðlima. Þá tók bankinn í notkun villuveiðigátt Defend Iceland á árinu sem stuðlar að því að tryggja netöryggi og bæta viðnámsþrótt fyrirtækja gegn alvarlegum netárásum.

Íslandsbanki hefur lengi verið með sterkar svikavarnir í appinu. Viðskiptavinir geta undir öllum kringumstæðum stillt heimild á kreditkortu ásamt því að geta fryst debet- og kreditkort í appinu. Nýlega voru kynntar öryggisstillingar fyrir debetkort í appinu þar sem viðskiptavinir geta nú stillt hvar notkun þess er heimil.

# Viðskiptabanki

Viðskiptabanki veitir litlum og meðalstórum fyrirtækjum um land allt alhliða fjármálaþjónustu auk þess sem Ergo, fjármögnunarþjónusta bankans, er hluti af sviðinu.

## Markaðshlutdeild<sup>1</sup>

37%

landið allt

40%

höfuðborgarsvæðið

33%

landsbyggðin



Þjónustum **yfir 50% framúrskarandi fyrirtækja.**



Hlutfall **grænna bílalána** hjá Ergo er **39%**.



Vöxtur innlána var **10%**.



**Innheimtuþjónusta** og **Payday** í appinu.

<sup>1</sup>Meðaltal hlutdeildar ársins 2024 í fyrirtækjavagni Gallup.

Viðskiptabanki þjónar vaxandi hópi lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi. Viðskiptavinir okkar standa undir kraftmikilli verðmætasköpun í öllum atvinnugreinum um allt land og eru mikilvægur þáttur í að tryggja efnahagslegan og félagslegan stöðugleika.

Starfsfólk sviðsins er reynslumikið og veitir persónulega þjónustu í nærumhverfi viðskiptavina í gegnum fyrirtækjamiðstöðvar og útibú en auk þess kjósa viðskiptavinir að nýta sér gott aðgengi að bankanum í gegnum stafrænar lausnir.

Mannauður sviðsins samanstendur af starfsfólki með yfirgripsmikla sérþekkingu og áralanga reynslu. Við höfum byggt upp traust viðskiptasambönd við þúsundir íslenskra fyrirtækja og leggjum áherslu á að vera til staðar fyrir viðskiptavinum okkar. Sviðið veitir framúrskarandi þjónustu og ráðgjöf, bæði persónulega og stafræna, með aukna áherslu á nýtingu gagna. Við sýnum frumkvæði og leggjum okkur fram við að vera hreyfiafl til góðra verka. Við höfum endurtekið mælst með hæstu markaðshlutdeildina meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja og ánægðustu viðskiptavinina meðal samkeppnisaðila í þjónustukönnunum.

Una Steinsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Viðskiptabanka



“

### Seigla atvinnulífsins í krefjandi umhverfi

Framan af einkenndist árið 2024 af háu vaxtastigi og þrálátri verðbólgu sem setti mark sitt á rekstur fyrirtækja í landinu. Það reyndi á viðnámsprótt atvinnulífsins en fyrirtæki sýndu mikla seiglu í krefjandi efnahagsumhverfi. Hátt vaxtastig dró úr eftirspurn eftir nýjum útlánum, sérstaklega á bílamarkaði þar sem sala nýrra bíla dróst verulega saman. Þrátt fyrir krefjandi aðstæður námu ný útlán 92 milljörðum króna árið 2024 auk þess sem vanskilavísar hafa lítið hreyfst sem sýnir gríðarlega festu og seiglu hjá fyrirtækjum landsins.

Á árinu 2025 fagnar Ergo 40 ára afmæli sem elsta eignaleigufyrirtæki landsins. Samkeppnisforskot Ergo felst í breiðu vöruúrvali, faglegri þjónustu, reynslu og þekkingu starfsfólks. Ergo frumsýndi nýja auglýsingaherferð haustið 2024, sem við förum með inn í afmælisárið.

Nýjar lausnir litu dagsins ljós sem auðvelda fyrirtækjum á ferðinni að sinna sínum fjármálum. Mikill kraftur hefur farið í þróun nýs netbanka fyrir fyrirtæki sem við hlökkum til að fá í loftið á fyrsta ársfjórðungi 2025. Sem fyrr erum við stolt af mjög sterkri og hæstu markaðshlutdeild meðal lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Stærsta verkefni og áskorun Viðskiptabanka til framtíðar er framúrskarandi þjónusta, bæði persónuleg og stafræn, þannig munum við vera hreyfiafl til góðra verka.

**Fyrirtækjamiðstöðvar og útibú**

Viðskiptabanki starfrækir fyrirtækjamiðstöðvar og útibú víðs vegar um landið. Fyrirtækjamiðstöðvarnar eru annars vegar staðsettar í höfuðstöðvum bankans í Norðurturni fyrir höfuðborgarsvæðið og hins vegar í fyrirtækjamiðstöð á Akureyri fyrir Norður- og Austurland. Í febrúar 2025 sam-einast fyrirtækjapjónusta útibúsins á jarðhæð, fyrirtækjamiðstöð á sjöundu hæð í Norðurturni. Að bjóða alla fyrirtækjapjónustu höfuðborgarsvæðisins á einum stað leiðir til skilvirkari og betri þjónustu fyrir viðskiptavinum. Viðskiptabanki og Ergo taka vel á móti viðskiptavinum í sameiginlegri móttöku á sjöundu hæð í Norðurturni.

**Stafrænar lausnir**

Viðskiptavinir okkar geta sinnt helstu bankaviðskiptum í gegnum fjölmargar dreifileiðir eins og app, net-banka, netspjall eða vef bankans. Við viljum geta þjónustað viðskiptavinum okkar og komið til móts við þarfir þeirra hvar og hvenær sem er. Á fyrsta ársfjórðungi 2025 fer í loftið nýr og notendavænni netbanki sem svarar kalli viðskiptavina um aukna þjónustu í sjálfsafgreiðslulausnum. Aukin þjónusta er einnig aðgengileg í appinu, svo sem innheimtukröfur, Payday og útgjaldastýring.

**Ergo**

Ergo er hluti af Viðskiptabanka og sérhæfir sig í fjármögnun atvinnutækja fyrir rekstraraðila og fjármögnun bíla og ferðavagna fyrir einstaklinga. Ergo hefur verið leiðandi á fjármögnunarmarkaði í 40 ár og aðgreinir sig á markaði með áherslu á hraða og framúrskarandi þjónustu.

**Stafræn vegferð fyrirtækja**

**Eitt stærsta þjónustuverkefni Viðskiptabanka er þróun nýs netbanka sem fer í loftið á fyrsta ársfjórðungi 2025. Með tilkomu hans mætum við meðal annars kröfum viðskiptavina um nútímalega högun, gagnadrifna sölu og skýra sýn á fjárhagslega stöðu.**

Notkun apps Íslandsbanka eykst stöðugt. Nýlega hafa bæst við möguleikar í appinu um að stofna innheimtukröfur og senda rafræna reikninga. Íslandsbanki er eini bankinn sem býður upp á þessa möguleika og hefur þeim verið afar vel tekið. Útgjaldastýring er nýjasta þjónustan sem gerir viðskiptavinum kleift að tengja saman kvittanir og kreditkortafærslur og flytja þær yfir í bókhaldskerfi. Þróun appsins mun halda áfram með áherslu á að auðvelda umsýslu fyrir einyrkja og minni fyrirtæki.

Mikil áhersla hefur verið lögð á stafrænar lausnir hjá Ergo undanfarin ár. Sjálfvirk svörun við

umsóknum um bílalan til einstaklinga fór í loftið í marsmánuði 2024 og því er ferill lánaákvörðunar og þinglýsinga bílalána nú að fullu orðinn rafrænn. Þetta hefur haft í för með sér mikið hagræði fyrir starfsfólk, samstarfsaðila og ekki síst viðskiptavinum en Ergo getur nú tekið á móti og samþykkt bílalan utan hefðbundins opnunartíma. Þessi tækni hefur aukið hraða og bætt ákvörðunartöku. Í dag er hægt að samþykka umsókn um bílalan á 3-5 mínútum og opið er allan sólarhringinn.

Yfir 90% útlána til fyrirtækja eru undirrituð með rafrænum hætti og á fjórða ársfjórðungi 2024 hófust rafrænar þinglýsingar á bílalanum lögaðila.

**Fjárhagsleg heilsa og hringborðsumræður**

**Viðskiptabanki leggur áherslu á að efla og styðja fjárhagslega heilsu viðskiptavina. Þar spilar fræðsla fyrir viðskiptavinum og starfsfólk lykilhlutverk hvort heldur sem er með skipulögðum viðburðum eða í óformlegri samtöllum.**

Öflug fræðsla eflir starfsfólk Viðskiptabanka í að veita viðskiptavinum framúrskarandi þjónustu í sibreytilegu og krefjandi umhverfi. Meðal viðburða á liðnu ári má nefna fjölmarga hádegisverðafundi þar sem viðskiptavinum sem starfa í fjölbreyttum atvinnugreinum var boðið í hádegisverð með aðalagfræðingi bankans og framkvæmdastjóra Viðskiptabanka. Ásamt því að ræða um efnahagsspá og efnahagsumhverfi almennt gafst þessum fjölbreyttu fyrirtækjum tækifæri til að ræða sinn rekstur og sínar áskoranir í góðum hringborðsumræðum. Þessum fundum hefur verið gríðarlega vel tekið. Að auki stendur bankinn á hverju ári fyrir efnahagsfundum um allt land þar sem fjallað er um efnahagsmál, sjálfbærni og fleiri málefni sem tengjast rekstri fyrirtækja.

Sjálfbærni er sem fyrr ein af lykiláherslum bankans og Viðskiptabanki er þar í leiðandi hlutverki, en lítil og meðalstór fyrirtæki leika lykilhlutverk í nýsköpun og framþróun almennt í íslensku efnahagslífi.

Ergo hefur einnig leikið stórt hlutverk í orkuskiptum samgöngumála og fjármagnað mikinn fjölda bifreiða og innviða, fyrir bæði einstaklinga og fyrirtæki sem stuðlar að sjálfbærari framtíð. Við höfum átt fjölmörg samtöl og fræðslufundi með viðskiptavinum okkar um þennan mikilvæga málaflokk og sjáum að sífellt fleiri fyrirtæki leggja aukna áherslu á sjálfbærni til framtíðar.



# Fyrirtæki og fjárfestar

Fyrirtæki og fjárfestar eru leiðandi í fjárfestingarbankaþjónustu á Íslandi og leggur áherslu á að veita viðskiptavinum sínum heildstæða fjármála- og fjárfestingarbankaþjónustu. Sviðið þjónustar stærri fyrirtæki, lífeyrissjóði, sveitarfélög, verðbréfasjóði, fagfjárfesta og efnameiri einstaklinga.

## Markaðshlutdeild<sup>1</sup>

**34%**

300 stærstu fyrirtæki landsins



Íslandsbanki velti **1.160 milljörðum króna** á verðbréfamarkaðinum árið 2024.



Ný útlán námu **71 milljarði króna** og til viðbótar voru 42 milljarðar króna af lánum **endurfjármagnaðir**.



Viðskiptavinum Eignastýringar **fjölgaði um 8%** á árinu.

Á sviðinu starfa reynslumiklir sérfræðingar með áratuga reynslu af fjármálastarfsemi, svo sem verðbréfa- og gjaldeyrisviðskiptum, fjárfestingarráðgjöf, fyrirtækja-ráðgjöf, lánveitingum og einkabankaþjónustu.

Innan sviðsins liggur mikil reynsla af flóknum og umfangsmiklum verkefnum og hefur teymið á síðustu árum leitt mörg af stærri umbreytingarverkefnum í íslensku atvinnulífi.

Fjárhagsleg heilsa og þarfir viðskiptavina eru í forgrunni og býr starfsfólk sviðsins yfir sérþekkingu á öllum helstu geirum atvinnulífsins. Áhersla er á frumkvæði og heildstæða þjónustu með stuttum boðleiðum og samvinnu þvert á starfseiningar sviðsins til að þekkja og uppfylla sem best þarfir viðskiptavina okkar og vera um leið hreyfiafl til góðra verka.

Íslandsbanki hefur mótað sér skýra stefnu varðandi lánveitingar utan Íslands, þar sem meðal annars er horft til sjávarútvegs í Norður-Atlantshafi.

**Kristín Hrönn Guðmundsdóttir**  
Frámkvæmdastjóri  
Fyrirtækja og  
fjárfesta



“

### Kraftur í starfseminni og meðbyr inn í nýtt ár

Fyrirtæki og fjárfestar eru með öflugna viðskiptavini sem nýttu styrk sinn til fjárfestinga þrátt fyrir hátt vaxtastig. Bankinn hefur stutt þá til góðra verka, meðal annars með lánveitingum til nýrra framkvæmda og fyrirtækjakaupa, en nýjar lánveitingar námu 71 milljarði króna.

Íslandsbanki hefur markað sér stefnu um að vera með sérþekkingu í fjármögnun á uppbyggingu innviða og setti á fót sérstakt innviðateymi en á þeim vettvangi eru ýmis verkefni í farvatninu. Jafnframt hefur áhersla á erlendar lánveitingar verið aukin.

Verðbréfamiðlun átti frábært ár þrátt fyrir að markaðir hafi verið krefjandi stóran hluta ársins. Bankinn er með leiðandi stöðu og var með mestu hlutdeild í veltu hlutabréfa í Kauphöll tíu af tólf mánuðum ársins og næstmestu hlutdeild í samanlagðri veltu hlutabréfa og skuldabréfa. Krefjandi markaðir undanfarin ár hafa einnig haft áhrif á viðskiptavini Eignastýringar en þeir sem hafa staðið þolinmóðir í gegnum sveiflurnar eru nú að uppskera samhliða viðsnúningi á mörkuðum. Íslandsbanki er sem fyrr leiðandi á gjaldeyrismarkaði með reynslumikið teymi sem vinnur náið með viðskiptavinum bankans.

Starfsfólk Fyrirtækja og fjárfesta fer því af miklum krafti og sóknarhug inn í nýtt ár.

## Skipulag Fyrirtækja og fjárfesta

### Fyrirtæki

Stýra viðskiptasamböndum við stærri fyrirtæki og stofnanir. Einingin er ábyrg fyrir allri þjónustu bankans við þessa viðskiptavini og þjónustar allar greinar íslensks atvinnulífs, með sérþekkingu á sjávarútvegi, innviðauppbýggingu og ferðaþjónustu.

### Fyrirtækjaráðgjöf

Fyrirtækjaráðgjöf aðstoðar fyrirtæki og einstaklinga við kaup og sölu á fyrirtækjum, samruna félaga og aðrar eignarhaldstengdar breytingar. Veitir ráðgjöf í tengslum við skráningar félaga á verðbréfamarkað og hefur umsjón með hlutfjárútboðum, gerð lýsinga og töku verðbréfa til viðskipta í kauphöll.

### Miðlun og afleiðuborð

Miðlun samanstendur af bæði hlutabréfa- og skuldabréfamiðlun auk gjaldeyris- og afleiðuviðskipta, svo sem framvirkra samninga með gjaldeyri, vaxtaskiptasamninga og framvirkra samninga á hlutabréfa- og skuldabréfamörkuðum, auk útgáfu skuldabréfa. Miðlun sinnir viðskiptavinum allt frá einstaklingum til stofnanafjárfesta.

### Eignastýring

Samanstendur af einkabanka, fagfjárfestum og verðbréfalausnum. Einkabankaþjónusta Íslandsbanka býður upp á eignastýringu og ráðgjöf fyrir efnameiri einstaklinga, fjárfestingarfélög, sjóði og góðgerðarfélög. Fagfjárfestaþjónusta stýrir viðskiptasamböndum við stærri fjárfesta og er ábyrg fyrir eignastýringarþjónustu bankans við þessa viðskiptavini. Verðbréfalausnir veita innviðaðþjónustu fyrir fjármálagerninga.

### HS Orka

#### Endurfjármögnun HS Orku á tímum jarðhræringa og eldsumbrota lýsir miklum eldmóði.

Íslandsbanki var meðal lánveitenda HS Orku þegar félagið endurfjármagnaði skuldir og tryggði lánalínur fyrir áframhaldandi uppbyggingu hér á landi. Fjármögnunin náði til yfirstandandi stækkunar og endurbóta orkuversins í Svartsengi og er einnig mikilvægt skref í áformum félagsins um frekari vöxt í jarðvarma og vatnsafli.

Heildarlánsfjárhæðin nam um 40 milljörðum króna og fellur lánveiting Íslandsbanka undir grænan fjármögnunarramma bankans.

Íslandsbanki hefur markað sér stefnu um að vera innviðabankinn á Íslandi og HS Orka gegnir veigamiklu hlutverki á íslenskum orkumarkaði, ekki síst þegar horft er til aukinnar eftirspurnar á orku og orkuskipta hér á landi.

Íslandsbanki er stoltur samstarfsaðili HS Orku og það samræmist hlutverki bankans vel að stuðla að uppbyggingu jafn mikilvægs innviðafyrirtækis og um ræðir og vera þannig hreyfiafl í orkuskiptum.

### Fjárfestadagur í London

#### Íslandsbanki hélt fjárfestadag í London í nóvember undir yfirskriftinni „Iceland Day – Íslandsbanki Investor Seminar“.

Þar kynntu forstjórar þriggja skráðra félaga á Íslandi, Alvotech, Heima og Icelandair starfsemi sína fyrir fjárfestum auk þess sem fulltrúi Seðlabanka Íslands var með á fundinum og fjallaði um efnahagsumhverfið. Fundurinn var hluti af langtímauppbyggingu viðskiptasambanda við erlenda fjárfesta. Viðburðurinn var vel sóttur og sköpuðust áhugaverðar umræður meðal gesta.

Markmið Íslandsbanka er að auka erlenda fjárfestingu á íslenskum markaði. Telur bankinn að markaðurinn hafi margvísleg tækifæri og leggur því áherslu á að beina sjónum erlendra fjárfesta að fjárfestingarkostum á Íslandi.

# Íslandssjóðir

Íslandssjóðir hf. er elsta sjóðastýringar-fyrirtæki landsins, stofnað árið 1994. Félagið er dótturfélag Íslandsbanka og er stýrt af óháðri stjórn sem kosin er árlega.

## Markaðshlutdeild<sup>1</sup>

~28%

á innlendum sjóðamarkaði fyrir almenna fjárfesta



Íslandssjóðir og **Orkuslaskinn** gerðu með sér samkomulag um samstarf og ráðgjöf vegna sérhæfðs sjóðs á sviði **endurnýjanlegrar orku**.



**IS Vaxtastefna**, nýr skuldabréfasjóður stofnaður á árinu.



Allir sérfræðingar Íslandssjóða hafa **lokið námskeiði í ábyrgum fjárfestingum** á vegum samtaka um ábyrgar fjárfestingar (e. UN PRI).

<sup>1</sup>Byggt á upplýsingum frá Keldunni og heimasiðum rekstrarfélaganna.

Félagið stýrir 23 sjóðum fyrir almenna fjárfesta, þar á meðal skuldabréfa-, hlutabréfa- og blönduðum sjóðum. Einnig stýrir félagið sérhæfðum sjóðum. Íslandssjóðir stýra eignum sem nema um 364 milljörðum króna, en um 12 þúsund sparifjáreigendur og fjárfestar ávaxta eignir sínar í sjóðum félagsins.

Íslandssjóðir hafa um árabíl verið leiðandi í rekstri sjóða fyrir almenna fjárfesta hér á landi, en markaðshlutdeild félagsins á því sviði er um 28%. Félagið starfrækir úrval skuldabréfasjóða, hlutabréfasjóða og blandaðra sjóða og hefur auk þess sérhæft sig í fasteignasjóðum, lánasjóðum og framtakssjóðum.

Íslandssjóðir hafa hlotið fjölmargar viðurkenningar fyrir stjórnarhætti og fyrirmyndar rekstur meðal annars Framúrskarandi fyrirtæki frá Creditinfo, fyrirmyndar-fyrirtæki í rekstri frá Keldunni og Viðskiptablaðinu og viðurkenninguna fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum sem félagið hefur hlotið árlega frá árinu 2013.

Kjartan Smári  
Höskuldsson  
Framkvæmdastjóri  
Íslandssjóða



“

### Hagstæð kjör og bjart framundan!

Eftir langan tíma í krefjandi vaxtaumhverfi og þrálátri verðbólgu er staðan á mörkuðum aftur orðin hagfelld fyrir sparifjáreigendur. Erlendir markaðir hafa haldist sterkir, góð kjör eru enn í boði á skuldabréfamarkaði og verðlagning á hlutabréfamarkaði þykir almennt hófleg.

Nú er langþráð vaxtalækkunarferli hafið og enn bjartara framundan en verið hefur síðustu misserin. Í ljósi þessa stofnuðum við skuldabréfasjóðinn IS Vaxtastefna á árinu 2024 en sjóðurinn er skuldabréfasjóður með rýmri heimildir en hefðbundnir skuldabréfasjóðir og getur hann því nýtt til fulls þau tækifæri sem skapast á markaði. Jákvæð raunávöxtun var á öllum skuldabréfasjóðum í stýringu Íslandssjóða á árinu, en félagið hefur um árabíl verið leiðandi á þeim markaði hér á landi með um 38% markaðshlutdeild.

Þegar lítið er til fjárhagslegrar heilsu ungra viðskiptavina okkar er sérlega ánægjulegt að sjá að áhugi ungs fólks á séreignarsparnaði er sífellt að aukast og eru sjóðfélagar í Framtíðarauði, séreignarsparnaði Íslandsbanka, nú orðnir yfir 42 þúsund talsins og allar fjárfestingaleiðir Framtíðarauðs sem Íslandssjóðir stýra skiluðu góðri ávöxtun á árinu.

Innan Íslandssjóða starfa þrjár viðskipta-einingar en auk sjóðastýringar og eignastýringar stýrir félagið sérhæfðum sjóðum. Þá er öflug áhættustýring starfrækt innan félagsins, auk viðskiptaþróunar, rekstrar og lögfræðipjónustu.

### Sjóðastýring

Sjóðstjórar Íslandssjóða stýra sjóðum sem fjárfesta í skuldabréfum, hlutabréfum og öðrum fjármálagerningum. Sjóðir eru hagkvæm og góð leið fyrir sparifjáreigendur sem vilja ávaxta sitt fé í dreifðu safni verðbréfa og draga þannig úr áhættu. Innan Íslandssjóða er einnig starfræktur sérhæfði sjóðurinn Alpha sem stundar stöðutöku á innlendum hlutabréfamarkaði og er einungis markaðssettur til fagfjárfesta.

### Eignastýring

Öflugt eignastýringarteymi Íslandssjóða stýrir eignum fyrir hönd viðskiptavina sem gert hafa eignastýringarsamning við Íslandsbanka, hvort sem um ræðir einstaklinga, opinbera aðila eða fagfjárfesta. Teymið stýrir einnig Framtíðarauð, séreignarsparnaði Íslandsbanka.

### Sérhæfðir sjóðir

Íslandssjóðir hafa frá árinu 2012 byggt upp mikla reynslu á sviði fasteignafjárfestinga, fasteignapróunar, lánasjóða auk framtaksfjárfestinga. Sjö reyndir sérfræðingar stýra sérhæfðum fjárfestingarsjóðum.

### Sjóðir í appi og netbanka Íslandsbanka

Íslandsbanki var fyrsti bankinn til að opna fyrir viðskipti með sjóði í appi. Mikil aukning hefur verið á sjóðaviðskiptum í gegnum dreifileiðir Íslandsbanka á milli ára en 25% afsláttur er veittur af kostnaði við kaup í sjóðum í appinu og í netbanka Íslandsbanka. Einnig er hægt að stofna reglulegan sparnað í sjóðum í netbanka Íslandsbanka og njóta þannig bestu mögulegu afsláttarkjara, sem eru 50% afsláttur af kostnaði við kaup.

## Ábyrgar fjárfestingar

### Íslandssjóðir hafa fylgt aðferðum ábyrgra fjárfestinga í eignastýringu frá árinu 2019.

Íslandssjóðir hafa fylgt aðferðum ábyrgra fjárfestinga í eignastýringu frá árinu 2019. Eignastýringarteymi félagsins notast meðal annars við athugunarlista í erlendum fjárfestingum og hefur sett sér markmið um að lágmarka hlutfall eigna sem eru á listanum en þetta hlutfall hefur farið ört lækkandi síðustu ár og árið 2024 var það undir 1%.

Íslandssjóðir stofnuðu IS Græn skuldabréf, fyrsta græna skuldabréfasjóð landsins, árið 2018 sem nú hefur verið flokkaður sem 8.gr. sjóður samkvæmt SFDR<sup>1</sup>, en að minnsta kosti

80% af fjárfestingum sjóðsins eru í íslenskum skuldabréfum sem eru flokkuð sem sjálfbær, græn, félagsleg eða sjálfbærnitengd.

Íslandssjóðir hafa frá árinu 2022 birt upplýsingar um fjármagnaða losun gróðurhúsalofttegunda frá sjóðum félagsins. Útreikningarnar eru samkvæmt aðferðafræði Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF). Íslandssjóðir var fyrst rekstrarfélaga á Íslandi til að reikna og birta upplýsingar um fjármagnaða losun sjóða.

Fjármagnaður útblástur



### IS Haf fjárfestingar slhf.

#### IS Haf fjárfestingar slhf. er 10 milljarða króna fagfjárfestasjóður í rekstri Íslandssjóða sem fjárfestir í haftengdri starfsemi.

IS Haf er á sínu öðru starfsári og hefur frá stofnun fjárfest í þremur félögum, Kapp ehf., norska félaginu Regenics AS og Thor landeldi ehf. Vorið 2024 lauk sjóðurinn kaupum á 41% hlut í Kapp ehf. sem er tæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í kælipjónustu, vélasmíði, innflutningi og pjónustu á tækjabúnaði fyrir sjávarútveg, fiskeldi og annan iðnað. Rekstur gengur vel og hefur starfsemin vaxið umtalsvert á árinu. Kapp fjárfesti á haustmánuðum í bandaríska félaginu Kami Tech Inc. og hóf starfsemi Kapp Skagans ehf. sem byggir á grunni protabús Skagans 3X sem Kapp keypti í samstarfi við aðra fjárfesta. Kapp hlaut Umhverfisverðlaun atvinnulífsins fyrir umhverfisframtak ársins 2024, sem er ný krapavél sem nýtir koldíoxíð

sem kælimiðli í stað F-gasa, og er sú fyrsta sinnar tegundar. Í lok sumars 2024 fjárfesti IS Haf í norska líftæknifyrirtækinu Regenics AS í samstarfi við aðra fjárfesta. Fyrirtækið framleiðir Collex®, háþróaðar sáraumbúðir sem framleiddar eru úr ófrjóvuguðum laxa- og silungahrognum. Þær eru hannaðar til að bæta og flýta gróanda brunasára og langvinnra sára, og vinnur Regenics nú að rannsóknum og leyfisumsóknum fyrir sínar framleiðsluvörur. Sjóðurinn vinnur að því að ljúka fleiri fjárfestingum og hefur haft á sínu borði innlenda og erlenda fjárfestingarkosti, allt frá hráefnisóflun og vinnslu sjávarafurða til haftengdra tæknilausna, innviða og sjávar-tengdrar líftækni.







# Sterkir innviðir sem byggja á fagmennsku

Stafræn þróun og gögn


Áhættustýring

Regluvarsla



# Stafræn þróun og gögn

Stafrænn kjarni Íslandsbanka sem leiðir stafræna þróun og kannar nýja tækni.



Stafræn þróun og gögn er drifkraftur nýsköpunar í bankanum, og mótar lausnir sem bæði bæta upplifun viðskiptavina og einfalda starfsemi. Á árinu sem leið var áhersla á að þróa hnökralausar stafrænar lausnir sem setja þægindi, öryggi og aðgengi í forgang. Með samþættingu háþróaðrar tækni höfum við náð að einfalda áður flókna ferla sem gerir okkur kleift að bjóða viðskiptavinum okkar notendavænar lausnir til þess að nýta sér þjónustu okkar.

Gögn gegna lykilhlutverki í starfsemi okkar, gera okkur kleift að taka upplýstari ákvarðanir og bjóða persónusniðnar lausnir. Háþróuð greiningartækni, sjálfvirkni og gervigreind hafa verið notuð til að hámarka þjónustu og auka skilvirkni. Að auki leggjum við mikla áherslu á öflugar öryggisráðstafanir, tryggjum áreiðanleika gagna og byggjum upp traust.

Samvinna og aðlögunarhæfni eru áfram leiðarstef í stefnu okkar. Með því að vera á undan straumnum og fagna nýrri tækni og nýta hana, stuðlum við áfram að nýsköpun á ábyrgan hátt.

**Riaan Dreyer**  
Framkvæmdastjóri  
Stafrænnar þróunar  
og gagna



“

## Drifkraftur nýsköpunar, öryggis og sérsniðinna lausna fyrir viðskiptavinum

Þegar við lítum til baka á árangur ársins er ég ákaflega stoltur af starfsfólki Stafrænnar þróunar og gagna fyrir að vinna að lausnum sem raunverulega bæta og efla fjárhagslega heilsu viðskiptavina okkar og á sama tíma tryggja stöðugt og öruggt rekstrarumhverfi.

Meðal hápunkta ársins voru nýjar stafrænar lausnir fyrir bílalán, umbætur á peningaþvættisvörnum og framkvæmd áreiðanleikakannana, innleiðing á sjálfvirku ferli við upphaf viðskipta fyrir fyrirtæki, Payday tenging í appið og ný líkön fyrir vélnám (e. machine learning), svo eitthvað sé nefnt.

Horft til framtíðar verður áherslan á að halda áfram vegferðinni í átt að því markmiði að verða sannarlega gagnadrifið fyrirtæki sem veitir viðskiptavinum sérsniðnar vörur og þjónustu, endurhugar upplifunina í framlínu og útibúum og nýtir kraftinn sem fólgin er í spunagreind og nýrri tækni.

Stafræn þróun og gögn náði mikilvægum áföngum í að efla viðskiptavinum okkar og bæta fjárhagslega heilsu þeirra á árinu 2024.

Áfangarnir voru margvislegir, allt frá því að ljúka verulegum umbótum á líkönum tengdum peninga-þvættisvörnum og áreiðanleikakönnunum, innleiða nýja stafræna lausn fyrir bílalán og til þess að koma að frekari sjálfvirkni í stofnun bankareikninga fyrir fyrirtæki. Innleiðing lykileiginleika á borð við Mín mál og auðkenningar með lífkenni í appi veitir viðskiptavinum okkar meiri stjórn og öryggi en á sama tíma einfaldar það ferlið og eykur yfirsýn með umsóknum um yfirdráttar- og húsnæðislán. Slíkt sparar tíma og bætir heildarupplifun viðskiptavina. Innleiðingu á nýjum netbanka er ætlað að endurskilgreina aðgengi og þægindi og veita viðskiptavinum tæki og tól til að hafa yfirsýn yfir fjárhagslega heilsu sína og hámarka sjóðstreymisstjórnun, þar með talið útgjaldastýringu, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

Innan gagnagreiningar hefur mikil áhersla verið á að knýja herferðir sem eru studdar af gagnadrifinni sölu og þjónustu okkar til að gera okkur kleift að veita persónulega ráðgjöf og kynna vörur sem hjálpa viðskiptavinum að taka upplýstar ákvarðanir. Þá hefur verið stöðugur framgangur í frekari notkun á spunagreind meðal annars með því að kynna til sögunnar innra spjallmenni, sem hefur verið þjálfað að lesa úr gæðahandbók bankans svo hægt sé að veita einfaldari og greiðari aðgang að upplýsingum. Með þessari nýjung fjölga notkunartilvikum á spunagreind í sex.

Rekstrarlegur viðnámspróttur hefur verið styrktur með innleiðingu öflugra netöryggisráðstafana og framfara í stjórnun gagnataps, sem tryggja að upplýsingar viðskiptavina séu varðar. Þessar aðgerðir styðja við markmið okkar um að útvega viðskiptavinum verkfæri til að byggja upp örugga, sterka og sjálfbæra fjárhagslega framtíð.

## Árið í tölum

**80%**

styttri afgreiðslutími bílalánaumsókna með nýrri stafrænni lausn.

**1.347**

stafræn kort (án plasts) hafa verið stofnuð síðan þau voru sett í loftið í mars.

**89%**

kortaaðgerða framkvæmdar með sjálfsafgreiðslu.

**80%**

af þinglýsingarbeiðnum í endurfjármögnun húsnæðislána rafrænt unnar.

**89%**

af fyrirtækjareikningum sem stofnaðir voru í gegnum stafrænar lausnir voru stofnaðir sjálfvirkir.

**10x**

á fjölda umsókna um endurfjármögnun húsnæðislána sem eru afgreiddar sjálfvirkir.

**93%**

af öllum lausnum voru sjálfvirkir innsett og ný innsetningar framkvæmdar að meðaltali á dag.

**95%**

af viðskiptavinum í einstaklingsþjónustu eru virkir í stafrænum dreifileiðum.


**79%**

starfsmanna nota innra spjallmennið **SAM** að staðaldri.



## Stafrænir sigrar 2024

- Beta útgáfa af nýjum netbanka.
- Stafræn bílalánalausn fyrir Ergo.
- Stafræn stofnun reikninga fyrir fyrirtæki.
- 24 stafrænar herferðir á síðustu sex mánuðum.
- Ný vara **fastar greiðslur** á húsnæðislán sett í loftið.
- Fimm nýjar **PSD2 vefþjónustur** fyrir greiðslumiðlun.
- Ný alhliða **rafræn þinglýsingarlausn** sett á laggirnar.
- Auðkenning með **lífkenni** í appinu fyrir innlendar greiðslur.
- Fyrsti áfangi í straumlínulögun á ferli **yfirdráttarlána** fyrirtækja.
- Starfsfólk hóf samskipti við **SAM**, innra spjallmenni Íslandsbanka.
- Innleiðing **nýs líkans** í peningapvættisvörnum og framkvæmd áreiðanleikakannana.
- Innleiðing á **Payday** útgjaldastýringu og innheimtuþjónusta fyrir fyrirtæki í appið.
- **Mín mál** í appinu fyrir yfirdrátt, lán, húsnæðislán og undirritunarbeiðnir.





# Áhættustýring

Varfærið mat á áhættu og skynsamleg verðlagning hennar eru lykilþættir í rekstri Íslandsbanka. Skilvirk umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits leggur grunn að áhættu- og eiginfjárstýringu bankans. Umgjörðin er skipulögð í þremur varnarlínunum, með það að markmiði að ákvarðanir um áhættutöku séu vel ígrundaðar og að áhættuvitund í bankanum sé sterk.

Fjallað er ítarlega um alla helstu áhættuþætti í sérstakri áhættuskýrslu sem kemur út á ensku (e. Pillar 3 Report)

- ✓ Áhættustýring og innra eftirlit
- ✓ Eiginfjárstýring
- ✓ Útlánaáhætta
- ✓ Markaðsáhætta
- ✓ Lausafjáraáhætta
- ✓ Rekstraráhætta
- ✓ Sjálfbærniáhætta

Meðal starfsfólks Íslandsbanka ríkir sterk áhættuvitund þar sem áherslan er á gagnsæi, opin samskipti, skýra ábyrgð, viðbrögð og virðingu fyrir áhættu. Allar viðskiptaákvarðanir og áhætta sem af þeim leiðir eru í höndum viðskiptaæininga og lúta vel skilgreindu rýni- og eftirlitsferli. Umboð til ákvarðana fer eftir umfangi og flækjustigi undirliggjandi áhættu.

Fjármögnun bankans er fjölbreytt og styrk umgjörð eiginfjárstýringar byggir á staðalaðferð evrópskra eiginfjárreglna. Í árslok var eiginfjárlutfall bankans 23,2%, sem er 3,5% yfir kröfu eftirlitsaðila. Markmið Íslandsbanka er að viðhalda stjórnendaauka sem er 1-3 prósentustigum yfir ytri kröfum til að mæta væntum og óvæntum sveiflum í áhættugrunni og afkomu. Bankinn hefur tilkynnt að til standi að besta samsetningu efnahagsreiknings bankans, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna.

Bankinn er því vel í stakk búinn að mæta efnahagslegri óvissu sem stafað gæti af innri sem ytri þáttum og hefur fjárhagslegan styrk til að veita heimilum og fyrirtækjum þá þjónustu sem þau þarfnast til að stuðla að fjárhagslega heilsu og tryggja virðissköpun til framtíðar.

Guðmundur  
Kristinn Birgisson  
Framkvæmdastjóri  
Áhættustýringar




“

## Öflug áhættustýring styður við stöðugan og sjálfbæran vöxt

Starfsumhverfi banka er í stöðugri þróun og koma nýir áhættuþættir reglulega fram á sjónarsviðið. Tækniframfarir, félagslegar og pólitískar breytingar, umhverfisáhrif, netögnir og jarðhræringar eru áhættuþættir sem geta haft mikil áhrif á rekstrarafkomu og orðspor banka. Því er mikilvægt að viðhafa stöðuga árvekni og að áhættustýring sé sveigjanleg og skilvirk til að greina og meta nýjar áhættur.

Árið 2024 einkenndist af háu vaxtastigi og áhrifum þess á einstaklinga og fyrirtæki. Greiðslubyrði lána jókst, óverðtryggð lán voru greidd upp í auknum mæli og aukin sókn var í verðtryggð lán. Verðtryggingaröjfnuður bankans óx en ekki bar á aukningu í útlánaáhættu þar sem vanskil hafa ekki vaxið. Bankinn hefur styrkt umgjörð sína um varnir gegn peningþvætti í kjölfar athugasemda Seðlabanka Íslands og aukin áhersla hefur verið lögð á netöryggismál. Undirbúningur fyrir innleiðingu nýs regluverks hefur staðið yfir á árinu, reglugerðar sem snýr að mati á eiginfjárþörf banka CRR 3 og DORA sem snýr að viðnámsþrótti stafrænna innviða. Áhættustýring Íslandsbanka keppir stöðugt að framförum í mati, umgjörð og stýringu áhættuþátta.



## Varnarlínurnar þrjár

**Fyrsta varnarlína** er eigandi allrar áhættu og þar liggur ábyrgð á daglegri stýringu áhættu.

**Önnur varnarlína** ber ábyrgð á að viðhalda skilvirkri innri umgjörð til að stuðla að fullnægjandi eftirliti með áhættu, varfærunum viðskiptaháttum, áreiðanlegri upplýsingagjöf, ásamt því að tryggja hlítu við lög, reglugerðir og kröfur eftirlitsaðila sem og við innri stefnur og verklagsreglur.

**Þriðja varnarlína** veitir óháða staðfestingu þess að eftirlitsumgjörð í fyrstu og annarri varnarlínu sé skilvirk og viðeigandi.

## Áhættusnið

Útlánaáhætta er ríkjandi áhættuþáttur í starfsemi Íslandsbanka enda nemur hún um 90% af áhættugrunni bankans. Útlánaáhætta er áhættan sem stafar af því að viðskiptavinir standi mögulega ekki við sinn hluta af samningi, svo sem að endurgreiða ekki lán á réttum tíma. Markmið stýringar útlánaáhættu er að ná viðunandi jafnvægi á milli áhættu og tekna og að lágmarka neikvæð áhrif á heildarafkomu bankans. Stefna bankans varðandi útlánaáhættu er varfærin sem hefur skilað sér í vel dreifðu og vel tryggðu lánasafni. Innan bankans hefur til langs tíma ríkt varkárni í áhættutöku. Nú er unnið að því að auka vægi stafrænna lausna í vörum og þjónustu bankans og þar með að lánaákvæðanir verði í auknum mæli gagnadrifnar, sem mun leiða til enn betri áhættustýringar.

## Sjálfbærniáhætta

Sjálfbærniáhætta stafar af hættunni á að verða fyrir neikvæðum ytri áhrifum umhverfisþátta, félagslegra þátta eða stjórnarháttá (UFS-þættir). Til þeirra þátta teljast til dæmis loftslagsbreytingar, lífræðilegur fjölbreytileiki, spilling, mannréttindi, aðstæður á vinnumarkaði, persónuvernd og viðskiptasiðferði.

Mikil þróun hefur átt sér stað er varðar sjálfbærniáhættu og búið er að setja auknar kröfur á fjármálafyrirtæki er varðar opinbera upplýsingagjöf um sjálfbærniáhættu. Í viðbótarupplýsingum við áhættuskýrslu Íslandsbanka eru nú ný sniðmát sem byggja á ytri kröfum fyrir upplýsingar um sjálfbærniáhættu.

**Áhættuskýrsla Íslandsbanka** veitir ítarlegar upplýsingar um áhættustýringu og áhættusnið bankans og hvernig það tengist mati á eiginfjár- og lausafjárþörf.

Áhættuskýrsla

Í samræmi við ytri kröfur eru með áhættuskýrslunni birtar upplýsingar í stöðluðum töflum og sniðmátum, nefndar **viðbótarupplýsingar samkvæmt 3. stoð**, en þær fylgja með sem Excel-skrá á ytri vef bankans.

Viðbótarupplýsingar samkvæmt 3. stoð

# Regluvarsla

Íslandsbanki hefur bætt varnir sínar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og styrkt eftirlit sitt með háttsemisbrotum.

Helstu áhættuþættir Regluvörslu í áhættumiðuðu eftirliti eru:

- ✓ Hlítingaráhætta
- ✓ Fjármunabrotaráhætta
- ✓ Háttsemisáhætta
- ✓ Laga- og reglubreytingaráhætta
- ✓ Persónuverndaráhætta

Regluvarsla hefur eftirlit með hlítingaráhættu bankans og sinnir því verkefni á margvíslegan hátt, til að mynda með greiningu, ráðgjöf, þar með talið fræðslu, úttektum og skýrslugjöf. Allt miðar það að því að stuðla að góðum viðskiptaháttum, koma í veg fyrir markaðsmisnotkun, innherjaviðskipti og háttsemisbrot, auk þess að vinna gegn fjármunabrotum og brotum gegn persónuvernd.

Innan sviðs Regluvörslu eru tvær lykileiningar, leiddar af forstöðumönnum, sem bera ábyrgð á daglegum rekstri sinna eininga, það er annars vegar deild háttsemiseftirlits og hins vegar deild fjármunabrotæftirlits. Þessu til viðbótar er persónuverndarfulltrúi bankans á sviði Regluvörslu.

Deild fjármunabrotæftirlits hefur eftirlit með vörnum bankans gegn peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun geryðingarvopna, sem og vörnum bankans gegn mútum og spillingu og einnig eftirliti með viðskiptaþvingunum. Forstöðumaður þeirrar deildar er lögboðinn regluvörður vegna varna bankans gegn peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og fjármögnun geryðingarvopna og heyrir undir framkvæmdastjóra Regluvörslu. Því til viðbótar hefur í bankanum verið stofnuð sérstök eining á Fjármálasviði; Viðskiptaæftirlit, skipuð forstöðumanni sem er ábyrgðarmaður varna bankans gegn peningaþvætti, fjármögnun hryðjuverka og geryðingavopna í fyrstu varnarlínu. Lögum samkvæmt eru báðir þessir aðilar tilnefndir af stjórn.

Barbara Inga  
Albertsdóttir  
Framkvæmdastjóri  
Regluvörslu



“

## Mikilvægi skilvirkra stýringa

Við viljum vinna að skilvirkum fjármálamarkaði, byggðum á heilbrigðum og eðlilegum viðskiptaháttum, þar sem viðskiptahættir mótast manna á milli og verða grunnur að skrásettum kröfum í laga- og regluverki samfélaga. Raunin er oft sú að skrásetning evrópsks regluverks er ætlað að ná utan um starfsemi sem miðar að framkvæmd alþjóðlegra fjármálafyrirtækja, á stærri og fleiri mörkuðum með meira og flóknara vöruframboð, en er hjá okkur á Íslandi. Það á ekki bara við um viðskiptahættina sem slíka heldur einnig það eftirlit sem kröfur regluverksins gera ráð fyrir.

Stýringar, mótaðar og innleiddar, verða að vera ígrundaðar og skilvirkar, en Regluvarsla veitir lausna-miðaða ráðgjöf sem styður við slíka framkvæmd. Eftirlit með virkni þeirra þarf að vera áhættumiðað, skilvirkt og gagnlegt, ekki bara hjá Regluvörslu á annarri varnalínu heldur einnig á þeirri fyrstu með virku eftirliti sem er samofið daglegri starfsemi í svokölluðu stjórnendaæftirliti.

Vel skal vanda það sem lengi skal standa.

Íslandsbanki hefur gjörbreytt og styrkt varnir sínar gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í júní 2024 var gengið frá sátt bankans við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands vegna brota á lögum um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Með sáttinni samþykkti bankinn að greiða sekt að fjárhæð 570 milljónir króna og að gera umfangsmiklar úrbætur á starfsemi sinni.

Bankinn hefur í samstarfi við erlent ráðgjafafyrirtæki ráðist í viðamiklar úrbætur þar sem stjórnskipan og verklag bankans hefur verið endurbætt og umtalsverðar fjárfestingar gerðar í innviðum og tæknilausnum. Ný nálgun hefur verið innleidd í áhættumiðuðu eftirliti og áhættumat framkvæmt á grundvelli breyttrar aðferðarfræði. Um viðvarandi verkefni er að ræða og mun bankinn halda áfram að þróa og styrkja peningaþvættisvarnir sínar.

Þar sem traustum vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er ætlað að standa vörð um trúverðugleika, stöðuleika og orðspor, ekki bara hvers fjármálafyrirtækis, heldur fjármálamarkaðarins í heild er mikilvægt að fjármálastofnanir fái svigrúm til að vinna saman með stjórnvöldum að enn betri vörnum gegn þeirri samfélagsógn sem peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er. Aðilar á fjármálamarkaði og stjórnvöld ættu að taka höndum saman til að vinna enn betur gegn skipulagðri glæpastarfsemi og stýra frá hættunni á að íslenskar fjármálastofnanir verði nýttar til peningaþvættis. Íslandsbanki er klár í þá vegferð.



## Mikilvægi persónuverndar í bankastarfsemi

Markmið persónuverndar er að tryggja friðhelgi einkalífs. Fjármálastofnanir búa yfir viðamiklum upplýsingum um viðskiptavinum sína og er persónuvernd því veigamikill þáttur í starfsemi bankans. Lögð er rík áhersla á að tryggja öryggi persónuupplýsinga sem og að gæta þess að vinnsla persónuupplýsinga sé

í samræmi við kröfur ytra regluverks. Stefna á sviði persónuverndar hefur verið innleidd í starfsemi bankans og ýmsar verklagsreglur settar sem styðja starfsmenn í að hlíta þeim kröfum sem gerðar eru til þeirra. Sérstök áhersla er lögð á öflugna ráðgjöf og fræðslu til starfsmanna.

## Regluvarsla og sjálfbærni

Hlítning við lög og reglur er óaðskiljanlegur hluti af sjálfbærni vegferð bankans og gegnir mikilvægu hlutverki í að tryggja traust og öryggi innan samfélagsins. Með því að viðhalda til að mynda sterkum vörnum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka er unnið gegn þeim skaðlegu samfélagslegu

áhrifum sem slík ólögmat háttsemi hefur. Við sem samfélag tökum öll þátt í þeim vörnum til dæmis þegar við veitum upplýsingar í áreiðanleikakönnunum, en mikilvægi slíkrar sameiginlegrar þátttöku verður seint nægilega ítrekað.





# Sjálfbær Íslandsbanki

Umhverfispættir  
Félagslegir þættir  
Stjórnarhættir



# Í átt að sjálfbærri framtíð

Íslandsbanki hefur einsett sér að vera hreyfiafl til góðra verka í íslensku atvinnulífi. Íslandsbanki vill vinna með viðskiptavinum sínum og hreyfa þannig við íslensku samfélagi.



## Samstarf

Íslandsbanki hefur verið í samstarfi við ýmis innlend og alþjóðleg samtök. Mikilvægt er að taka þátt í alþjóðlegum skuldbindingum sem og að styðja við innlendan samstarfsvettvang á sviði sjálfbærni. Íslandsbanki er m.a. aðili að UN Global Compact, PCAF, TCFD, UN Principles for Responsible Investing (Íslandssjóðir), Festu, Iceland SIF, NZBA og UN Principles for Responsible Banking.



PRINCIPLES FOR RESPONSIBLE BANKING



## Áframhaldandi festa

Áframhaldandi festa við sjálfbærni einkenndi sjálfbærnivægferð Íslandsbanka árið 2024. Bankinn birti uppfærðan Sjálfbæran fjármögnunarramma í upphafi árs og áhersla var lögð á að bæta umgjörð ferla sem tengjast sjálfbærni. Margt starfsfólk kom að sjálfbærnimálum á árinu. Mikill fjöldi viðskipta- og lánastjóra flutti erindi fyrir sjálfbærninefnd með uppfærðum UFS-mötum og margt starfsfólk sat sjálfbærni-fræðslufundi og vinnustofur. Margir fundir voru haldnir með viðskiptavinum til að ræða sjálfbærni og kolefnishlutleysi. Þá var lögð áhersla á að koma sjálfbærni frekar inn í ferla sem tengjast vöruframboði bankans.

## Sjálfbærni upplýsingagjöf

Á árinu fór fram mikil vinna við innleiðingu á löggjöf tengdri sjálfbærni. Markmið löggjafarinnar er að auka gagnsæi í upplýsingagjöf og draga úr áhættunni á grænþvotti. Bankinn bindur miklar vonir við að með nýrri löggjöf aukist aðgengi að gögnum og áreiðanleika þeirra.

Á árinu hélt bankinn áfram að leggja grunn að tvöfaldri mikilvægisgreiningu sem er fyrsta skrefið í undirbúningi að væntanlegri löggjöf um ófjárhagslega upplýsingagjöf. Niðurstaða grunngreiningarinnar hefur verið notuð til þess að setja upp sjálfbærni-kafla þessarar skýrslu. Þá hefur einnig verið stuðst við leiðbeiningar Nasdaq um umhverfisþætti, félagsþætti og stjórnarhætti (UFS-þætti), viðeigandi mælikvarða GRI, viðmið Sameinuðu þjóðanna (SP) um ábyrga bankastarfsemi (e. UN Principles for Responsible Banking) og tengsl við heimsmarkmið SP. Bankinn hefur síðastliðin ár lagt áherslu á fjögur af heimsmarkmiðum SP en þau eru **Menntun fyrir alla, Jafnrétti kynjanna, Nýsköpun og uppbygging og Loftslagsbreytingar.**



# Helstu sjálfbærniáfangar á árinu 2024

Almennt gekk vel að innleiða sjálfbærnimarkmið ársins. Flest markmið komust vel á veg en þó voru einhver sem kláruðust ekki að fullu innan ársins. Helst ber þar að nefna markmið um vísindalegan samdrátt í kolefnisfótspori sem ekki náðist á árinu. Skoða þarf frekar forsendur fyrir markmiðinu. Margar hendur þvert á bankann unnu að markmiðunum.

Hlutfall UFS áhættumetinnar útlánaáhættu hélst stöðugt milli ára eða um

**93%**<sup>1</sup>

**Siðareglur fyrir birgja** voru **uppfærðar** á árinu 2024 og **hlutfall birgja** sem höfðu **formlega vottað að þeir fylgdu siðareglum birgja** hækkaði úr 77% í

**92%**

Markviss skref voru stigin í því að **innleiða sjálfbærniáhættu inn í áhættulíkan bankans fyrir fyrirtækjalán.**

Stefnt er að því að klára innleiðinguna á öðrum ársfjórðungi **2025**

**16**

**fræðslufundir um sjálfbærni** voru haldnir fyrir breiðan **hóp starfsfólks** Íslandsbanka.

Bankinn studdi við

**8**

**frjáls félagasamtök/ menntastofnanir** með því að **gefa tölvubúnað.**

Haldnir voru

**2**

**fræðslufundir um fjármál** fyrir viðskiptavini og almenning á **pólsku** til þess að ná til fjölbreyttari hóps.

Gerð var greining á **hlutfalli meðaltals launa** karla samanborið við meðaltal launa kvenna og búið er að **setja fram aðgerðaráætlun** til þess að markvisst jafna hlutfallið næstu ár.<sup>2</sup>

**25**

**fundir** með viðskiptavinum Fyrirtækja og fjárfesta með yfirskriftinni **sjálfbærni og kolefnishlutleysi.**

**Sjálfbærni ráð** bankans var endurvakið og voru þrjú fundir haldnir á árinu.

Ráðið samanstendur af **fjölbreyttum hóp starfsfólks** í bankanum.

Uppfærður **sjálfbær fjármögnunarrammur** utan um sjálfbær lán hjá bankanum var birtur.

Viðskiptabanki greindi **hlutfall kvenna í stjórn og framkvæmdastjórn fyrirtækja** í viðskiptum.

Niðurstöðurnar eru liður í að búa til **aðgerðaráætlun fyrir eflingu kvenna í stjórn fyrirtækja.**

<sup>1</sup>Að undanskildum einstaklingum og litlum fyrirtækjum, sem eru utan mengis. Markmið bankans er að UFS áhættumeta alla stóra viðskiptavini.

<sup>2</sup>Markmiðinu frá árinu 2024 var breytt úr „Jafna hlutfall miðgildis launa karla samanborið við miðgildi launa kvenna með markvissum hætti“ yfir í „Jafna meðaltal launa karla samanborið við meðaltal launa kvenna með markvissum hætti“ á árinu 2024.





## Tvöföld mikilvægisgreining

Sjálfbærni er í stöðugri þróun og í kjölfarið hefur umfang regluverks tengt sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja aukist mikið. Árið 2023 tóku reglugerðir um flokkunarkerfi Evrópusambandsins og upplýsingagjöf tengd sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu gildi. Á árinu 2025 er viðbúið að reglugerð um sjálfbærniupplýsingagjöf fyrirtækja (CSRD), taki gildi og er fyrsta skref við innleiðingu á reglugerðinni að framkvæma tvöfalda mikilvægisgreiningu.

### Aðferð við tvöfalda mikilvægisgreiningu

Íslandsbanki útbjó á árinu 2023 grunn að tvöfaldri mikilvægisgreiningu, til að undirbúa innleiðingu á væntu regluverki en stuðst var við drög að leiðbeiningum um tvöfalda mikilvægisgreiningu.

Tvöföld mikilvægisgreining snýst um að meta jákvæð og neikvæð áhrif bankans á umhverfi og fólk ásamt því að meta fjárhagslega áhættu og tækifæri fyrir bankann út frá sjálfbærnimálaflokkum. Áhrifin, áhættunarn og tækifærin geta bæði þegar hafa raungerst en einnig þarf að skoða hvað gæti gerst í framtíðinni. Reglugerðin gefur upp tíu málefni sem á að forgangsraða með mikilvægisgreiningunni.

Við gerð tvöfaldrar mikilvægisgreiningar er mikilvægt að greina hagaðila bankans. Meðal hagaðila Íslandsbanka eru starfsfólk, viðskiptavinir, birgjar, hluthafar, kaupendur skuldabréfa og almenningur. Mikilvægt er að taka inn skoðun hagaðila við greininguna.

### Aðferðafræðin okkar

Við gerð grunns að tvöfaldri mikilvægisgreiningu árið 2023 voru viðskiptalíkan og stefnumál bankans þöruð við málefni tíu. Niðurstöður þeirrar greiningar voru bornar undir sjálfbærninefnd bankans og niðurstöður endurskoðaðar í kjölfarið. Að lokum svaraði starfsfólk, sem er í mestum samskiptum við viðskiptavinum og almenning, könnun þar sem það lagði mat á mikilvægi málefna út frá þekkingu sinni og samskiptum út frá sjálfbærnimálaflokkum við hagaðila. Til að meta fjárhagslegar áhættur og tækifæri bankans voru sérfræðingar bankans fengnir til að gera meginlegt mat á mikilvægi. Þá var stuðst við Loftslagsvegvísa atvinnulífsins og Aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum við greininguna. Mynduðu þessar niðurstöður grunn að tvöfaldri mikilvægisgreiningu.

Á árinu 2024 tók við frekari greining á áhrifum, áhættum og tækifærum, þar sem margt starfsfólk víðsvegar um bankann lagði hönd á plóg. Haldnar voru tíu vinnustofur með um 30 einstaklingum úr níu deildum bankans um áhrif, áhættur og tækifæri. Sjálfbærninefnd bankans gegnir hlutverki rýnihóps fyrir niðurstöðurnar og hafa niðurstöður úr áhrifa- og áhættugreiningu verið staðfestar af nefndinni.

**Niðurstöður eftir áhrifa- og áhættugreiningu voru í samræmi við niðurstöður úr greiningunni sem gerð var árið 2023. Tækifærisgreining er langt á veg komin og stefnir bankinn á að ljúka greiningunni og fá álit hagaðila á niðurstöðunum á árinu 2025.**





## Málaflokkar ESRS staðlanna

- Loftslagsbreytingar
- Mengun
- Vatns- og sjávarauðlindir
- Líffræðilegur fjölbreytileiki og vistkerfi
- Auðlindir og hringrásarhagkerfi
- Mannauður
- Starfsfólk í virðisæðju
- Samfélag
- Neytendur og viðskiptavinir
- Viðskiptasiðferði

### Niðurstaða mikilvægisgreiningar Íslandsbanka

Fjögur málefni standa upp úr sem mikilvæg fyrir bankann, en þau eru *loftslagsbreytingar*, *mannauður*, *neytendur* og *viðskiptavinir*, og *viðskiptasiðferði*. Þessar áherslur eru í takti við áður metin áhrifasvið bankans frá árinu 2019, loftslagsbreytingar og jafnrétti. Að auki benti greiningin til þess að málefni *neytendur* og *viðskiptavinir* og *viðskiptasiðferði* væru einnig mikilvæg fyrir bankann út frá áhrifum, áhættu og tækifærum.

**Sjálfbærniupplýsingagjöf ársins 2024 tekur mið af þessum niðurstöðum en nánari niðurstöður verða birtar síðar á árinu.**

## Forgangsmál fyrir Íslandsbanka

**Út frá þeirri vinnu sem hefur verið unnin eru fjögur málefni í forgangi fyrir Íslandsbanka.**

### Viðskiptasiðferði

Viðskiptasiðferði er viðtækt málefni með marga mikilvæga snertifleti fyrir Íslandsbanka. Bankinn hefur lagt mikla áherslu á fyrirtækjamenningu innan bankans. Meðal annarra mikilvægra snertiflata eru samstarf við birgja, varnir gegn peningaþvætti, spillingu og mútupægni.

### Neytendur og viðskiptavinir

Áhrif bankans á neytendur og viðskiptavinir eru margvísleg. Með aukinni áherslu á stafræna þróun hefur þjónusta einfaldast en áhættur í tengslum við upplýsinga- og netöryggi aukist til muna. Þá er verulegt svigrúm til að gera betur í jafnréttismálum á Íslandi en hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja á Íslandi er 27% og konur eru 24% framkvæmdastjóra.<sup>1</sup>

### Loftslagsbreytingar

Heiminum stafar mikil ógn af loftslagsbreytingum og mikilvægt er að bregðast við þeim. Ísland hefur sett sér metnaðarfull markmið til að ná kolefnis-hlutleysi fyrir árið 2040 og að árið 2030 verði búið að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda um 40% samanborið við útblástur frá árinu 2019. Til þess að þessi markmið náist þarf þarf sameiginlegt átak hins opinbera og einkageirans.

### Mannauður

Starfsfólk bankans er ein mikilvægasta auðlind hans. Markmið hans er að ráða, efla og halda í hæft og traust starfsfólk. Íslandsbanki vill skapa jákvæða vinnustaðarmenningu og leggur mikla áherslu á fjölbreytileika og viðtæka þátttöku á meðal starfsfólks.



# Sjálfbær fjármögnunarrammi

Sjálfbær fjármálarammi bankans var uppfærður í byrjun árs 2024 og heitir nú **Sjálfbær fjármögnunarrammi**. Við uppfærsluna var horft til þess að aðlaga rammann að nýjustu breytingum á markaði. Sjálfbæri fjármögnunarramminn er unnin eftir stöðlum ICMA um græna, félagslega og sjálfbæra skuldabréfaútgáfu. Swedbank veitti bankanum ráðgjöf við uppfærsluna og Sustainalytics veitti jákvætt ytra álit.

## Upplýsingar

Smelltu á hnappana fyrir frekari upplýsingar um aðferðarfræði.

Sjálfbær fjármögnunarrammi

Yfirlit yfir sjálfbærar eignir og skuldir

Þær eignir sem voru í eldri ramma voru færðar yfir í Sjálfbæra fjármögnunarrammann á árinu 2024. Flestar eignir voru gjaldgengar, en hluti bílalána, að undanskyldum bílalanum vegna bíla sem eru hvorki knúnir eingöngu af rafmagni eða vetni. Þær eignir verða því áfram undir eldri Sjálfbærum fjármálaramma þar til þær hafa verið greiddar upp.


### Taktviss vöxtur sjálfbærra eigna

Sjálfbærar eignir jukust um 24% á árinu 2024 og námu 120 milljörðum króna í lok árs 2024. Til viðbótar hafa verið samþykkt útlán að fjárhæð 14,5 milljörðum króna sem ekki höfðu verið greidd út miðað við áramót.


Vöxtur sjálfbærra eigna er í takt við væntingar. Græn útlán voru 81% sjálfbærra útlána og samfélagsleg útlán 19%. Græn lán jukust um 16% á milli ára en samfélagsleg lán um 67%. Græn bílalan drógust saman um 25% en verulegur samdráttur varð í sölu nýrra bíla á árinu og samdrátturinn var hlutfallslega mestur í sölu rafbíla.

Sjálfbær fjármögnun Íslandsbanka var um áramótin 63 milljarðar króna, þar af voru 44 milljarðar króna eldri en 18 mánaða. Sjálfbæri fjármögnunarramminn tiltekur að sjálfbærri fjármögnun skuli ráðstafað í sjálfbærar eignir innan 18 mánaða.


Sjálfbærar eignir í lok árs ma. kr.



Sjálfbærar eignir í árslok 2024, skipt eftir flokkum í sjálfbærum fjármögnunarramma<sup>1</sup>



Sjálfbærar eignir í árslok 2024, skipt eftir ári sem lánveiting fór fram




# Áhrifamælikvarðar 2024

Staðfesting óháðs aðila


Upplýsingum um áhrifamælikvarðana er safnað frá viðeigandi viðskiptavinum og opinberum gagnaveitum.

## Forðuð losun gróðurhúsalofttegunda 2024




<sup>1</sup>Ekin vegalengd á ári er fengin frá Samgöngustofu; þar sem vegalengdir frá 2024 voru ekki aðgengilegar þegar þessi skýrsla var skrifuð eru upplýsingar frá 2023 notaðar. Upplýsingar um forðaða losun byggja á útblástrustuðlum frá framleiðendum bílanna og upplýsingar um meðalútblástur bíls frá mismunandi framleiðsluárum frá Evrópsku Umhverfistofnuninni: CO<sub>2</sub> emissions performance of new passenger cars in Europe | European Environment Agency's home page

## Uppsafnað frá 2020 til 2024



## Áhrif á árinu 2024



<sup>2</sup>Aðeins rafmagnsbílar eru gjaldgengir í uppfærðan Sjálfbæran fjármögnunarramma

<sup>3</sup>Mat byggt á lánstöðu við árslok 2024 samanborið við fjármögnun viðskiptavinar árið 2023 þar sem upplýsingar frá viðeigandi viðskiptavinum voru ekki aðgengilegar þegar þessi skýrsla var skrifuð. Á öðrum ársfjórðungi 2025 verða þessi mót uppfærð með upplýsingum frá 2024 og tilkynnt verður ef upplýsingarnar taka verulegum breytingum.



# Umhverfismál 2024

Staðfesting óháðs aðila



Sjálfbærniuppgjör  
2024


Stefnur, reglur  
og verklag

Áritun endurskoðenda




## E1-6 Losun gróðurhúsalofttegunda byggt á staðsetningu

Kolefnisspor af rekstri



## E1-5 Vatnsnotkun



Mikil lækking í kaldavatsnotkun skýrist af sölu á fullnustueignum. Uppfærsla á utanumhaldi um gögn vegna vatnsnotkunar veldur litillegum breytingum í gögnum afturvirk


## Aðrir mikilvægismælikvarðar út frá atvinnugeira

Hefur stjórn eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu?

Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?

Eru UFS þættir teknir til greina við útlán og fjárfestingar?   
Hlutfall UFS áhættumetinnar útlánaáhættu stóð í 93% í lok árs 2024.

## E1-5 Orkunotkun




## E1-7 Mildun loftslagsbreytinga

Heildarfjöldi kolefniseininga utan virðisæðjunnar sem eru staðfestar samkvæmt viðurkenndum gæðastöðlum og felldar úr gildi á árinu

1.100 tCO<sub>2</sub>f

## E5 Samsetning orku byggt á staðsetningu

Hlutfall af heildarorkunotkun (5,8 GWst)



## E1-2 Loftslagsstefnur

Fylgir bankinn formligri umhverfisstefnu og loftslagsstefnu?

Sjá sjálfbærnistefnu bankans, kafla 2 um umhverfismál, þar er einnig að finna stefnu bankans í loftslagsmálum.

Fylgir bankinn sérstökum úrgangs-, vatns-, og/eða endurvinnslustefnum?

Með betri vöktun á sorpi frá Norðurturni er stefnt að því minnka almennt sorp eins og mögulegt er. Sett var markmið um að ná 90% endurvinnsluhlutfalli í síðasta lagi árið 2025.

Hefur stjórn fyrirtækisins samþykkt og birt opinberlega markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?

Bankinn setti sérð markmið um að lækka kolefnisspor tengt rekstri bankans um 50% frá 2019 til ársins 2024 og að ná kolefnishlutleysi í rekstri að meðtöldum fjármögnuðum útblæstri frá lánasafni fyrir árið 2040.

Birtir fyrirtækið umfjöllun um sjálfbærni- og loftslagsáhættu sem fylgir alþjóðlegum TCFD viðmiðum?

Í áhættuskýrslu bankans (Pillar 3 Report) fyrir árið 2023 er sérstakur kafli um sjálfbærni- og loftslagsáhættu sem fylgir alþjóðlegum TCFD viðmiðum.

Eru UFS þættir teknir til greina við þróun á nýjum og núverandi vörum?

Horft er til sjálfbærniáhættu við vörupróun.

Býður fyrirtækið starfsmönnum upp á reglulega fræðslu tengda UFS þáttum?

Haldnar voru 16 vinnustofur og opnir fræðslufundir.

Hefur fyrirtækið mælt kolefnisspor af lána- og fjárfestingasafni?

Bankinn hefur birt mat á fjármögnuðum útblæstri frá árinu 2019.



# Fjármagnaður útblástur

Mat á fjármögnuðum útblæstri bankans sýnir að kolefnisspor af lánasafni og eignum í stýringu er margfalt stærra en kolefnisspor af rekstri. Stærsta tækifæri bankans til þess að vera hreyfiafl til góðra verka er í gegnum vöru- og þjónustuframboð með því að valdefla og hvetja viðskiptavinum bankans á sjálfbærnivægferð hvers og eins.

## Fjármagnaður útblástur 2024

Útreikningur bankans byggir á aðferðafræði Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF). Við útreikning reynir bankinn eftir fremsta megni að nýta sér upplýsingar beint frá viðskiptavinum. Þar sem aðeins hluti fyrirtækja birtir kolefnisspor sitt þarf bankinn að leggja mat á hluta safnsins út frá áætlunum fyrir mismunandi atvinnugreinar og lánaflokka. Bankinn nýtir sér ytri gagnaveitur til þess að leggja mat á útblástur frá fyrirtækjum á Íslandi. Niðurstöður fyrir árið 2024 byggja á gögnum frá viðskiptavinum fyrir árið 2023 þar sem niðurstöður fyrir 2024 liggja ekki fyrir þegar þessi skýrsla er gerð. Bankinn reiknaði ekki útblástur í umfangi 2 af bílalanum vegna skorts á aðgengi að gögnum. Bankinn mun vinna að því að bæta því við á árinu 2025. Ekki er talið að þetta muni hafa veruleg áhrif á fjármagnaða losun bankans.

Útblástur innan mismunandi atvinnugreina í lánasafni bankans er álíkur fyrra ári. Lán sem falla undir alþjóðasiglingar voru valdur að mestum útblæstri 2024 eða um 33% en eru minna en 2% af lánasafni í íslenskum krónum. Lðnaður olli rúmlega 13% af útblæstri en er 4% af heildarútlánunum, undir þeim flokki er meðal annars landbúnaður. Lðnaður olli um 30% af útblæstri lánasafns í fyrra og liggur munurinn helst vegna breytinga á gögnum um útblástur. Útblástur vegna sjávarútvegs og flugs er svipaður fyrra ári og nema 19% og 10%. Útblástur vegna vegasamgangna lækkar eða fer úr 20% í 16%. Húsnæðislán og atvinnuhúsnæði sem saman nema 60% af heildarútlánunum ollu rúmu 1% af útblæstri lánasafnsins. Fjármagnaður útblástur lána- og eignasafns jókst um 4% frá árinu 2023. Mesta aukningin er vegna þess að gagnagæði jukust innan flokksins alþjóðasiglinga sem leiddi til 200% hækkunar á útblæstri innan flokksins. Helstu breytingar á milli ára má rekja til þess að skipt var um aðferðafræði á milli ára og að bankinn nýtir sér ytri gagnaveitur til þess að leggja mat á útblásturinn.

Heildarfjármagnaður útblástur lækkar þó um 14% á milli ára en töluverður samdráttur er í útblæstri frá ríkisskuldabréfum. Helstu ástæður þess eru að bankinn á minna af eignum í ríkisskuldabréfum samanborið við árið 2023.




## Aðferðafræði

Frekari upplýsingar um aðferðafræði er að finna í skýrslu bankans um kolefnishlutleysi og í áhættuskýrslu.

Road to net zero

Áhættuskýrsla


Heildarlosun Íslandsbanka 2019-2024  
ktCO<sub>2</sub>i



- Kolefnisspor af verðbréfasjóðum (i stýringu hjá Íslandssjóðum)<sup>1</sup>
- Kolefnisspor af lána- og eignasafni (ríkisskuldabréf)
- Kolefnisspor af lána- og eignasafni
- Kolefnisspor af rekstri

<sup>1</sup> Mat á fjármögnuðum útblæstri eigna í stýringu fyrir 2024 var ekki aðgengilegt

Kolefnisspor af lánasafni 2024  
(Samtals = 162 ktCO<sub>2</sub>i)



- Lðnaður
- Alþjóðasiglingar
- Sjávarútvegur
- Flug
- Vegasamgöngur
- Byggingariðnaður
- Annað (m.a. íbúðar- og atvinnuhúsnæði)

Staðfesting óháðs aðila

Bankinn hefur lagt mat á útblástur af um 92% af lánunum til viðskiptavina og 82% af efnahagsreikning, sem er sambærilegt við fyrra ár.



# Markmið um samdrátt í kolefnisfótspori lánasafns


Íslandsbanki náði ekki að birta vísindalegt markmið um samdrátt í kolefnisfótspori eins og sett var markmið um. Ástæða þess er að miða átti við net zero aðferðafræði fyrir fjármálafyrirtæki frá Science Based Target initiative (SBTi) en aðferðafræðin átti að vera birt í lok árs 2023 en var ekki birt fyrr en í lok árs 2024.

Íslandsbanki hefur gripið til margvíslegra aðgerða á sviði loftslagsmála og er eini íslenski bankinn sem er stofnfélagi í NZBA (Net Zero Banking Alliance), alþjóðlegu samstarfi banka sem stefna að kolefnishlutleysi í starfsemi sinni. Á þeim vettvangi deila bankarnir, 135 bankar í 44 löndum, reynslu sinni og leiðum til þess að vinna sig í átt að kolefnishlutleysi. Íslandsbanki hefur birt markmið fyrir 64% af lána-safni og 78% af heildarútbæstri miðað við 2019. Íslandsbanki stefndi að því að birta einnig markmið fyrir byggingariðnaðinn og landbúnað en náði ekki markmiðinu vegna skorts á gögnum. Bankinn vonast til þess að geta bætt þeim við þegar upplýsingar um þá atvinnuvegi verða aðgengilegar.

Aðferðafræðin á bakvið markmiðin byggir á ráðleggingum NZBA. Íslandsbanki stefnir á að setja sér vísindalega staðfest markmið (e. Science Based Target) og mun því þurfa að samræma markmiðin við þá aðferðafræði.

Road to net zero

Fjármögnuð losun samanborið við áætlaða þróun kolefnisspors af lána- og eignasafni ktCO<sub>2</sub>j



Markmið um samdrátt í kolefnisspori atvinnugreinar í lánasafni bankans<sup>1</sup>  
Samdráttur frá viðmiðunarári (2019)

Atvinnugrein	2030	2040	2050
Flug og alþjóðasiglingar	>65%	>75%	>95%
Vegasamgöngur	>50%	>75%	>95%
Íbúðar- og atvinnuhúsnæði	<0%	<0%	<0%
Orkuframleiðsla	<0%	<0%	<0%
Sjávarútvegur	>43%	>75%	>95%

<sup>1</sup>Engin atvinnugreina-markmið hafa verið sett fyrir aðrar greinar en þær fimm sem taldar eru upp í töflunni, grafið gerir ráð fyrir 50% samdrátt í öðrum greinum í takt við loftslagsmarkmið og skuldbindingar Íslands

# Kolefnishlutlaus rekstur

Bankastarfsemi er ekki orkufrekur rekstur en bankinn telur það engu að síður mikilvægt að vera fyrirmynd og setja sér metnaðarfull markmið varðandi mælingu útblásturs af rekstri, minnkun á kolefnisspori og mótvægisáðgerðir. Með þessum hætti leggur bankinn sitt af mörkum hvað varðar þá hugarfarsbreytingu sem nauðsynleg er til þess að styðja við loftslagsáðgerðir.

Kolefnisspor af rekstri Íslandsbanka hefur verið metið og birt frá árinu 2018 í samræmi við aðferðarfræði Greenhouse Gas Protocol. Heildarlosun Íslandsbanka frá rekstri var um 1.000 tonn koltvísýringisgilda ( $\text{tCO}_2\text{i}$ ) árið 2024. Bankinn náði betur utan um útblástur vegna kaupa á matvælum og flugi en þeir flokkar hafa verið í flokki stærstu losunarvalda í rekstri síðustu ár. Ómögulegt reyndist að leggja mat á kolefnisspor vegna aksturs á vörum þar sem upplýsingar um þyngd farms skorti. Útblástur vegna þessa liðs hefur þó verið undir 0,2% síðustu þrjú ár. Aðrir losunarvaldar voru þeir sömu á milli ára en umfangið jókst töluvert.

Þessara breytinga. Að auki var aðferðarfræði um áætlun á magni úrgangs frá einu útibúi uppfærð sem leiddi til töluverðs samdráttar á úrgangsmagni hjá bankanum í heild. Önnur útibú bankans notast við sjallmæla. Þetta nýja mat á úrgangi fyrir útibúið er réttara en matið sem gert var árin á undan.


Á árinu 2025 verða sett ný markmið á sviði sjálfbærni til fimm ára. Stefnan er að tengja markmið um samdrátt í kolefnisspori betur við fjárhagsáætlunargerð og þannig leggja betur mat á samdrátt í kolefnisspori af rekstri samhliða útgjaldaáætlunum.

Íslandsbanki stefndi að því að draga úr kolefnisspori af rekstri bankans um 50% frá 2019 til ársloka 2024. Vel hefur tekist til að draga úr kolefnisspori af umfangi 1 en nemur samdráttur losunar þess þáttar 94% frá 2019 til 2024 en mestu má þar þakka rafvæðingu bílaflota bankans. Heildarkolefnisspor í tengslum við losunarvalda í umfangi 2 og 3 sem voru mældir bæði árið 2019 og árið 2024 lækkuðu um 36%, sem ber að fagna þó að markmiði bankans um 50% samdrátt hafi ekki náðst. Töluverð aukning varð á útblæstri vegna flugs á árinu 2024 eða um 44% frá árinu á áður. Þó má áætla að hluti þeirrar aukningar megi rekja til þess að bankinn skipti um kerfi og heldur á nákvæmari hátt utan um flug starfsfólks. Þá var utanumhaldi á gögnum vegna innkaupa á matvælum breytt og nær nú til aukins umfangs matarverka en áður. Erfitt er að leggja mat á hversu stór hluti aukningar kolefnisspors er vegna

## Kolefnisjöfnun með mótvægisáðgerðum

Frá árinu 2019 hefur bankinn tryggt að starfsemi hans sé kolefnisjöfnuð með mótvægisáðgerðum sem jafna fyrir þann hluta sem ekki hefur verið unnt að minnka. Íslandsbanki leggur áherslu á fjölbreytt og vottuð verkefni til þess að jafna kolefnisspor starfseminnar. Íslandsbanki kolefnisjafnaði rekstur sinn að fullu með kaupum á 1.100 vottuðum kolefnisjöfnunareiningum í gegnum verkefni Sameinuðu þjóðanna, United Nations Carbon Offset Platform. Verkefnið er um ræðir eru annars vegar sólarraforkuverkefni á Indlandi sem bæði hefur hlotið vottun Gold Standard og Clean Development Mechanism (CDM) (900  $\text{tCO}_2\text{i}$ ) og hinsvegar verkefni tengt notkun á hreinni eldavelum í Afríku (200  $\text{tCO}_2\text{i}$ ) sem hefur hlotið vottun CDM.

Fimm stærstu losunarvaldar í rekstri árið 2024  
Staðfesting óháðs aðila



## Félagslegir þættir 2024

Staðfesting óháðs aðila



Sjálfbærniuppgjör 2024

Stefnur, reglur og verklag

Aritun endurskoðenda



### S1-7 Samsetning starfsfólks

Heildarfjöldi starfsfólks	<b>854</b>	Fjöldi starfsfólks án fasts vinnutíma	<b>26</b>
Karlar	374	Karlar	11
Konur	480	Konur	15
Fjöldi fastráðins starfsfólks	<b>738</b>	Kynjahlutföll stjórnenda	
Karlar	330	Karlar	68%
Konur	408	Konur	32%
		Heildarvelta starfsfólks	<b>11,5%</b>

### S1-10 Heilsu- og öryggisstjórnunarkerfi

Hlutfall starfsfólks sem fellur undir heilsu- og öryggisstjórnunarkerfi **100%**

Íslandsbanka er annt um velliðan starfsmanna og styður við heilbrigði með ýmsum hætti í takt við mannauðsstefnu bankans. Stefnan fjallar m.a. um mikilvægi hvetjandi starfsumhverfis.

### S1-16 Launamunur kynja

Launamunur kynjanna, skilgreindur sem munur á meðallaunum kvenna og karla, gefinn upp sem hlutfall af meðallaunum karla **21,90%**

Niðurstaða jafnlaunavottunar **0,2%**  
Íslandsbanki hefur hlotið faggilta jafnlaunavottun samkvæmt ÍST staðlinum 85:2012 árlega síðan 2018. Samkvæmt síðustu jafnlaunaúttekt var óútskýrður launamunur fyrir jafnverðmæt störf 0,2%.

### S1-19 Auðkennd tilfelli alvarlegra mála og atvika vegna mannréttinda

Fjöldi auðkenndra tilfella alvarlegra mála og atvika vegna mannréttinda hjá starfsfólki **0**

Bankinn leggur áherslu á virðingu fyrir mannréttindum og að eiga ekki viðskipti sem tengjast við hvers konar mannréttindabrot, t.d. mismunur á grundvelli kyns, trúar eða kynþáttar, sbr. sjálfbærnistefna. Þá skulu birgjar leggja áherslu á fylgni við lög, reglur og alþjóðlega samninga um vernað mannréttinda skv. siðareglum birgja.

### Aðrir mikilvægismælikvarðar út frá atvinnugeira

Hefur fyrirtækið ferla fyrir upplýstranir sem eru vel kynntir fyrir starfsmönnum?

Öllu starfsfólki bankans stendur til boða úrræði við að koma upplýsingum um óviðeigandi háttsemi á framfæri með nafnlausum hætti

Er stjórnendum gefin ábyrgð á siðferðislegri markaðssetningu og orðsvarsáhættu?

Stjórnendur bera ábyrgð á siðferðislegri markaðssetningu og orðsvarsáhættu og fer fram margvísleg árleg stjórnendaþjálfun.

### S1-11 Frammistaða heilsu- og öryggisstjórnunarkerfis

Dauðsföll vegna vinnuslysa og veikinda tengdum vinnu **0**

Dauðsföll vegna vinnuslysa og veikinda tengdum vinnu hjá öðru starfsfólki sem vinnur á starfsstöðvum fyrirtækisins **0**

Fjöldi skráðra vinnuslysa **0**

### S1-17 Hlutfall heildarlauna

Hlutfall ársheildarlauna hæst launaða einstaklingsins miðað við miðgildi ársheildarlauna allra starfsmanna (að undanskildum hæst launaða einstaklingnum) **504,70%**

### S1-22 Kjarasamningar

Hlutfall starfsfólks sem fellur undir almenna kjarasamninga **100%**

Allt starfsfólk að undanskildum bankastjórnunum fellur undir almenna kjarasamninga

Er fyrirtækið, og vörur þess, aðgengilegt fyrir jaðarhópa, lítill fyrirtæki eða samfélög?

Horft er til ýmissa þátta svo sem jafnréttis og aðgengis þar sem lögð er áhersla á aðgengi í útibúum og á skrifstofum.

Er til áætlun um mannauðspróun, sem inniheldur markmið um nýliðun, þróun og starfsmannaveltu?

### S1-9 Þjálfun og þróun í starfi

Hlutfall starfsfólks sem tók þátt í reglubundnum samtölum um frammistöðu og starfsþróun **100%**

Meðalfjöldi fræðslustunda hjá starfsfólki

Karlar 6  
Konur 7

### S1-13 Jafnvægi vinnu og einkalífs

Hlutfall starfsmanna sem á rétt á fjölskyldutengdu leyfi **100%**

Hlutfall starfsfólks sem á rétt á fjölskyldutengdu leyfi og nýtti sér það **8,3%**

Karlar 5%  
Konur 3,30%

### S1-18 Atvik tengd mismunun varðandi jöfn tækifæri

Heildarfjöldi atvika tengd mismunun, þ.m.t. áreitni **0**  
Mannauðsstefna Íslandsbanka leggur áherslu á jöfn tækifæri og að vinna markvisst gegn mismunun, kynferðislegu áreitni og einelti.

### S4-3 Ferlar fyrir neytendur og viðskiptavinir til að koma ábendingum á framfæri

Fjöldi kvartana sem bárust frá neytendum og/eða viðskiptavinum á skýrslutímabili **403**

Neytendur og viðskiptavinir geta komið ábendingum á framfæri í gegnum heimasíðu bankans. Inniheldur upplýsingar um kvartanir sem bankinn fékk í gegnum viðskiptasvið sin.

Byður fyrirtækið upp á sjálfbær lán sem styðjavið félagsleg markmið stjórnvalda?

Í sjálfbærum fjármögnunarramma bankans er að finna flokka sem styðja við félagsleg markmið stjórnvalda.

Hefur stjórn fyrirtækisins samþykkt og birt opinberlega markmið á sviði jafnréttismála?

Bankinn stefnir m.a. að því að hlutfall eins kyns fari ekki yfir 60% í hverju stjórnendalagi fyrir sig.



## Fjölbreytileiki til framtíðar

Íslandsbanki leggur ríka áherslu á að tryggja fjölbreytileika með því að bjóða öll velkomin, bæði viðskiptavinum og starfsfólki. Unnið er markvisst að jafnri meðferð starfsfólks og er markmiðið að gera betur á hverju ári og þannig vera hreyfiafl til góðra verka.



### Mannauðsstefna Íslandsbanka

Mannauðsstefna Íslandsbanka styður við heildarstefnu bankans sem byggir á gildunum; **framsækni, samvinna og fagmennska**. Markmið Íslandsbanka er að ráða, efla og halda hæfu og traustu starfsfólki.

Mannauðsstefna

### Markviss skref í rétta átt

Íslandsbanki kappkostar við að hafa hlutföll kynja eins jöfn og hægt er innan deilda, nefnda, ráða og stjórna sem og í stjórnendastöðum. Eitt mikilvægasta sjálfbærnimarkmið Íslandsbanka er að tryggja að hlutfall eins kyns fari ekki yfir 60% í stjórnendateymi bankans. Bankinn hefur tekið markviss skref í átt að kynjajöfnuði og er álitinn fyrirmynd í þeim efnum.


Bankinn hefur sett sér jafnréttisáætlun í samræmi við lög um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Þar má sjá markmið sem snúa að launajafnrétti en Íslandsbanki hefur hlotið faggilta jafnlaunavottun ár hvert frá árinu 2018.

Starfsauglýsingar eru ókyngreindar og þegar valið stendur milli jafn hæfra einstaklinga skal ráðið það kyn sem hallar á innan einingarinnar. Auk þess hefur bankinn sett sér markmið sem snúa að því að fjölga konum í deildum þar sem kynjahalli hefur verið mikill, eins og í fjárfestingarbanka og upplýsingatækni.

Rík áhersla er á að starfsfólki sé gert kleift að samræma skyldur sínar gagnvart vinnu og fjölskyldulífi með sveigjanlegum vinnutíma, fjarvinnu, hlutastörfum, eða annarri vinnuhagræðingu, eftir því sem við verður komið og þörf er á hverju sinni.



Hlutfall kvenna í stjórn og framkvæmdastjórn



■ Íslandsbanki í árslok 2024  
 ■ Meðaltal úrtaks alþjóðlegra banka (desember 2022)  
*Globally, within financial services institutions, women held 20% of board seats, 18% of C-suite roles in 2022.*

Heimild: [https://www2.deloitte.com/content/dam/insights/articles/us175770\\_cfs\\_within\\_reach-global-update-article/DL\\_Within\\_reach\\_global\\_update.pdf](https://www2.deloitte.com/content/dam/insights/articles/us175770_cfs_within_reach-global-update-article/DL_Within_reach_global_update.pdf)

### Stuðningur og aðhald til að gera betur

Á árinu hefur bankinn skapað farveg fyrir jafnrétti og fjölbreytileika innan bankans með ríkri áherslu á fræðslu og vitundarvakningu. Sem dæmi stóð starfsfólki til boða fræðsluerindi um ADHD og einhverfu, auk þess fékk allt starfsfólk sem þjónustar viðskiptavini sérstaka fræðslu frá Samtökunum '78 um hinseginleika. Hvoru tveggja er til þess fallið að auka skilning starfsfólks á fjölbreytileika og jafnrétti.

Íslandsbanki býður starfsfólki aðgang að íslenskukennslu í gegnum snjallforritið BARA TALA. Lausnin eykur aðgengi starfsfólks bankans að íslenskunámi sem ýtir undir inngildingu á vinnustaðnum og í samfélaginu í heild.

### Virðing og vellíðan

Allt starfsfólk á rétt á því að komið sé fram við það af virðingu og að það sæti ekki einelti, kynbundinni eða kynferðislegri áreitni né ofbeldi (EKKO). Slíkt er óheimilt samkvæmt lögum og er ekki undir neinum kringumstæðum umborið innan bankans.

Á árinu hélt bankinn áfram að skerpa á verkferlum í tengslum við EKKO og samskiptavanda. Allt starfsfólk fékk árlega fræðslu til að efla færni sína til þess að takast á við hverskyns samskiptavanda eða mál af þeim toga. Með þessu tryggir bankinn öryggi, heilsu og vellíðan starfsfólks.

### Jafnvægisvogin

Íslandsbanki hlaut á árinu 2024 gullmerki Jafnvægisvogarinnar sjötta árið í röð. Jafnvægisvogin er hreyfi-afslverkefni á vegum Félags kvenna í atvinnurekstri (FKA) og er mikilvægur þáttur í því að vekja öll til umhugsunar um virði fjölbreytileika og jafnréttis með auknum jöfnuði kynja í stjórnunarstöðum. Viðurkenningin staðfestir að bankinn hefur á framúrskarandi hátt unnið að markmiðum vogarinnar og náð að jafna hlutfall kynja í efsta lagi stjórnunar.

### Fæðingarorlof

Bankinn hvetur starfsfólk sitt, feður jafnt sem mæður, til að nýta fæðingarorlofsrétt sinn. Með það að markmiði að tryggja jafnan hlut kynja enn frekar tryggir bankinn starfsfólki sínu 80% laun á meðan á fæðingarorlofi stendur.

Við leggjum okkur fram við að koma til móts við þarfir starfsfólks um sveigjanlega töku fæðingarorlofs með það að markmiði að auðvelda starfsfólki að snúa aftur til vinnu.

## Fjárhagsleg heilsa

Íslandsbanki leggur áherslu á að styrkja fjárhagslega heilsu viðskiptavina sinna. Bankinn vill byggja upp fjármálaþekkingu hjá viðskiptavinum sínum og almenningi til þess að styrkja viðskiptavinum í að taka ábyrgð á eigin fjármálum og auka öryggi og fjárhagslegt frelsi þeirra.



### Fræðsla

Íslandsbanki bauð upp á fjölbreytta fjármálafræðslu á árinu, hvort sem það voru viðburðir, greinaskrif eða fræðsla á samfélagsmiðlum. Alls sóttu ríflega tvö þúsund gestir 27 opin erindi sem haldin voru á vegum bankans en þau voru haldin á íslensku, ensku og pólsku til þess að mæta viðtækum hópi. Erindin voru allt frá því að kenna áhugasömu fólki grunnatriði í sparnaði, hvernig á að lesa úr ársreikningi, hvaða íbúðarlán gæti hentað þeim best, hvað þarf að vita varðandi fæðingarorlof og hvernig á að undirbúa starfslok. Fundirnir voru haldnir í höfuðstöðvum bankans í Norðurturni, á Teams og í útibúum bankans um allt land. Bankinn tók einnig á móti rúmlega 300 háskólanemum í vísindaferðum þar sem bankinn fræddi nemana um fjármál og vinnustaðinn Íslandsbanka.

Bankinn lagði áherslu á að miðla fjármálafræðslu til almennings í gegnum samfélagsmiðla. Bankinn birtir myndbönd þar sem starfsfólk bankans kynnir fjármálhugtök og efni á mannamáli. Þá voru samantektir úr greinaskrifum starfsfólks og efni frá greiningardeild bankans birt á samfélagsmiðlum bankans og efninu miðlað sem víðast.

Fjármálafræðsla

### Orðabankinn

Íslandsbanki lagði áherslu á að fræða almenning um ýmis fjármálhugtök. Árið 2023 var Orðabankinn settur í loftið, þar sem fólk getur fundið útskýringar á ýmsum fjármálhugtökum. Hugmyndin að baki Orðabankanum er að efla fjármálalæsi og aðstoða fólk við að skilja öll þau bankahugtök og frasa sem notast er við í bankaheiminum. Fólk getur síðan sent inn orð sem það vill sjá þýðingu á og þannig eflt fjármálalæsi sitt enn frekar.

Í árslok 2024 voru komin yfir 100 orð í Orðabankann og fleiri orð bætast stöðugt við.

Orðabankinn



# Öryggi upplýsinga og varnir gegn netárásum

Íslandsbanki leggur áherslu á stafræna þróun og notkun upplýsingatækni. Aukin notkun upplýsingatækni getur haft jákvæð og neikvæð áhrif á viðskiptavinum bankans. Stafræn þróun eykur skilvirkni, getur flýtt fyrir og einfaldað þjónustu en getur þó gert bæði bankann og viðskiptavinum útsetta fyrir svikum og netárásum. Rekstrar- og öryggisnefnd bankans rýnir rekstrar-, kerfis- og öryggismál sem og heilbrigði upplýsingatæknikerfa og sækir umboð sitt til bankastjóra.



## Netöryggi

Fjársvikum hefur fjölgað töluvert og beinast þau bæði að einstaklingum og fyrirtækjum. Mikilvægt er að huga að netöryggi og hér má nálgast gagnlegar upplýsingar til að fyrirbyggja fjársvik.

Netöryggi

## Upplýsingaöryggi

Til að tryggja öryggi viðskiptavina er bankinn með stjórnkerfi upplýsingaöryggis sem verndar upplýsingar frá óheimilum aðgangi, breytingum, eyðingu eða tjóni. Íslandsbanki hefur frá árinu 2016 hlotið vottun upplýsingaöryggisstaðalsins ISO27001:2013 og er hlitni bankans við staðalinn tekin út árlega af KPMG í Finnlandi. Með vottun sýnir bankinn fram á að hafa sett upp, framkvæmt, viðhaldið og endurbætt stjórnkerfið til að stjórna upplýsingaöryggi á ábyrgan og öruggan hátt. Þetta felur einnig í sér að bankinn hafi valið og beitt viðeigandi öryggisráðstöfunum til að vernda þær upplýsingar sem hann á eða meðhöndlar með því að hafa tekið tillit til þeirra áhrifa sem ógnir og veikleikar geta haft á upplýsingar.

## Svikavakt Íslandsbanka

Á árinu 2024 voru umsvif svikavaktarinnar aukin til að bregðast við nýjum áskorunum. Starfsfólk svikavaktarinnar vinnur að stöðugum umbótum á svikavörnum bankans. Svikavaktin fræðir annað starfsfólk bankans í formi námskeiða og vikulegra pósta um helstu svik. Íslandsbanki er með fræðslu fyrir viðskiptavinum á netöryggissíðu bankans auk þess sem tilkynningum um þekkt svik eða ráðleggingum gegn svikum er miðlað með markpósti og á samfélagsmiðlum. Íslandsbanki er þáttakandi í norrænu samstarfi Nordic Finance CERT þar sem upplýsingum um svik, árásir og varnir gegn netárásum er deilt á milli meðlima. Á árinu tók bankinn í notkun villuveiðigátt

Defend Iceland sem stuðlar að því að tryggja netöryggi og bæta viðnámsþrótt fyrirtækja gegn alvarlegum netárásum. Einnig skuldbatt bankinn sig til að taka þátt í rannsóknarverkefni AwareGo um helstu áhættuþætti netsvika fyrir notendur heimabanka og fyrirtækjabanka og þróun mótvægisáðferða tengdum öryggisfræðslu.

## Prófanir og æfingar

Bankinn framkvæmir reglulegar prófanir á upplýsingakerfum og æfir viðbragðsáætlanir ásamt því að framkvæma sjálfvirkar og handvirkar prófanir og innri úttektir til að tryggja öryggi. Allur hugbúnaðarkóði er yfirfarinn og prófaður vélrænt og handvirkt áður en hann fer í rekstur. Rekstrarumhverfi bankans er aðskilið í þróunar-, prófunar-, viðtöku- og rekstrarumhverfi til að koma í veg fyrir atburði sem tengjast þróun og innleiðingu tölvukerfa. Þá eru áhættumöt notuð til við stýringu áhættu. Hæfir aðilar eru fengnir til að ráðast á tölvukerfi bankans og leita ítarlega að glufum utanfrá og innanfrá.

Nokkrum sinnum á ári æfir netöryggissveit bankans viðbragðsáætlanir við hverskyns netvá. Neyðarstjórn bankans æfir að lágmarki einu sinni á ári viðbrögð við stóráföllum þar með talið gagnagíslatökum og gagnaleka. Bankinn er kerfislega mikilvægur og sem slíkur falla á hann ríkar kröfur sem hann þarf að uppfylla til að tryggja öryggi þeirra verðmæta sem bankinn hefur í vörslu sinni.



# Nýsköpun innanhúss og utan

Íslandsbanki leggur áherslu á að hlúa að nýsköpun á Íslandi, en heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna númer níu um nýsköpun og uppbyggingu er eitt af þeim fjórum heimsmarkmiðum sem bankinn hefur valið að styðja sérstaklega við með margvíslegum hætti.



## Verkefni sem hlutu styrk frá Frumkvöðlasjóði 2024

Mirno  
Kvennasögusafn  
Okkar heimur  
Cloud Solutions  
Flöf  
Ísponica  
Oxstone  
Shirako  
GreenFish  
Svepparíkið  
Minamo  
Rekovy  
Hringvarmi  
SonoMicro

Nánar um verkefni

Á árinu var hrist upp í Heilahristingi, nýsköpunardegi starfsfólks. Ný umgjörð um nýsköpunar- og hugmyndadaga leit dagsins ljós og var öllu starfsfólki bankans boðið að virkja sköpunargáfuna og leggja fram hugmyndir um bættar vörur, þjónustu eða innri starfsemi. Hugmyndirnar gátu snúið að nýrri tækni, bættri þjónustuupplifun í appi eða netbanka, skilvirkari ferlum, aukinni starfsánægju eða hverju því sem hugmyndaflugið leyfir. Starfsfólk hópaði sig saman og fékk 24 tíma til að vinna að sinni hugmynd áður en hún var kynnt fyrir samstarfsfólki og dómnefnd í tveimur umferðum. Í ár mættu 14 hópar til leiks með fjölbreyttar og skemmtilegar hugmyndir.

Áhersla er lögð á að stjórnendur hitti hópana og skoði hugmyndirnar nánar. Sumar hugmyndir halda áfram að próast og rata inn í vöruframboð bankans, aðrar fara í frekari vinnslu hjá vöruþeymum og sumar bíða betri tíma. Með þessu er komið á umgjörð sem styður við skapandi hugsun og býr til vettvang til að þróa hugmyndir áfram, með það að markmiði að auka verðmæti fyrir bæði bankann og viðskiptavinum hans.

## Úthlutunir úr Frumkvöðlasjóði

Fjórtán verkefni hlutu styrk frá Frumkvöðlasjóði Íslandsbanka á árinu 2024, en úthlutunin nam alls 50 milljónum króna. Frá árinu 2019 hafa sjóðnum alls borist 875 umsóknir um úthlutun, en í ár bárust 145 umsóknir sem er tíu prósentu aukning frá því á síðasta ári. Heildarfjárhæð úthlutana úr sjóðnum nemur nú 265 milljónum króna.

Að verkefnunum sem styrk hlutu að þessu sinni standa fjölbreytt teymi líkt og síðustu ár en þriðjungur umsækjenda var af landsbyggðinni, sem er óvenju hátt hlutfall. Samsetning umsækjenda var þannig að kvennateymi voru 29%, karlateymi 19% og blönduð teymi 52%.



Frumkvöðlasjóður Íslandsbanka hvetur til nýsköpunar og þróunar og styður við bakið á frumkvöðlaverkefnum sem stuðla að þeim fjórum heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna sem Íslandsbanki hefur valið að leggja sérstaka áherslu á.



# Samstarf og samtal við viðskiptavini

Íslandsbanki leggur áherslu á að eiga víðtækt samtal við viðskiptavini. Sjálfbærni kemur sífellt oftar upp í samtölum við fulltrúa fyrirtækja í viðskiptum hjá bankanum og hefur áhugi aukist á sjálfbærum fjármögnunarmöguleikum. Í takt við þessa þróun hefur Íslandsbanki eflt fræðslu um sjálfbærni í samhengi ólíkra atvinnugreina, meðal annars með útgáfu atvinnugreinaviðmiða og fræðslufundum með starfsfólki.

## Sjálfbær fjármögnun og fjárhagslegir hvatar

Umbreyting í átt að kolefnishlutleysi krefst verulegrar fjárfestingar sem skapar tækifæri fyrir banka að styðja fjármögnunarpörf viðskiptavina. Bankinn er ákveðinn í að skapa jákvæða hvata til að flýta fyrir fjárfestingu í nauðsynlegri umbreytingu til að sporna gegn loftslagsbreytingum. Möguleikinn til að veita slíkan hvata kemur annars vegar frá hagstæðari fjármögnunarkjörum bankans þegar gefin eru út sjálfbær skuldabréf og hins vegar frá öflugri stýringu sjálfbærniáhættu sem getur haft áhrif á útlánaáhættu. Þannig er mögulegt að veita hagstæðari vaxtakjör til sjálfbærra verkefna og fyrirtækja í viðskiptum hjá bankanum.

Í upphafi ársins 2024 gaf Íslandsbanki út uppfærðan Sjálfbæran fjármögnunarramma en bankinn hefur flokkað lán undir sjálfbæran ramma síðan 2020. Hlutfall sjálfbærra lána hjá Íslandsbanka í lok árs 2024 var 9% af heildar útlánum bankans.

Sjálfbær fjármögnunarrammí

## Sjálfbærni-fræðsla

Íslandsbanki leitast eftir að styðja viðskiptavini í sjálfbærni-vegferð sinni. Viðskiptavinir Íslandsbanka starfa í fjölbreyttum atvinnugreinum og standa fyrir ólíkum áhættum og tækifærum þegar kemur að sjálfbærni. Íslandsbanki hefur gefið út fjögur atvinnugreina- viðmið fyrir byggingariðnað, sjávarútveg, ferðaþjónustu og framleiðslu, verslun og þjónustu. Eru viðmiðin hugsuð sem verkfæri til að veita fyrirtækjum betri yfirsýn yfir áhættu og tækifæri tengd sjálfbærni í sinni atvinnugrein en ólíkar atvinnugreinar geta verið útsettar fyrir mismunandi áhættuþáttum og innihalda viðmiðin sérsniðnar ráðleggingar um stýringu þeirra. Það er von bankans að viðmiðin skapi sameiginlegan grundvöll Íslandsbanka, viðskiptavina og annarra hagsmunaaðila til að eiga frekara samtal um sjálfbærni.

Atvinnugreina- viðmið

## Uppfært UFS áhættumat og stýring sjálfbærni áhættu

Í lok árs 2024 hafa 93% allrar útlánaáhættu vegna stórra viðskiptavina og mótaðila verið metin með hliðsjón af UFS-áhættuþáttum. Þannig hefur bankinn góða yfirsýn yfir hvar helsta áhætta tengd sjálfbærni liggur í lánasafninu en bankinn hefur einsett sér að horfa til UFS-viðmiða við mat á áhættu og verðlagningu útlána bankans og þannig samþætta sjálfbærniáhættu við útlánaákvæðanir.



# Stjórnarhættir 2024

Staðfesting óháðs aðila



Sjálfbærniuppgjör  
2024

Stefnur, reglur  
og verklag

Áritun endurskoðenda

## GOV1 Hlutverk stjórnunaraðila, stjórnenda og eftirlitsaðila

Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku?

Í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995 á Íslandi getur forstjóri ekki verið stjórnarformaður sama félags.

Hlutfall óháðra stjórnarmanna **100%**

## G1-2 Stýring samskipta við birgja

Ber seljendum fyrirtækisins og birgjum þess að fylgja siðareglum

Ef svarið er já, hversu hátt hlutfall birgja hefur formlega staðfest að þeir fylgi siðareglunum? **92%**

## G1-5 Pólitísk áhrif og hagsmunagæsla

Fjárhagsleg framlög til stjórn mála **0 krónur**

Í samræmi við styrkjastefnu bankans styrkir bankinn ekki stjórnálasamtök eða einstök framboð, hvorki á vegum samtaka né einstaklinga.

## GOV2 Kynjahlutfall í stjórn

**43%**

Hlutfall kvenkyns **stjórnarmeðlima**

**67%**

Hlutfall kvenkyns **nefndarformanna**

## G1-3 Varnir gegn spillingu og mútubægni

Framfylgir fyrirtækið siðareglum og/eða stefnu gegn spillingu og mútum?

Íslandsbanki hefur sett sér stefnu um varnir gegn spillingu og mútubægni. Ennfremur hefur bankinn sett sér stefnu um ráðstafanir gegn peningabætti og siðareglur fyrir starfsfólk og stjórn auk þess sem sjálfbærnistefna bankans leggur áherslu á þessa þætti.

Ef já, hvaða hlutfall starfsmanna hefur formlega staðfest að það fylgi stefnunni? **99%**

## G1-6 Greiðsluáðferðir

Fjöldi útistandandi dómsmála vegna seinkaðra greiðslna **0**

## GOV3 Samþætting sjálfbærnitengdar frammistöðu í hvatakerfi

Fá framkvæmdastjórn formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni?

Í 7. grein starfskjárestefnu bankans kemur fram að bankinn heimilar ekki kaupauka.

## G1-4 Staðfest atvik vegna spillingar eða mútubægni

Fjöldi sakfellinga fyrir brot á lögum um spillingu og mútur **0**

Fjöldi staðfesta atvika vegna spillingu eða mútubægni **0**

## Aðrir mikilvægismælikvarðar út frá atvinnugrein

Framfylgir fyrirtækið persónuverndarstefnu?

Persónuverndarstefna bankans er ítarleg og aðgengileg á vef bankans. Persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga eru mikilvægir þættir í starfsemi Íslandsbanka og bankinn tekur alvarlega þær skyldur sem þeim fylgja.

Birtir fyrirtækið sjálfbærnisráðgjöf?

Íslandsbanki birtir árs- og sjálfbærnisráðgjöf á hverju ári.

Inniheldur skýrslugjöf fyrirtækisins til stjórnvalda gögn um sjálfbærni?

Bankinn veitir upplýsingar til Seðlabanka Íslands um sjálfbærni.

Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti?

Íslandsbanki veitir upplýsingar um sjálfbærni meðal annars til CDP, UN Global Compact og UN Environmental Programme - Financial Initiative.

Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?

Íslandsbanki leggur áherslu á að styðja við fjögur af heimsmarkmiðum SP um sjálfbæra þróun: #4 menntun fyrir alla, #5 jafnrétti kynjanna, #9 nýsköpun og uppbygging, #13 aðgerðir í loftslagsmálum

Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?

Íslandsbanki hefur sett sér sjálfbærnimarkmið til ársins 2025 með tengingu við heimsmarkmið SP.

Hefur fyrirtækið skoðað UFS áhættu tengda ólíklegum en stórbrotnum atburðum?

Já, sem hluta af innri álagsprófum.

Hefur fyrirtækið skoðað langtímaáhættu tengda UFS þáttum?

Já, sjá nánar í áhættuskýrslu fyrir árið 2024.

Framfylgir fyrirtækið samkeppnisréttaráætlun?

Framfylgir fyrirtækið stefnu um hagsmunaráætlun?

Framfylgir fyrirtækið stefnu um meðhöndlun kvartana?

Hvaða skuldbindingar, eða sáttmála hefur fyrirtækið gengist undir tengt UFS málum?

UN Global Compact, UN Principles for Responsible Banking, CDP, NZBA, TCFD, PCAF, UN Principles for Responsible Investments (Íslandsjóðir), Loftslagsmarkmið Festu og Reykjavíkurborgar frá árinu 2015, Iceland SIF.



# Góðir stjórnarhættir

Eitt af meginmarkmiðum stjórnar Íslandsbanka er stöðug þróun og styrking stjórnarháttanna bankans. Stjórn bankans hefur einsett sér að vera framúrskarandi í góðum stjórnarháttum og að stjórnarhættir bankans samræmist því regluverki sem um starfsemina gildir, alþjóðlega viðurkenndum viðmiðum og bestu framkvæmd á sviði stjórnarháttanna. Þannig er innra regluverk bankans endurskoðað reglulega með tilliti til viðeigandi breytinga í innra og ytra umhverfi bankans.

## Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja

Stjórnarhættir Íslandsbanka eru í samræmi við viðurkenndar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja og gerir bankinn árlega úttekt á því hvort stjórnarhættir bankans séu í samræmi við þær. Gerð er nánari grein fyrir stjórnarháttum bankans í stjórnarháttayfirlýsingu.

Stjórnarháttayfirlýsing

## Starfs- og siðareglur

Starfs- og siðareglum bankans er ætlað að stuðla að góðum starfsháttum innan bankans og styðja við regluverk bankans. Reglurnar hafa að geyma mikilvægar leiðbeiningar til starfsfólks meðal annars varðandi áhættumenningu, persónuvernd og tilkynningar um misferli.

Starfs- og siðareglur

## Stefna um hagsmunaárekstra

Á árinu tók stjórn til endurskoðunar stefnu bankans um hagsmunaárekstra. Bankinn leggur ríka áherslu á að allir starfsmenn hans séu meðvitaðir um hættuna á hagsmunaárekstrum hvað starf þeirra varðar og grípi til viðeigandi aðgerða til þess að koma í veg fyrir, eða takast á við, hagsmunaárekstra í starfsemi bankans.

Stefna um hagsmunaárekstra

## Aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka


Varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka skipa ríkan sess í starfsemi bankans og hefur bankinn einsett sér að koma í veg fyrir að hann eða vörur hans verði notaðar í að þvætta fé eða fjármagna hryðjuverk. Sterkar peningaþvættisvarnir byggjast á öflugum samspili eftirlits starfsfólks og kerfa sem og góðum stjórnarháttum. Auk stefnu bankans um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka starfar starfsfólk samkvæmt verklagi til að draga úr slíkri áhættu og allt starfsfólk bankans fær að minnsta kosti árlega þjálfun og fræðslu um málaflokkinn.

Stefna

## Samkeppnisréttaráætlun

Stjórn Íslandsbanka uppfærði á árinu samkeppnisréttaráætlun bankans. Það er stefna bankans að ástunda virka samkeppni á þeim mörkuðum sem hann starfar og að starfsemin samrýmist þeim skyldum sem leiða af samkeppnislögum á hverjum tíma.

Samkeppnisréttaráætlun





# Stjórnarhættir varðandi sjálfbærni

Skýrt hlutverk og ábyrgð stjórnenda á sviði sjálfbærni tryggir reglulega eftirfylgni með málaflokknum og styrkir getu bankans til að takast á við áskoranir og tækifæri sem honum fylgja.

## Hlutverk stjórnar og framkvæmdastjórnar

Stjórn Íslandsbanka samþykkir sjálfbærnistefnu og sjálfbærnimarkmið bankans og ákvarðar áhættuvilja bankans hvað varðar sjálfbærnitengda áhættu. Stjórninni er reglulega gerð grein fyrir lykilmálum tengdum sjálfbærni og stöðu sjálfbærs fjármögnunarramma bankans. Stjórnarháttá- og mannauðsnefnd stjórnar, styður stjórn bankans með því að hafa yfirsýn yfir lykilmál tengd sjálfbærni.

Bankastjóri ber ábyrgð á innleiðingu sjálfbærnistefnu og hefur skipað sjálfbærniefnd sem lykilaðila í stjórnarháttum tengdum sjálfbærni. Þá ber framkvæmdastjórn ábyrgð á framkvæmd sjálfbærnimarkmiða og að viðeigandi reglur og verklag innan starfssviðs þeirra séu í samræmi við sjálfbærnistefnuna.

## Sjálfbærniefnd

Sjálfbærniefnd er ein af viðskiptanefndum bankans og er formlegur vettvangur fyrir rýni og umræðu um mál er varða sjálfbærnistefnumörkun bankans og skuldbindingar bankans sem snúa að sjálfbærni. Nefndin fjallar um og hefur skoðun á innleiðingu sjálfbærnistefnu bankans og gætir að samþættingu sjálfbærni við viðskiptastefnu og áhættustýringu bankans í samræmi við sjálfbærnistefnu bankans. Jafnframt fjallar nefndin um áhrif laga og reglna á sviði sjálfbærni á starfsemi bankans og undirbúningu breytinga í starfsemi bankans til samræmis við viðeigandi kröfur. Nefndin gegnir eftirlitshlutverki varðandi notkun á sjálfbærum fjármögnunarramma innan bankans og gefur álit á sjálfbærnimarkmiðum og aðgerðaráætlun þeim tengdum.

Í sjálfbærniefndinni sitja meðal annars bankastjóri, forstöðumaður í áhættustýringu og forstöðumaður stefnumótunar og sjálfbærni. Nefndin er upplýst um framgang allra sjálfbærnimarkmiða bankans að minnsta kosti ársfjórðungslega og er þá sérstaklega fjallað um aðgerðir til þess að bregðast við stöðu þar sem framgangur er undir áætlun.



### Sjálfbærniupplýsingagjöf

Íslandsbanki leggur áherslu á gagnsæi í upplýsingagjöf á sviði sjálfbærni. Kolefnisspor af lánasafni bankans fyrir árin 2019 til 2024 hefur verið birt í samræmi við PCAF aðferðafræðina. Þá voru Íslandssjóðir, dótturfyrirtæki Íslandsbanka, fyrsta sjóðastýringarfyrirtæki landsins til þess að birta fjármagnaðan útblástur eigna í stýringu.

Íslandsbanki birtir loftslagsmarkmið fyrir árið 2030 í samræmi við aðferðafræði NZBA. Þá hefur bankinn staðið skil á mælingum á kolefnisspori frá rekstri og lánasafni bankans inn til Climate Disclosure Project, umfangsmesta gagnasafns heims yfir umhverfisáhrif fyrirtækja, og gefið skýrslu í samræmi við viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (UN PRB). Íslandsbanki hefur fengið takmarkað álit óháðs ytri aðila á völdum sjálfbærniupplýsingum í árs- og sjálfbærniskýrslu Íslandsbanka vegna ársins 2024, líkt og fyrri ár. Í ár er sérstök merking við þær blaðsíður sem hafa hlotið staðfestingu með takmarkaðri vissu frá KPMG.

### Samskipti við birgja

Íslandsbanki uppfærði á liðnu ári siðareglur fyrir birgja. Uppfærslan tók mið af reynslu af fyrri siðareglum bankans fyrir birgja sem og nýjum kröfum þar að lútandi. Þeir birgjar sem bankinn óskar eftir að skrifi undir siðareglur fyrir birgja standa samanlagt að

80% af kostnaði bankans. Í lok árs 2024 höfðu 92% birgja skrifað undir siðareglurnar sem er aðeins undir markmiði bankans að fá undirskrift frá öllum birgjum sem falla undir siðareglurnar. Bankinn stefnir á að 100% viðeigandi birgja staðfesti siðareglurnar árið 2025.

Bankinn horfir til sjálfbærniþátta í öllum innkaupum bankans. Þá skal sjálfbærni vega að lágmarki 10% í ákvarðanatöku í útboðum bankans vegna innkaupa. Bankinn er ekki með formlega stefnu varðandi greiðsluáðferðir við birgja. Bankinn leggur þó áherslu á tímanlega greiðslu til birgja. Á árinu 2024 hófst vinna við að reikna fjölda daga frá eindaga reiknings birgja þar til bankinn greiddi reikninginn ásamt hlutfalli þeirra reikninga sem greiddir voru samkvæmt greiðsluskilmálum. Bankinn mun birta þær niðurstöður að ári liðnu.

Á árinu sem er að liða var lögð áhersla á að stjórnarhætti tengda sjálfbærni. Á meðal þeirra verkefna sem ráðist var í var að samþykka stefnu um varnir gegn mútupægni og spillingu og auka aðkomu sjálfbærni að vöruframboði bankans. Var það meðal annars gert með því að bæta við aðkomu sérfræðings í sjálfbærni inn í ferli vegna samþykkt á nýjum vörum og markverðum breytingum á vöruframboð.



# Þátttaka starfsfólks og sjálfbærnimenning

Þátttaka starfsfólks er lykilatriði í að ná sjálfbærnimarkmiðum bankans og skapa fyrirtækjamenningu sem styður við vegferðina.



## Starfsfólk réttir fram Hjálparhönd

Íslandsbanki hefur í meira en tíu ár boðið starfsfólki sínu að leggja sitt af mörkum til góðgerðarmála. Starfsfólk bankans getur varið einum vinnudegi á ári í þágu góðs málefnis, en verkefnið ber heitið Hjálparhönd.

Að þessu sinni lögðu 75 manns fram Hjálparhönd í fjölbreytt verkefni, svo sem í jólagjafaúthlutun og innþökkun hjá Mæðrastyrksnefnd, aðstoð hjá Bleiku slaufunni og gæslu í Mottumarshlaupinu. Margar deildir bankans hafa um árabíl stutt við sama málefni eða félagasamtök, en til að mynda hefur hópur starfsfólks tekið til hendinni við jólaþríf í Ljósinu á hverri aðventu síðan 2016.

Hjálparhönd

## Samfélagsstyrkir og met í Reykjavíkumaraþoni

Við styðjum við valin verkefni sem efla samfélagið og vernda umhverfið með því að styrkja fólk, félagasamtök og fyrirtæki sem stuðla að jákvæðri samfélagsþróun.

Íslandsbanki gerðist aðalstyrktaraðili verkefnis á vegum Krabbameinsfélagsins sem snýr að kaupum á sérhæfðri stafrænni bókunarlausn fyrir Brjóstamiðstöð Landspítala. Á árinu 2024 var þátttaka kvenna í brjóstaskimun ekki nema 56%, þar af aðeins 16% þátttaka hjá konum af erlendum uppruna, en með skimunum er hægt að greina brjóstakrabbamein áður en það veldur einkennum.

Annað árið í röð var slegið met í áheitasöfnun Reykjavíkumaraþons Íslandsbanka þegar söfnuðust rúmlega 257 milljónir króna en árið á undan söfnuðust 199 milljónir króna. Afraksturinn rennur til þeirra góðgerðarfélaga sem skráð eru hjá hlaupinu.

Bankinn er jafnframt aðalstyrktaraðili Reykjavíkumaraþons, sem er stærsta góðgerðarsöfnun landsins. Íslandsbanki greiðir allan kostnað við vef Hlaupastyrks og söfnun áheita og renna þau því óskert til félaganna.

Að þessu sinni voru skráðir til þátttöku 14.646 hlauparar á öllum aldri og öllum kynjum. Uppselt var í bæði hálf t maraþon og 10 km hlaup.

# Sjálfbærnimarkmið fram á veginn

Sjálfbærnimarkmið Íslandsbanka eru samþykkt af stjórn og hafa skýra tengingu við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna auk þess að samræmast öðrum alþjóðlegum viðmiðum. Undirmerkið fyrir árið 2025 eru í samræmi við grunn að tvöfaldri mikilvægisgreiningu bankans hefur áhersla verið lögð á loftslagsbreytingar, neytendur og viðskiptavini og jafnréttismál úr fyrri áhrifagreiningu bankans, en þar telur bankinn sig hafa mest tækifæri til að vera hreyfiafl til góðra verka.

Á árinu 2025 mun bankinn uppfæra sjálfbærnimarkmiðin og setja ný sjálfbærnimarkmið til 2030.



## Sjálfbærnimarkmið 2020-2025

## Undirmerkið fyrir árið 2025<sup>1</sup>



### Umhverfismál

#### 1. Kolefnislutleysi að fullu fyrir árið 2040

Halda að minnsta kosti 25 fundi með stórum fyrirtækjum til þess að ræða sjálfbærni og kolefnislutleysi.

Fræða lítil og meðalstór fyrirtæki um sjálfbærni og kolefnislutleysi.

#### 2. Þjóða upp á sjálfbært vöruframboð

Hluttur sjálfbærra eigna hjá Einstaklingssviði náí 10%.

Hluttur sjálfbærra fyrirtækjalána náí 15%.

#### 3. Hvetja til fjölbreytileika og þátttöku allra með vöruframboði

Meta kynjahlutfall íslenskra lítilla og meðalstórra fyrirtækja út frá eignarhaldi og stjórn og greina hlutfall í lánasafni viðskiptabankasviðs og setja fram aðgerðaráætlun.

Auka aðgengi að stafrænum lausnum fyrir ólíka hópa sem ekki ná að nýta sér núverandi lausnir.



### Félagslegir þættir

#### 4. Fjölbreytileiki og þátttaka allra á vinnustað

Draga úr mismuni meðaltals launa kynjanna um 1% á hverju ári næstu fimm ár.<sup>2</sup>

Stuðningur við aðila sem þurfa aðstoð við að komast inn á vinnumarkað.

#### 5. Samstarf við birgja

Viðhalda samþykki allra stórra birgja á siðareglum birgja og styrkja utanumhald um sjálfbærnimál birgja.

Hitta 10 birgja á mismunandi sviðum bankans til þess að ræða sjálfbærnimál.



### Stjórnarþættir

#### 6. Mæla sjálfbærniáhættu, skilgreina ábyrgð á málaflökk og auka við upplýsingagjöf

Viðhalda árangri í UFS áhættumötum lántaka.

Áframhaldandi þróun og styrking á ferli við UFS áhættumat lántaka og á matinu sjálfu.

#### 7. Skýrir og sterkir stjórnarþættir

Enn frekari framþróun, sjálfvirknivæðing og styrking varna gegn peningabætti og hryðjuverkum og svikavörnum



#### 8. Styðja við fjögur af heimsmarkmiðum SP

Úthlutun úr Frumkvöðlasjóði á bilinu 40-50 milljónir króna til að styðja við frumkvöðla og ýta undir nýsköpun á Íslandi.

Auka þekkingu starfsfólks þvert á bankann á Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og sjálfbærri þróun.

<sup>1</sup> Árleg undirmerkið byggja á vinnu deilda og eininga bankans sem á sér stað sem hluti af árlegri förm ára áætlunargerð.  
<sup>2</sup> Gildir um allt fastráðið starfsfólk







# Efnahagságríp



# Efnahagságrip

Árið 2024 var ár hagsveifluskila í íslensku hagkerfi eftir kraftmikið vaxtarskeið árin á undan. Óhagstætt framlag utanríkisviðskipta vó á móti hóflegri aukningu innlendar eftirspurnar og skrapp landsframleiðsla lítillega saman á milli ára. Minnkandi spenna einkenndi bæði íbúðamarkað og vinnumarkað. Verðbólga hjaðnaði talsvert á árinu og vaxtalækkunarferli fór af stað á lokafjórðungi ársins. Horfur eru á að hagvöxtur glæðist á ný á þessu ári þótt vöxturinn verði trúlega fremur hóflegur í sögulegu ljósi. Aðlögun að jafnvægi mun áfram einkenna hagkerfið og hjaðnandi verðbólga mun liðka fyrir áframhaldandi lækkun vaxta á árinu.

## Árið 2024

Árið 2024 einkenndist af aðlögun íslenska hagkerfisins að jafnvægi eftir hraðan hagvöxt árin á undan. Á fyrstu níu mánuðum ársins skrapp verg landsframleiðsla (VLF) saman um 1% frá sama tímabili árið áður. Samdrátturinn skýrist af óhagstæðu framlagi utanríkisviðskipta þar sem útflutningur skrapp saman um ríflega 2% milli ára en innflutningur jókst um rúma prósentu á sama tíma. Þjóðarútgjöld uxu hins vegar um 0,6% á tímabilinu þar sem tæplega 4% vöxtur fjárfestingar og nærri 3% raunaukning samneyslu dró vaxtarvagninn en einkaneysla var nánast óbreytt milli ára.

Hlé á vexti einkaneyslu skýrist ekki síst af lítilli aukningu kaupmáttar launa, áhrifum hækkandi raunvaxta á neyslu og sparnað ásamt lækkandi væntingum almennings til efnahagsþróunar. Hækkandi raunvextir höfðu einnig áhrif á þróun fjárfestingar ásamt mótbyr hjá útflutningsgreinum og vaxandi svartsýni fyrirtækjastjórnenda á efnahagshorfur framan af árinu.

Þjartsýni almennings jafnt sem stjórnenda fyrirtækja jókst hins vegar talsvert á ný á lokafjórðungi ársins og kann það að hafa áhrif til aukningar á innlendri eftirspurn um þessar mundir.

## Hóflegur viðskiptahalli vegna samdráttar í útflutningi

Útflutningsgreinar áttu margar hverjar nokkuð undir högg að sækja á árinu. Samdráttur var í ferðaþjónustu á fyrri helmingi ársins vegna áhrifa jarðhræringa á Reykjanesi, vaxandi samkeppni frá öðrum norðlægum áfangastöðum og hækkandi raungengis. Greinin náði vopnum sínum á seinni árshelmingi og var fjöldi erlendra ferðamanna til landsins svipaður á árinu 2024 og á árinu á undan. Þá varð loðnubrestur og skömmun á orku til álvera til þess að hægja á vexti vöruútflutnings. Á sama tíma hélt innflutningur áfram að vaxa, sér í lagi innflutningur á þjónustu.

Á fyrstu þremur fjórðungum ársins var ríflega 26 milljarða króna halli á viðskiptajöfnuði við útlönd. Er það talsvert lakari niðurstaða en á sama tímabili í fyrra þegar viðskiptaafgangur nam rúmum 63 milljörðum króna. Liggur rötin að þeim viðsnúningi í öllum helstu undirliðum viðskiptajafnaðarins en þyngst vegur 46 milljörðum króna samdráttur í þjónustuafgangi og 35 milljarða króna minni afgangur af jöfnuði frumpáttatekna. Útlit er fyrir að viðskiptahalli á árinu 2024 í heild reynist nokkuð á annað prósent af VLF.



## Vinumarkaður í átt að betra jafnvægi


Íslenskur vinnumarkaður hefur einkennst af mikilli spurn eftir vinnuafli undanfarin ár. Á síðasta ári dró þó jafnt og þétt úr spennu á vinnumarkaði. Atvinnuleysi þokaðist lítillega upp á við og nam að jafnaði 3,5% af vinnuafli samanborið við 3,2% árið áður. Á sama tíma lækkaði hlutfall þeirra fyrirtækja sem bjuggu við skort á starfsfólki og nokkuð dró úr ráðningaráformum samkvæmt viðhorfskönnunum.

Laun hækkuðu að jafnaði um 6,6% á milli ára og þrátt fyrir talsverða verðbólgu jókst kaupmáttur launa um 0,7% að jafnaði. Kaupmáttaraukningin var meiri hjá þeim sem lægst höfðu launin þar sem kjarasamningar sem í gildi voru á árinu hljóðuðu almennt upp á tiltekna lágmarkshækkun í krónum talið.

## Verðbólga hjaðnaði og vaxtalækkunarferli hófst á árinu


Þrátt fyrir nokkrar sveiflur milli mánaða var gengi krónu að meðaltali nánast það sama á síðasta ári og á árinu 2023 sé miðað við viðskiptavegna gengisvísitölu Seðlabankans. Ársmeðaltal vísitölnnar var þannig rúmlega 195,2 á árinu 2024 en tæplega 195,2 árið áður. Nokkrar sveiflur voru þó á gengi krónu á seinni helmingi ársins þar sem nokkur gengisveiking varð á þriðja ársfjórðungi sem svo gekk til baka á lokafjórðungi ársins. Framangreindar hreyfingar voru þvert á þróun utanríkisviðskipta og trúlega hefur gjaldeyrisflæði tengt fjármagnsjöfnuði og breytingar á framvirkri stöðutöku vegið þyngra.

Verg landsframleiðsla og framlag undirliða  
Magnbreyting frá fyrra ári (%)



Skýggðar sölur og punktalínur: spá Greiningar Íslandsbanka / Heimild: Hagstofa Íslands

Raugengi íslensku krónunnar og viðskiptajöfnuður  
Vísitala og hlutfall af VLF



Skýggðar sölur og punktalínur: spá Greiningar Íslandsbanka / Heimild: Seðlabanki Íslands

Talsverður gangur hefur verið á íbúðamarkaði þrátt fyrir háa vexti, aðhaldssöm lánþegaskilyrði og aukið framboð nýrra íbúða. Þó dró nokkuð úr veltu á markaði eftir því sem leið á árið og birgðatími á markaðinum lengdist, sem er til marks um betra jafnvægi milli kaupenda og seljenda. Alls voru ríflega 3.800 nýjar íbúðir teknar í notkun á árinu, sem jafngildir lítilsháttar aukningu á milli ára. Íbúðaverð hækkaði að jafnaði um ríflega 8% á milli ára og hækkaði verð íbúða því að raunvirði þrátt fyrir talsverða verðbólgu.


Verðbólga hjaðnaði talsvert á árinu 2024, úr 6,7% í ársbyrjun niður í 4,8% í lok árs. Minni eftirspurnarþrýstingur á íbúðamarkaði, hægari hækkun launakostnaðar, kólnun hagkerfisins samhliða hækkandi raunvöxtum og tiltölulega stöðugt gengi krónu voru meðal áhrifaþátta í verðbólguþróuninni.

Seðlabankinn brást við hjaðnandi verðbólgu og minnkandi þenslu í hagkerfinu með lækkun stýrivaxta á lokafjórðungi ársins eftir ríflega ár af óbreyttum stýrivöxtum í 9,25%. Lækkuðu stýrivextir í tvígang á lokamánuðum ársins og námu þeir 8,5% í árslok.

### Horfur á hóflegum vexti, hjaðnandi verðbólgu og lækkun vaxta 2025


Útlit er fyrir að hagvöxtur glæðist á ný á árinu 2025 og nemi 2,2%. Það er þó hóflegur vöxtur í sögulegu tilliti enda mun aðlögun hagkerfisins halda áfram fram eftir árinu. Einkaneysla og útflutningur sækja trúlega í sig

Verðbólga eftir uppruna (%)



Heimild: Hagstofa Íslands

Skuldir heimila, fyrirtækja og hins opinbera % af VLF



Heimild: Seðlabanki Íslands



veðrið á árinu en á móti er útlit fyrir nánast óbreytta fjárfestingu á milli ára.

Ferðaþjónusta mun líklega skila lítilsháttar aukningu í útflutningstekjum í ár miðað við síðasta ár. Leiðandi vísbendingar benda þó til þess að erlendum ferðamönnum til landsins muni ekki fjölga að ráði í ár og verði tæplega 2,3 milljónir. Þá er útlit fyrir nokkurn vöxt í útflutningi á eldisfiski sem og talsverða aukningu í útflutningi á lyfjum og ýmsum öðrum afurðum hugvitsiðnaðar. Hins vegar lítur ekki út fyrir teljandi aukningu í útflutningi hefðbundinna sjávarafurða eða áls. Hraðari vöxtur útflutnings en innflutnings mun líklega skila minnkandi halla á utanríkisviðskiptum á árinu.

Hófligt atvinnuleysi, nokkur aukning kaupmáttar, lækkandi vaxtastig og fólksfjölgun mun að öllum líkindum styðja við einkaneyslu á árinu og gæti vöxtur hennar numið tæplega 3% að raunvirði. Lægri vextir og hægari hækkun kostnaðar ásamt viðvarandi eftirspurn mun að sama skapi styðja við íbúðafjárfestingu en á hinn bóginn eru horfur á lítilsháttar samdrætti í fjárfestingu atvinnuvega þar sem raunvaxtastig er enn hátt og lítill vöxtur útflutnings dregur úr þörf fyrir uppbyggingu í útflutningsgreinum. Á heildina litið er því útlit fyrir að fjármunamyndun verði nærri óbreytt á milli ára.

Laun munu að öllum líkindum hækka hægar á yfirstandandi ári en verið hefur undanfarin ár þar sem minnkandi launaskrið á kólnandi vinnumarkaði bætist við tiltölulega hóflega hækkun samningsbundinna launa. Horfur eru á laun hækki að jafnaði um ríflega 5%. Hjöðnun verðbólgu mun þó verða til þess að kaupmáttur launa eykst um ríflega 1%. Á sama tíma er útlit fyrir að atvinnuleysi aukist áfram lítillega og muni að jafnaði nema 3,8% af vinnuafli á árinu. Hjaðnandi verðbólga og betra jafnvægi í hagkerfinu stuðlar að áframhaldandi lækkun stýrivaxta og eru horfur á að þeir muni lækka niður í 6,5% í árslok.





# Fjármál og fjármögnun



# Fjármál og fjármögnun

Góður vöxtur var í lánasafni bankans á árinu, en það óx samtals um 6% á milli ára. Má rekja aukninguna til allra viðskiptaeininga, þó vöxturinn hafi verið mestur í húsnæðislánunum.



Hátt vaxtastig hefur þó leitt af sér umbreytingu á samsetningu lánasafnsins. Viðskiptavinir hafa þannig endurfjármagnað lán sín í auknum mæli í verðtryggðar krónur, úr óverðtryggðum. Þeir hafa þannig mætt háum og hækkanði afborgunum óverðtryggðra lána sinna og lækkað greiðslubyrði – en á móti dregið úr hraða eignamyndunar. Hefur sú þróun verið jöfn og þétt yfir árið allt, og er nú svo komið að verðtryggðar eignir bankans eru um 193 milljarðar króna umfram verðtryggðar skuldir. Verðtryggt lánasafn bankans er því að nokkru marki fjármagnað með óverðtryggðum skuldum – jafnt innlánunum sem skuldabréfaútgáfum.

Á móti hefur fastvaxta ójöfnuður bankans, sem er tilkominn vegna útlána sem veitt voru í lágu vaxtaumhverfi árána frá 2020 til 2022, minnkað hröðum takti þegar þau lán hafa komið til vaxtaendurskoðunar. Mun meginþorri þessa ójafnaðar hverfa úr bókum bankans á komandi mánuðum.

## Gæði lánsafns áfram mikil og fá ummerki um vaxandi vanskil

Þótt há verðbólga og vextir hafi litað hagkerfi landsins undanfarin ár eru gæði lánsafns bankans bæði stöðug og mikil. Má rekja það til vandaðra útlánaferla bankans og varfærinnar útlánamenningar, sem einkennist af lánveitingum á grundvelli góðra trygginga – en lánasafn bankans er um 94% tryggt með veðum.

Ellert Hlööversson  
Framkvæmdastjóri  
Fjármála



“

## Sterk eiginfjárstaða og gnótt lausafjár

Rekstur Íslandsbanka gekk vel á árinu 2024. Bankinn skilaði hagnaði upp á 24,2 milljarða króna sem jafngildir því að arðsemi eigin fjár hafi numið 10,9% á ársgrundvelli og kostnaðarhlutfall var 43,9% fyrir árið í heild. Var afkoma bankans þannig yfir fjárhagslegum markmiðum, bæði hvað varðar arðsemi eigin fjár og kostnaðarhlutfall, og má þar þakka góðum árangri í öllum rekstrareiningum bankans sem og dótturfélaga. Efnahagur bankans er áfram sterkur, og að meginþætti til samsettur úr lánasafni bankans á móti innlánunum, skuldabréfaútgáfum og eigin fé hans. Vöxtur útlána var góður á árinu, eða um 6%, og vöxtur innlána var um 10%. Fjármögnunarkjör sem bankanum býðst héldu áfram að batna á árinu 2024 og eru nú með hagfelldasta móti sem bankanum hefur boðist í lengri tíma. Eiginfjárhluftöll eru sterk og umtalsvert yfir bæði okkar markmiðum og kröfum eftirlitsaðila og mikið svigrúm til staðar. Gildistaka CRR3, sem er ráðgerð á árinu 2025, mun að líkindum auka það svigrúm enn frekar. Bankinn hefur sett sér það markmið að straumlínulaga eigið fé sitt, ýmist með vexti og/eða útgreiðslum til hluthafa.

Hlutfall lána á stigi þrjú nam um 1,8% allt fram til loka þriðja ársfjórðungs 2024, þegar hlutfallið lækkaði í 1,6% þar sem það hefur haldist síðan. Hlutfall lána á stigi tvö jókst á síðasta fjórðungi ársins 2023, sem má einkum rekja til eldsumbrota í Grindavík, en hefur haldist að mestu stöðugt síðan.


Á árinu 2024 tekjufærði bankinn samtals 645 milljónir króna úr virðisrýrnunarsjóði sínum. Er þar einkum um að ræða endurkvörðun líkana bankans sem og breyttra efnahagsforsendna, samhliða því sem verðbólga hefur hjaðnað og vextir tekið að lækka.

### Fjármögnun hefur gengið vel


Þrátt fyrir óvissu á mörkuðum samhliða og í kjölfar heimsfaraldurs Covid-19 hefur bankinn í gegnum undanfarin ár sýnt stöðugt aðgengi að mörkuðum, þó fjármagnskjör hafi á köflum verið há. Sýnir það glögglega sterka stöðu bankans að mati fjárfesta hérlandis sem erlendis, sem endurspeglast í sterkum lánshæfismötum bankans frá alþjóðlegu lánshæfismatsfyrirtækjunum Moody's Ratings og S&P Global.

Á árinu 2024 gaf bankinn út skuldabréf í evrum sem og norskum og sænskum krónum, auk íslenskra króna. Kjör bankans hafa farið batnandi eftir því sem leið á árið sem er til marks um traust fjárfesta á bankanum og hagstæðar markaðsaðstæður. Í byrjun janúar 2025 gaf bankinn síðan aftur út í norskum og sænskum krónum á hagstæðustu kjörum sem bankanum hefur boðið um árabíl – en vaxtaálag þeirra útgáfa nam á bilinu 98 til 120 punkta á grunnvexti, eftir mynt og tímalengd.

Hagnaður eftir skatta  
(m. kr.)




Heildareignir  
(ma. kr.)




— Áhættuvegnar eignir / heildareignir



Eignagæði



Arðsemi eigin fjár





Eiginfjárlutfall<sup>1)</sup>Vogunarlutfall<sup>1)</sup><sup>1)</sup>Áð meðtöldum 1F24 hagnaði fyrir 31.3.24.

Innlán viðskiptavina bankans jukust um 10% á árinu 2024, og var mestur vöxtur frá einstaklingum og öðrum innlánseigendum í LCR 10% flokki. Hávaxta sparnaðarvörur bankans, á borð við Ávöxtun, nutu þar mestra vinsælda.

**Hreinar vaxtatekjur litast af háum verðbólguójöfnuði**

Samhliða því sem verðtryggður ójöfnuður hefur aukist, gætir aukinna áhrifa af verðbólgu, mánuð fyrir mánuð, á vaxtatekjur bankans. Á móti ráðast vaxtagjöld, einkum tengd innlánnum, fyrst og fremst af vaxtastigi í landinu. Einkum af þeim sökum drógust hreinar vaxtatekjur bankans saman á árinu um 2,8% samanborið við fyrra ár. Samhliða því sem verðbólga hjaðnar og vaxtastig leitar nýs jafnvægis býst bankinn við að neikvæð áhrif af verðtryggðum ójöfnuði hverfi úr bókum bankans.

En staða hagkerfisins hafði einnig áhrif á þóknatekjur bankans. Þannig voru umsvif á verðbréfamarkaði lítil framan af árinu en jukust verulega á síðari hluta þess, með tilheyrandi aukningu í þóknunum af fjárfestingarbankastarfsemi. Sömu áhrif mátti sjá á eignastýringu og tekjur af greiðslumiðlun og kortanotkun.

**Sterk eiginfjárstaða og gnótt lausafjár**

Um miðbik ársins birti fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands ákvörðun sem leiðir til heildareiginfjárkröfu fyrir Íslandsbanka, sem nemur nú 19,7% af áhættugrunni, og þar af skal 15,4% vera á formi almenns eigin fjár þáttar 1 (CET1). Við lok ársins var CET1 hlutfall bankans 20,1%, eða 270 punktum yfir miðpunkti stjórnendaauka bankans. Markmið bankans er að viðhalda stjórnendaauka sem er 1-3 prósentustigum yfir ytri kröfum.

Býr bankinn því yfir umfram eiginfé að fjárhæð um 28 milljarða króna, að gefinni hagkvæmstu samsetningu eiginfjár. Til viðbótar býst bankinn við því að á árinu 2025 taki gildi breytingar á eiginfjárreglugerðinni CRR3. Metur bankinn áhrif af breyttu regluverki sem svo að áhættugrunnur hans lækki um því sem nemur um 5%, og eykst við það umfram eigið fé bankans í tæplega 37 milljarða króna.

Að sama skapi eru lausafjárlutföll bankans vel yfir markmiðum sem og kröfum eftirlitsaðila, og ræður þar bæði sterkur vöxtur innlánasafns og góður og hagfelldur aðgangur að skuldabréfamörkuðum á undanförunum misserum.

Á árinu 2024 var bankinn virkur í endurkaupum eigin hlutabréfa og keypti á árinu eigin hluti fyrir samtals um 9,1 milljarð króna. Stjórn bankans mun leggja til við aðalfund að greiddur verði 12,1 milljarður króna í arð til hluthafa, í takti við arðgreiðslustefnu bankans. Þá hefur bankinn einnig sett sér það markmið að straumlínulaga eigið fé sitt, ýmist með vexti eða með útgreiðslum til hluthafa.



# Stjórnskipulag

Stjórnskipulag

Stjórn og undirnefndir stjórnar

Stjórn bankans

Bankastjóri og ráðgefandi nefndir

Framkvæmdastjórn bankans



# Stjórnskipulag

Stjórnun og yfirlit yfir Íslandsbanka skiptast á milli hluthafa, stjórnar og bankastjóra í samræmi við samþykktir bankans og viðeigandi lög og reglur.

## Samþykktir Íslandsbanka


Samþykktir Íslandsbanka kveða meðal annars á um tilgang bankans, hlutafé, hluthafafundi, kosningu stjórnar og skyldur hennar.

Samþykktir Íslandsbanka

## Eignarhald bankans

Hlutabréf í bankanum eru skráð á aðalmarkað Nasdaq Iceland. Bankinn birtir á vefsíðu sinni lista yfir hluthafa bankans sem eiga eignarhlut yfir 1%.

Hluthafar Íslandsbanka



## Stjórn og undirnefndir stjórnar

Stjórn Íslandsbanka ber ábyrgð á stefnumörkun bankans og felur bankastjóra nánari útfærslu og framkvæmd hennar. Stjórn hefur eftirlit með starfsemi bankans og að hún sé í samræmi við lög og reglur sem um starfsemi hans gilda, góða viðskipta- og stjórnarhætti og þær reglur sem stjórn hefur sett um starfsemi bankans.

### Stjórn Íslandsbanka

Á aðalfundi hvers árs eru kosnir sjö einstaklingar, auk tveggja varamanna, í stjórn bankans til eins árs í senn. Nánar er kveðið á um störf stjórnar í starfsreglum stjórnar.

Starfsreglur stjórnar

### Undirnefndir stjórnar

Til þess að styðja við þróun, innleiðingu og eftirlit með viðfangsefnum stjórnar sem krefjast aukinnar sérþekkingar eða athygli skipar stjórn sérstakar undirnefndir stjórnar sem starfa samkvæmt erindisbréfi frá stjórn. Nefndirnar eru þrjár og eru allar skipaðar stjórnarmönnum, auk eins utanaðkomandi nefndarmanns í endurskoðunarnefnd.

Erindisbréf nefndanna eru aðgengileg á vef bankans.

Áhættunefnd

Endurskoðunarnefnd

Stjórnarháttá- og mannauðsnefnd





# Stjórn bankans



**Linda Jónsdóttir**

Stjórnarmaður og  
formaður stjórnar  
frá júlí 2023



**Agnar Tómas Möller**

Stjórnarmaður  
frá mars 2023



**Haukur Örn Birgisson**

Stjórnarmaður  
frá júlí 2023



**Helga Hlín Hákonardóttir**

Stjórnarmaður  
frá júlí 2023



**Stefán Pétursson**

Stjórnarmaður og  
varaformaður stjórnar  
frá júlí 2023



**Stefán Sigurðsson**

Stjórnarmaður  
frá mars 2024



**Valgerður Hrunn Skúladóttir**

Stjórnarmaður  
frá mars 2024

Smellið hér fyrir nánari  
upplýsingar um stjórn  
bankans



## Bankastjóri og ráðgefandi nefndir

Bankastjóri ber ábyrgð á að rekstur og starfsemi bankans sé, á hverjum tíma, í samræmi við samþykktir bankans, samþykktu stefnu, fyrirmæli stjórnar og viðeigandi lög.

Bankastjóri ræður framkvæmdastjóra yfir starfssvið bankans og skipar nefndarmenn í ráðgefandi nefndir bankastjóra. Ráðgefandi nefndir bankastjóra skiptast í stefnumótunarnefndir, sem sjá um innleiðingu á stefnu stjórnar, og viðskiptanefndir, sem taka afstöðu til einstakra viðskiptaerinda.

Framkvæmdastjórn og áhættustefnunefnd teljast til stefnumótunarnefnda og taka lykilákvarðanir er varða innleiðingu á þeirri stefnu sem mörkuð er af stjórn. Í þeim eiga sæti allir framkvæmdastjórar bankans auk annarra stjórnenda sem skipaðir eru af bankastjóra.

Framkvæmdastjórn hefur yfirsýn og samhæfir lykilþætti í starfsemi Íslandsbanka og fer með ákvörðunarvald í þeim málefnum bankans sem bankastjóri felur henni í samræmi við stefnu, markmið og áhættuvilja stjórnar.

Áhættustefnunefnd tekur lykilákvarðanir er varða innleiðingu á umgjörð áhættustýringar og innra eftirlits og hefur eftirlit með því að áhættusnið bankans sé innan ramma yfirlýsingar stjórnar um áhættuvilja.

Viðskiptanefndir bankans taka afstöðu til einstakra viðskipta- eða rekstrarerinda í samræmi við stefnu, reglur og önnur mörk sem samþykkt hafa verið af stjórn, framkvæmdastjórn eða áhættustefnunefnd. Viðskiptanefndir bankans eru yfirlánanefnd, efnahagsnefnd, fjárfestinganefnd, rekstrar- og öryggisnefnd, sjálfbærnnefnd og stafræn vörunefnd.



# Framkvæmdastjórn bankans



**Jón Guðni  
Ómarsson**  
Bankastjóri



**Barbara Inga  
Albertsdóttir**  
Framkvæmdastjóri  
Regluvörslu



**Ellert Hlökkversson**  
Framkvæmdastjóri  
Fjármála



**Guðmundur Kristinn  
Birgisson**  
Framkvæmdastjóri  
Áhættustýringar



**Kristín Hrönn  
Guðmundsdóttir**  
Framkvæmdastjóri  
Fyrirtækja og fjárfesta



**Ólöf Jónsdóttir**  
Framkvæmdastjóri  
Einstaklinga



**Riaan Dreyer**  
Framkvæmdastjóri  
Stafrænnar þróunar  
og gagna



**Una Steinsdóttir**  
Framkvæmdastjóri  
Viðskiptabanka

Smellið hér fyrir  
nánari upplýsingar um  
framkvæmdastjórn bankans



# Takmörkuð staðfesting óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Íslandsbanka hf.



## Takmörkuð staðfesting á tilteknum upplýsingum í sjálfbærnisráðgjafi Íslandsbanka hf. fyrir árið 2024.

### Niðurstaða

Við vorum ráðin af Íslandsbanka hf. (hér eftir Íslandsbanki eða bankinn) til að veita óháða takmarkaða staðfestingu (e. limited assurance) á tilteknum upplýsingum í sjálfbærnisráðgjafi Íslandsbanka hf. fyrir árið 2024 (hér eftir upplýsingarnar eða sjálfbærniupplýsingarnar). Upplýsingarnar eru settar fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq, mælikvarða GRI, viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN Principles for Responsible Banking) og heimsmarkmið SP.

### Staðfestar upplýsingar

- Útlán undir sjálfbærum fjármögnunarramma á bls. 46
- Mælikvarðar um áhrif sjálfbærrar fjármögnunar, bls. 47
- UFS uppgjör bankans, sem snýr að:
  - Umhverfisþáttum
    - Umhverfisuppgjör, bls. 48
    - Fjármagnaður útblástur, bls. 49 í samræmi við PCAF aðferðarfræðina
    - Upplýsingum í skifuriti á bls. 51 um 5 stærstu losunarvalda
  - Félagslegum þáttum á bls. 52
  - Stjórnarháttum á bls. 59
- Sjálfsmatsskýrslu Íslandsbanka um fylgni við viðmið um ábyrga bankastarfsemi (PRB) fyrir árið 2024, samkvæmt sniðmáti sem gefið er út af UNEP FI í október 2024.

Byggt á aðgerðum okkar og þeim gögnum sem við höfum aflað, kom ekkert fram sem bendir til annars en að framsetning staðfesta upplýsinga í sjálfbærnisráðgjafi Íslandsbanka hf. fyrir árið 2024 sé í öllum megin atriðum í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq, mælikvarða GRI, viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi og heimsmarkmið SP og þeim gögnum sem liggja til grundvallar sjálfbærniupplýsingunum.

### Grundvöllur niðurstöðu

Staðfesting okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal um staðfestingar, ISAE 3000 (Revised) Assurance Engagements other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, sem gefinn var út af International Auditing and Assurance Standards Board (IAASB). Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst frekar í kaflanum „Ábyrgð okkar“ hér á eftir.

Við höfum uppfyllt kröfur um óháði og aðrar siðareglur sem fram koma í alþjóðlegum siðareglum fyrir endurskoðendur og eru Code of Ethics for Professional Accountants ásamt alþjóðlegum stöðlum um óháði eða International Independence Standards, sem er gefið var út af International Ethics Standards Board for Accountants (IESBA).

KPMG fylgir alþjóðlegum gæðastaðli, International Standard on Quality Management (ISQM) 1, Quality Management for Firms that Perform Audits or Reviews of Financial Statements, or Other Assurance or Related Services Engagements, sem gefinn var út af IAASB og hefur því innleitt viðtækt gæðakerfi, þar á meðal um að hafa skráðar stefnur og verklag varðandi fylgni við siðareglur, faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Við teljum að við höfum aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja niðurstöðu okkar á.

### Samanburðarupplýsingar

Upplýsingar vegna ársins 2023 voru staðfestar með takmarkaðri vissu af öðrum endurskoðanda. Staðfesting hans er dagsett 8. febrúar 2024 og er án fyrirvara.

### Ábyrgð á sjálfbærniupplýsingunum

Sjálfbærniupplýsingarnar eru lagðar fram af stjórnendum bankans. Stjórnendur bera ábyrgð á þeirri ákvörðun að setja upplýsingarnar fram í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq, mælikvarða GRI, viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN Principles for Responsible Banking) og heimsmarkmið SP. Þeir bera ábyrgð á að hanna, innleiða og viðhalda innra eftirliti vegna upplýsinga sem viðeigandi eru til að útbúa sjálfbærniupplýsingarnar í samræmi við UFS leiðbeiningar Nasdaq, mælikvarða GRI, viðmið Sameinuðu þjóðanna um ábyrga bankastarfsemi (e. UN Principles for Responsible Banking) og heimsmarkmið SP. Einnig bera þeir ábyrgð á söfnun, greiningu og framsetningu upplýsinga sem settar eru fram í sjálfbærniupplýsingunum og að þær séu án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Þá eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að starfsfólk sem kom að vinnslu og framsetningu sjálfbærniupplýsinganna hafi hlotið viðeigandi þjálfun og að upplýsingakerfi séu viðeigandi.

### Ábyrgð okkar

Ábyrgð okkar er að veita óháða takmarkaða staðfestingu á tilteknum upplýsingum í sjálfbærnisráðgjafi bankans. Okkur ber að skipuleggja og haga vinnu okkar svo unnt sé að veita takmarkaða staðfestingu um hvort sjálfbærniupplýsingarnar séu í öllum meginatriðum án verulegra annmarka hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Okkur ber að setja fram sjálfstæða niðurstöðu byggða á þeim gögnum sem við höfum aflað og þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og miðla niðurstöðum okkar til stjórnar Íslandsbanka.

Aðgerðir sem framkvæmdar voru til að byggja undir niðurstöðu okkar Við staðfestinguna beittum við faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Við skipulögðum og framkvæmdum aðgerðir til að afla nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja niðurstöðu okkar á. Val á aðgerðum byggði á þekkingu okkar á sjálfbærniupplýsingunum og öðrum aðstæðum, ásamt mati okkar á hættu á verulegri skekkju. Aðgerðir okkar voru eftirfarandi:

- Að afla upplýsinga, einkum frá því starfsfólki sem var ábyrgt fyrir þeim upplýsingum er fram koma í sjálfbærniupplýsingunum, greina, meta og afla staðfestinga eftir því sem við á.
- Fyrirspurnir til stjórnenda og annars viðeigandi starfsfólks til að öðlast skilning á ferli bankans við gerð og yfirferð sjálfbærniupplýsinganna.

Aðgerðum sem beitt er við takmarkaða staðfestingu eru mismunandi að eðli og umfangi, og eru umfangsminni en þegar veitt er staðfesting með hæfilegri vissu. Því er vískað sem fæst með takmarkaðri staðfestingu miklu minni en náðst hefði ef staðfesting með hæfilegri vissu hefði verið unnin.

Reykjavík, 13. febrúar 2025

**KPMG ehf.**  
**Hrafnhildur Helgadóttir**  
endurskoðandi



